




SKOÐUN Einkavæddar heilbrigðisstofnanir senda hagnað í skattaskjól. **15**



MENNING Djömmum í skúrnum á morgnana en í Múlanum í kvöld. **22**



LÍFID Skriller kom gagnert til landsins til að sjá Diktu. **24**



SPORT Aníta hefur byrjað fjögur ár í röð á því að setja nýtt Íslandsmet. **26**

ÓDÝRARI FARGJÖLD
Á WOWAIR.IS



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

11. febrúar 2015
35. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Bláa lónið verður að fordæmi í Níkaragva

Danskur athafnamaður vill fá aðstoð Íslendinga svo íbúar í Níkaragva geti nýtt jarðvarma í meira mæli. Hann telur raunhæft að gera það lón fyrir ferðamenn með Bláa lónið að fyrirmynd. **4**

FRÉTTIR

Skilinn eftir Þórður Guðlaugsson er spastískur og með þroskahömlun. Hann var skilinn eftir í Kópavogi í gær. **2**

Grænt ljós á leynigögn Fjármálaráðherra og skattannsóknarstjóra ber ekki saman um hver setti það skilyrði við kaup á gögnum úr skattaskjólum að greiðsla yrði árangurstengd. **4**



Bolungarvík	-8°	SA	6
Akureyri	-6°	V	8
Egilsstaðir	-6°	NV	8
Kirkjubæjarkl.	-5°	V	5
Reykjavík	-2°	V	7

SKAPLEGT VEÐUR Í dag verða víðast vestan 5-10 m/s en 8-15 A-til. Víða dálítill el en þurrt og bjart eystra. Frost 0-10 stig, kaldast inn til landsins. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | 112 dagurinn | Fólk



Hegðun loðnunnar undarleg en ekkert fé er til rannsókna

Helsti loðnusérfræðingur Hafrannsóknastofnunar segir það óforsvaranlegt að vera ekki á loðnuslóðum við rannsóknir nú þegar óvissan sé mikil. Forstjóri Hafró tekur undir það en segir fjármagn ekki vera fyrir hendi.

SJÁVARÚTVEGUR „Þetta er svo óvenjulegt að það er óforsvaranlegt að vera ekki á svæðinu við rannsóknir, og til að fylgjast náið með þessu,“ segir Sveinn Sveinbjörnsson, sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, um þróun loðnuvertíðarinnar, en loðnan heldur sig norður af landinu ólíkt því sem hún hefur löngum gert á þessum tíma árs.



JÓHANN SIGURJÓNSSON

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru sjómenn ekkert allt of bjartsýnir á að 400.000 tonna

loðnukvóti náist allur, en válynd veður og fyrrnefnd hegðun loðnunnar hafa sett strik í reikninginn.

Um 70.000 tonn eru komin á land, eða tæp 20% samkvæmt stöðulista Fiskistofu. Hagsmunirnir eru gífurlegir – íslenski kvótinn er metinn á tugi milljarða.

Sveinn segist í raun ekkert geta sagt til um hvað sé raunverulega í gangi. „Þetta er allt óðrúvísi en við erum vanir að sjá og gerbreytt, virðist vera,

þetta göngumynstur á loðnunni. Við höfum verið að sjá breytingar síðustu ár, t.d. í fyrra,“ segir Sveinn og bætir við að loðnan sem núna heldur sig fyrir norðan gangi lítið sem ekkert.

„Ég veit ekki hvernig þetta endar satt best að segja.“

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir rannsóknir á loðnunni mikilvægar í ljósi þeirra hagsmuna sem eru undir fyrir þjóðarþúid og breytingarnar á hegðun loðnunnar gefi fulla ástæðu til að þær séu rannsakaðar.

„Þetta er mesta breyting sem

70.000

tonn eru komin á land, eða tæp 20 prósent kvótans.

menn hafa séð í göngumynstri loðnunnar í seinni tíð, leyfi ég mér að segja,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, og tekur fram að staðan sem er uppi kalli fram óvissu hjá útgerðarmönnum og sjómönnum sem séu óruggir um hvernig best sé að beita sér við veiðarnar.

- shá / sjá síðu 10



PÚTÍN GERÐUR KLÁR „Vandamálaljörnn“ heitir þessi líkneskja af Vladímír Pútín Rússlandsforseta, sem verið er að gera fyrir kjörtkveðjuhátíðina í Mainz í Þýskalandi. Pútín heldur þarna um krana á gasleiðslu.



STEFÁN LÚÐVÍKSSON Verslunin Amor moka út hjálpartækjum.

Stóraukin sala á BDSM-tólum

VERSLUN Erótískar verslanir eru í viðbragðsstöðu vegna frumsýningar 50 Shades of Grey.

Að sögn eins verslunareiganda jókst salan á handjárnnum og öðrum hjálpartækjum ástarlífsins til muna við útgáfu bókarrinnar 50 gráir skuggar. Býst verslunareigandinn við svipaðri aukningu nú þegar myndin verður sýnd.

- ga / sjá síðu 30

Nýr framkvæmdastjóri tekur við Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði: Guðni Ágústsson úr mjólkinni

LANDBÚNAÐUR Guðni Ágústsson lætur af störfum sem framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) á aðalfundi félagsins í næstu viku. Samkomulag varð um starfslok Guðna, sem segir tíma til kominn að snúa sér að öðru.

„Ég er búinn að vera á þessum vettvangi í fimm ár og það er í sjálfa sér langur tími. Það hefur verið samkomulag milli mín og stjórnarinnar um að ég hætti störfum. Ég ætlaði að vísu að hætta í haust, en því var frest að þar sem mikil átök urðu í mjólkuriðnaði,“ segir Guðni.

Rögnvaldur Ólafsson, formaður stjórnar SAM, segir starfslok Guðna fyrst og fremst skýrast

af aðhaldsaðgerðum hjá samtökunum.

„Þannig er að rannsóknarstofustarfsemin og mjólkureftirlitið hefur hvort tveggja færst frá SAM og yfir til Mjólkursamsölnunnar,“ segir Rögnvaldur. Þar ráði sparnaður fyrst og fremst för. „Við álitum að kannski getum við sparað eitthvað með þessu.“

Guðni segir að það henti vel að láta af störfum á þessum tímapunkti.

„Það hentar mjólkuriðnaðinum ágætlega í sinni endurskipulagningu. Einar Sigurðsson er að fara frá Mjólkursamsölnunni og auðir stólar henta vel núna. Menn eru bara að skoða þetta stjórnkerfi.“

- kóp



GUÐNI ÁGÚSTSSON Hlakkar til að fara frjálst inn í sumaríð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

Öskudagur er
18. febrúar



Hundruð búninga
og fylgihluta

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11, s. 534-0534

SPURNING DAGSINS



Dagbjartur, þurfti bara einn þátt til frægðar?

„Já, og guð má vita ef þeir hefðu verið fleiri.“

Dagbjartur Daði Jónsson tók þátt í Ísland Got Talent og eftir þáttinn hrönnuðust inn vinabeðinir á Facebook. Dagbjartur komst ekki áfram.

Aðstoðarskólalastjóri Hagaskóla segir ástandið hafa lagast innan skólans eftir ofbeldismál:

Ekki orðið vart við fleiri hótanir og ógnanir

SKÓLAMÁL Ekki hafa komið upp atvik tengd hótunum og ógnunum í Hagaskóla undanfarnar vikur. Þetta staðfestir aðstoðarskólalastjórinn, Ómar Örn Magnússon. Fréttablaðið fjallaði í síðasta mánuði um ástand innan skólans þar sem nemendum var ógnað og hóttað af öðrum nemendum við skólann og líka af einstaklingum sem ekki voru nemendur við skólann.

Sagt var frá því í tengslum við þetta að til rýsinga hefði komið milli foreldra nemanda við skólann og annars nemanda sem leiddi til þess að lögð var fram kæra.

Ómar segir að vel hafi tekist að tækla

ástandið og ekki hafi orðið vart við slík atvik síðan fjölmiðlaumfjöllun var um málið. „Það er bara allt á áætlun. Þetta voru nokkrir einstaklingar sem þurfa ákveðna vinnu í tengslum við þeirra hegðun eða stöðu. Það er líka bara verkefni okkar að vinna að jákvæðri menningu og hegðun í Hagaskóla,“ segir hann og bendir á að nú sé að fara í gang kærleiksvika í skólanum.

Vel hafi tekist að ná yfir vandamálið og samkvæmt mánaðarlegum Skólaláttamælingum, sem er könnun sem mælir líðan nemenda við skólann, þá er líðan þeirra betri nú en var fyrir nokkrum mánuðum.

-vh



BETRI LÍÐAN Ómar Örn segir ekki hafa verið tilkynnt um nein atvik tengd hótunum og ógnunum undanfarnar vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MÓTTÖKUR Berbrjosta mótmælendur úr FEMEN-hreyfingunni tóku á móti Strauss-Kahn í Lille í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Vændiskonur saka Strauss-Kahn um harðræði:

Segist enn hafa verið grandalaus

FRAKKLAND Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sagðist ekki hafa haft hugmynd um að konurnar í kynlífsveislunum sem hann sótti hafi verið vændiskonur.

Vændiskonurnar segja hins vegar ómögulegt að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því. Hann hafi notfært sér þær eins og vörur sem búið væri að greiða fyrir.

„Hann hélt áfram jafnvel þótt ég hafi gert honum grein fyrir því að ég vildi það ekki,“ sagði ein þeirra við réttarhöldin í Lille, þar sem Strauss-Kahn er sakaður um að hafa tekið þátt í skipulagningu vændis.

-gb

Breytingar á Klaustri:

Sveitarstjórinn látinn fara

INNLENT „Ég er að hætta því það ríkir ekki traust um mín störf hjá meirihluta sveitarstjórnar,“ segir Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps.

Eygló segist ekki vilja nota orðið „rekin“ um brotthvarf sitt úr starfi. „En það á greinilega að láta mig fara. Það ríkir ekki samstaða um mig, sem mér þykir mjög leiðinlegt því mér hefur liðið vel í Skaftárhreppi eftir að ég tók við stöðu sveitarstjóra.“ Eva Björk Harðardóttir oddviti segir mál Eyglóar verða tekið fyrir á fimmtudag. -mhh

Lést í gíslingu vígasveita:

Staðfesting á látinu fengin

BANDARÍKIN Bandarísk yfirvöld staðfestu í gær að Kayla Mueller er látin. Hún hafði verið í gíslingu hjá samtökunum Íslamska ríkinu í Sírlandi.

Líðsmenn Íslamska ríkisins sögðu á föstudag að hún hefði látist þegar sprengjum var varpað úr jördönskum herþotum á byggingu, þar sem hún hefði verið höfð í haldi.

Kayla var síðasti bandaríski gíslinn, sem vitað er til að hafi verið í haldi vígasveitanna.

-gb



NÁÐI AÐ HRINGJA Þórður á erfitt með að gera sig skiljanlegan en náði að hringja í móður sína og láta vita af sér. Hann var skilinn eftir á röngum stað. MYND/STÖÐ 2

Strætó krossar fingur vegna ferðapjónustu

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, bað Þórð Guðlaugsson og fjölskyldu hans afsökunar eftir að honum var ekið á rangan stað í gær og hann skilinn eftir. Þórður á bágt með að gera sig skiljanlegan en tókst að hringja í móður sína.

VELFERÐARMÁL Þórður Guðlaugsson er 25 ára gamall. Hann er með þroskahömlun, á erfitt með að gera sig skiljanlegan, er spastískur og þarf að nota Ferðapjónustu fatlaðra til að komast á milli staða. Í gær var hann skilinn eftir á röngum stað en til allrar hamingju gat hann hringt í móður sína og beðið hana um aðstoð. Rætt var við Þórð og móður hans, Bryndísi Ingibjörgu Björnsdóttur, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. „Ég er mjög fegin því að hann gat þó hringt í mig,“ sagði móðir hans. Þórður sagði frá því að honum myndist erfitt að nota þjónustuna og að hann hafi ekki vitað hvar hann var þegar hann var skilinn eftir.

Þjónustan bregst í annað sinn

Stuðningsfulltrúi Þórðar, Þórunn Kristjánsdóttir, segir þetta í annað sinn sem eitthvað fer úrskeiðis hjá þjónustunni.

Það geti haft þau áhrif að Þórður veigri sér við að nýta sér hana. Sjálf varð hún vitni að því þegar hún beið með honum að pantanur bíll kom ekki að



JÓHANNES RÚNARSSON

sækja hann.

„Þá er okkur sagt að bíllinn hafi komið, en hann kom ekki. Það vitum við bæði,“ sagði Þórunn frá og bætti því við að hún hefði sjálf keyrt hann á áfanga- stað.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, hringdi sjálfur í Bryndísi og baðst afsökunar. „Okkur þykir þetta mjög leitt,“ segir Jóhannes, sem segir þó unnið að því að betrubæta þjónustuna. „Við erum sannfærð um að þetta sé alltaf að lagast og svo krossum við putta,“ segir hann.

Spurður hvort hægt sé að tryggja öryggi farþeganna segir Jóhannes svo vera. „Við erum á góðri leið með að gera þetta að öruggri þjónustu en getum kannski ekki enn þá tryggt það að stundvísan sé 100% en þetta batnar með réttari upplýsingum,“ segir hann.

Allar upplýsingar voru réttar í tilfelli Þórðar sem var skilinn eftir á röngum stað. Bæði hvað varðar fötlun hans og áfanga- stað.

„Ég er ekki búinn að fá skýrslu frá bílstjóranum. Það er nokkuð klárt að það átti að fylgja honum inn,“ segir Jóhannes, og segir mistökinn líklega mannleg. Hann segir bílstjórana hafa fengið þriggja tíma fræðslu um fötlun en segir líklegt að farið verði betur yfir þjálfun bílstjórana með það í huga að bæta þjónustuna.

Tekur lengri tíma Stefán Eiríksson, sem er yfir neyðarstjórninni, segir verkefnið ganga samkvæmt áætl-

„Þá er okkur sagt að bíllinn hafi komið, en hann kom ekki. Það vitum við bæði.“

Þórunn Kristjánsdóttir, stuðningsfulltrúi Þórðar.

un. Líklega taki lengri tíma en fjórar vikur að klára það. „Ég held það séu allar líkur á því að við komum verkefninu í höfn en hversu langan tíma það tekur er erfitt að segja akkúrat á þessum tímamarki. Ég held það þurfi beinlínis lengri tíma en fjórar vikur til þess að mæta þeim óskum og þörfum sem menn hafa til þessarar þjónustu en við vonandi náum að koma brýnustu atriðunum í gott horf á þessum fjórum vikum.“

viktoria@frettabladid.is



STEFÁN EIRÍKSSON Segir taka lengri tíma en fjórar vikur að lagfæra þjónustuna.

KÚBA

Aðeins 6 sæti laus!

23. febrúar - 2. mars

Verð frá **219.900 kr.*** og 12.500 Vildarpunktur

á mann í tvíþýli
*Verð án Vildarpunkta 229.900 kr.

Flogið með Icelandair

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA Skagarihlíð 12 Sími 570 4444

VITA er lífið

BÍLADILL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



400.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 4.890.000 kr.

Volvo XC90 Executive D5 AWD GTK54
Skráður mars 2008, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 125.000 km.
Ásett verð: 5.290.000 kr.



150.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.620.000 kr.

Citroën C1 Attraction JGP02
Skráður maí 2014, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 27.000 km.
Ásett verð: 1.770.000 kr.



160.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.590.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 RA251
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsskiptur.
Ekinn 151.000 km.
Ásett verð: 1.750.000 kr.



Verð: 1.090.000 kr.

Volkswagen Polo Comfortline LKY41
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 111.000 km.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.590.000 kr.

Ford Kuga Trend VSR54
Skráður maí 2011, 2,0TDCI dísil, beinskíptur.
Ekinn 94.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.



150.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.240.000 kr.

Mazda2 Premium GVM81
Skráður maí 2014, 1,5i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 25.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr. *í ábyrgð*



140.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.150.000 kr.

Toyota Yaris Terra PMX12
Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinskíptur.
Ekinn 22.500 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr. *í ábyrgð*

FINNDU BÍLINN ÞINN



TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð 2.890.000 kr.

Ford Focus Trend Edition ORK29
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín beinsk.
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 3.090.000 kr.



Verð: 1.390.000 kr.

Ford Ka Trend Plus BIP34
Skráður júní 2014, 1,2i bensín, beinsk.
Ekinn 29.000 km.
í ábyrgð



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.690.000 kr.

Mazda6 Vision FHE21
Skráður maí 2013, 2,2TDCI dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 69.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr. *í ábyrgð*



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.050.000 kr.

Mitsubishi Lancer LZ540
Skráður september 2006, 1,6i bensín, beinskíptur.
Ekinn 84.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.490.000 kr.

Renault Megane II Berline FYM75
Skráður mars 2012, 1,5TDI dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.



220.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.350.000 kr.

Ford Mondeo Trend JIN64
Skráður maí 2011, 1,6TDCI, dísil, beinskíptur.
Ekinn 94.000 km.
Ásett verð: 2.570.000 kr.



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.790.000 kr.

Kia Rio Ex IVH19
Skráður apríl 2014, 1,4TDI dísil, beinskíptur.
Ekinn 5.400 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr. *í ábyrgð*

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Óruggur staður til að vera á

SVONA ERUM VIÐ



1,3 milljónir tonna veiddust við Ísland árið 2012, eða um 1,4% af heimsaflanum.

Ný könnun MMR sýnir klofning í afstöðu manna til Evrópusambandsaðildar:

Tæpur helmingur á móti aðild

EVROPUMÁL 48,5 prósent Íslendinga eru andvíg aðild að Evrópusambandinu. Þetta kemur fram í könnun sem MMR framkvæmdi 26.-29. janúar síðastliðinn og birtist á vefsíðu fyrirtækisins í gær. Þriðjungur er hlynntur inngöngu og 18,2 prósent hvorki hlynnt né andvíg.

Aðeins tíu prósent þeirra sem styðja ríkisstjórnina segjast hlynnt Evrópusambandsaðild, borið saman við riflega helming þeirra sem ekki styðja hana.

Þá vilja 38 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins ganga í Evrópusambandið, en fjórðungur íbúa landsbyggðarinnar.

Í nýlegri könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir samtökin JÁ Ísland sögðust hins vegar 46 prósent fylgjandi aðild en 54 prósent voru á móti.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að tillaga um að slíta viðræðum við Evrópusambandið væri næstum tilbúin í utanríkisráðuneytinu.



JÁ EÐA NEI? Skiptar skoðanir eru á aðild að Evrópusambandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samningar undirritaðir: 550 milljónir til sóknaráætlana

STJÓRNSÝSLA Í gær var skrifað undir samninga um sóknaráætlun landshluta fyrir tímabilið 2015-2019.

Í tilkynningu atvinnuvegaráðuneytisins segir að heildarupphæð samninganna nemi um 550 milljónum króna. Menntamálaráðuneytið muni að auki leggja fé í áframhaldandi rekstur menningarmiðstöðva á Suður- og Austurlandi. Þá fari nokkrar sér-tækar fjárveitingar í sóknaráætlunir einstakra landshluta.



AFSKIPTALEYSI Starfsmenn í Seljahlíð lýsa slæmum aðbúnaði aldraðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÓLASON

Slæmt ástand í Seljahlíð: Fá að fara í bað einu sinni í viku

SAMFÉLAG „Ég myndi ekki vilja vera á svona heimili,“ sagði Barbara Helgason, trúnaðarmaður sjúkraliða í Seljahlíð, heimili fyrir aldraða sem glímur við mikinn rekstrarvanda, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Kvartað er undan afskiptaleyssi í garð vistmanna á heimilinu. Þrjú hjúkrunarfræðingar eru að láta af störfum, þá eru tveir eftir fyrir utan deildarstjóra og forstöðumann heimilisins. Barbara sagði vistmenn á heimilinu aðeins fara í bað einu sinni í viku og fá mikið af róandi lyfjum.

- kbg

Strangar reglur brotnar: Reynt að læða inn reiðtygjum

UMHVERFISMÁL Tollverðir stöðvðu á nýliðnu ári fjórar sendingar sem höfðu að geyma notaðan og óhreinan reiðfatnað, og annan varning tengdan hestamennsku. Um var að ræða reiðskó, reiðhjálmg og -stígvél, tanningamúl og notaða hestaábreiðu. Sendingarnar voru stöðvaðar í tollpósti, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á Seyðisfirði.

Strangar reglur eru í gildi um sótthreinsun veiðibúnaðar og sótthreinsun reiðtygja. Engin krafa er um að erlendir gestir sótthreinsi búnað sinn sem þeir nota við köfun hér landi, sem hefur verið umdeilt.

- shá

Grænt ljós á kaup leynigagna

Fjármálaráðherra og skattrannsóknarstjóra ber ekki saman um hver setti það skilyrði við kaup á gögnum úr skattaskjólum að greiðsla yrði árangurstengd. Seljandinn vill 150 milljónir króna eða 2.500 evrur á hvert mál.

SKATTAMÁL „Það sem skiptir máli í dag er að við treystum embættinu [skattrannsóknarstjóra] til þess að klára þessa vinnu. Við viljum að embættið sé ekki í neinum vafa með það að það hefur stuðning til að sækja gögnin, það þarf bara að gæta að ákveðnum grundvallaratriðum,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra í samtali við Fréttablaðið um hugsanleg kaup á upplýsingum um Íslendinga í skattaskjólum.

Bjarni sagði í samtali við fréttastofu RÚV á laugardag að hann teldi málið hafa þvælst of lengi hjá embættinu og ekki stæði á stuðningi fjármálaráðuneytisins. „Það má vera að ég hafi verið kannski of óþolinmóður,“ segir Bjarni en bætir við að hann telji málið samt sem áður hafa tekið of langan tíma.

Fréttablaðið hefur greint frá því undanfarið, fyrst í apríl í fyrra, að skattrannsóknarstjóra stæðu slík gögn til boða. Fjármálaráðuneytinu var tilkynnt um að embættinu hefði borist sýnishorn af gögnum með nöfnum nokkurra hundrða Íslendinga sem tengjast skattaskjólum og að þau gæfu vísbendingar um skattaundanskot.

Bæði embætti skattrannsóknarstjóra og fjármálaráðuneytið sendu frá sér yfirlýsingar í gær um málið. Í yfirlýsingu skattrannsóknarstjóra kemur fram að þegar ráðuneytinu var sent minnisblað um gögnin hafi engar viðræður átt stað við bjóðanda



STYÐUR KAUPIN Fjármálaráðherra segist ætla að greiða fyrir kaupum á gögnum um Íslendinga í skattaskjólum erlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gagnanna um mögulegt kaupverð „en eftir því sem skattrannsóknarstjóra sé þó best kunnugt hafi bjóðandi gagnanna fengið greitt fyrir sambærilegar upplýsingar sem fyrirfram ákveðið hlutfall af endurálögðum og innheimtum skatti“.

Bjarni segir að á fundi ráðuneytisins með Bryndísi Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra hafi ráðuneytið játað því að til greina kæmi að standa að greiðslu með þeim hætti.



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

Í yfirlýsingu skattrannsóknarstjóra segir enn fremur að ráðuneytið hafi í desember tilkynnt að það vildi tryggja nauðsynlegar fjárheimildir, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þar á meðal að greiðslur séu skilyrtaðar við hlutfall af innheimtu. Ekki hafi verið unnt að ná samningum með þessum skilyrðum við sendandann og að afstaða ráðuneytisins til þess að endurskoða þessi skilyrði þurfi að liggja fyrir.

Bjarni segir skilyrðið um árangurstengdar greiðslur hafa fyrst komið fram hjá skattrannsóknarstjóra sem þekkt aðferð við svona

viðskipti. „Þetta var ekki eitthvert fortakslaust skilyrði af hálfu fjármálaráðuneytisins, heldur var þetta þekkt aðferðarfræði samkvæmt því sem okkur var sagt,“ segir Bjarni.

Í yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins kemur fram að gögnin séu föl fyrir 150 milljónir króna eða 2.500 evrur fyrir hvert mál, en málin eru samtals 416 talsins.

„Skylda til mats á upplýsingum þeim sem í boði eru, að hversu miklu gagni þær geta komið við rannsókn á skattundanskotum og ákvörðun um kaup á þeim liggur hjá embætti skattrannsóknarstjóra en fjármála- og efnahagsráðuneytið er tilbúið að greiða fyrir kaupnum, verði það niðurstaða embættisins,“ segir í tilkynningu fjármálaráðuneytisins.

fanney@frettabladid.is

Lyfjaauglýsing

20% afsláttur af öllum pakkningum

Nicotinell Fruit 2 mg

Afslátturinn gildir í febrúar.

Lyfjaval Mjódd Álftramýri BÍLAAPÓTEK Hæðasmára

APÓTEK Lyfjaval.is • sími 577 1160

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 16°	Friedrichshafen 6°	New York -1°
Ápøna 4°	Gautaborg 4°	Orlando 19°
Basel 9°	Kaupmannahöfn 4°	Ósló 2°
Berlín 5°	Las Palmas 20°	París 7°
Billund 5°	London 7°	San Francisco 17°
Frankfurt 5°	Mallorca 16°	Stokkholmur 3°

Á MORGUN
Vaxandi A-átt síðdegis.

FÖSTUDAGUR
10-20 m/s.

FROST Á FRÓNÍ Það verður ansi kalt á landinu næstu daga en yfirleitt skaplegt veður. Dálítil el í dag en yfirleitt þurr og skýjað með köflum á morgun. Reyndar breytist þetta annað kvöld með vaxandi austanátt og snjókomu syðra.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

VINSÆLDIR HYUNDAI AUKAST STÖÐUGT

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

www.hyundai.is



Hyundai i10
Verð frá 1.970.000 kr.
Eyðsla 4,7 l/100 km*

Hyundai ix35



Fjór hjóladrif / Dísil beinsk.
Verð frá 5.590.000 kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km*

Hyundai Santa Fe



Fjór hjóladrif / Dísil sjálfsk.
Verð frá 7.050.000 kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*

Hyundai i30



Verð frá 2.940.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

Umboðsaðilar:

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

VEISTU SVARID?



1. Hver hannaði stólinn Into the Blue?
2. Hver telur sig ekki þurfa að víkja fyrir konu sem aðalmaður í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins?
3. Hvað heita feðgarnir sem ætla að gera þættina Feðgar á ferð?

SVÖR:

1. Gróa Ó. Þorgeirsdóttir 2. Ögmundur Jónsson 3. Magnús Hlynur Hreiðarsson og Fannar Freyr Magnússon.

Viðbragðsteymi fyrir börn í fjölþættum vanda komið á fót í Reykjavík og borgarfulltrúar þrátta: Segir Kjartan slá um sig með stóryrðum

REYKJAVÍK „Ég er mjög hissa á þessu og Kjartan [Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins] slær um sig með ýmsum stóryrðum sem eiga sér bara enga stoð í raunveruleikanum,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.

Kjartan sagði við Fréttablaðið í gær að meirihlutinn í borginni hefði orðið uppvis að miklu kæruleysi, úrræðaleysi og jafnvel aflglöpum í málefnum barna í

fjölþættum vanda, einkum vímuefnavanda.

Á fundi skóla- og frístundaráðs í síðustu viku var samþykkt til laga meirihlutans um að stofnað yrði teymi til að auka stuðning við þessi börn.

„Okkar vinna gengur út á að styrkja stuðningsnetið við skólana með því að mæta þörf þeirra fyrir viðbótaraðstoð. Viðbragðsteymið mun aðstoða skólana við að leysa úr einstökum málum og velja viðeigandi úrræði. Það fær viðtækt

umboð til að velja og móta ný úrræði til að takast á við þennan fjölþætta vanda í góðu samráði við stjórnendur, foreldra og fagfólk í skólum,“ segir Skúli. Hann hafi lagt til að tillögu sjálfstæðismanna um sérúrræði til að mæta þörfum nemenda sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða yrði vísað til teymisins en því hafi Kjartan hafnað.

„Að mínu mati er það miður, það er margt í henni sem hefði mátt nýta,“ segir Skúli.



SKÚLI HELGASON Segir reynt að aðstoða börn í fjölþættum vanda.



FJALLGARÐUR Á hæstu fjöllum Austurlands verður mengunarsýnum safnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Mengun frá Holuhrauni í rigningu, snjó og leysingavatni: Sýnum safnað á hæstu tindum

NÁTTÚRA Hópur vísindamanna sem fylgist með brennisteinstvíldismengun frá eldstöðinni í Holuhrauni, og hefur verið starfandi frá því að eldsumbrotin hófst, rannsakir sérstaklega rigningavatn, snjó og leysingavatn. Hópurinn áætla að safna sýnum á Vatnajökli og nokkrum hæstu tindum fjalla á Austurlandi, en á sama tíma sýnum með efnasamsetningu úrkomu á öllu landinu.

Frá þessu segir í skýrslu frá vísindamannaráði Almannafræðis. Eins að vinna við nýtt hættumat fyrir gossvæðið stendur nú yfir. Reiknað er með því að henni ljúki í þessari viku.

Rannsóknarhópur sem fylgist með mengun í rigningu, snjó og leysingavatni hefur verið starfandi frá því gosið hófst. Hópurinn áætla að safna sýnum á Vatnajökli og nokkrum hæstu tindum á Austurlandi. Einnig er fylgst náið með efnasamsetningu úrkomu á öllu landinu.

Jarðhræringarnar norðan Vatnajökuls og sig Bárðarbungu gætu fjarad út á fimm til sextán mánuðum. Eldgosið í Holuhrauni gæti þróast með svipuðum hætti og því lokið eftir fjóra til fimmtán mánuði.

- shá

Segir embættismenn raga við uppljóstranir

Frumvarp á þingmálaskrá forsætisráðherra haustið 2013 bíður enn í ráðuneytinu. Með frumvarpinu átti að skerpa lög um þagnarskyldu fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar. „Veit um starfsmenn sem bíða eftir þessum lögum,“ segir þingmaður Pírata.

STJÓRNSÝSLA Frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum sem áttu að einfalda og samræma lagaákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna hefur ekki komið inn í þingið þrátt fyrir að hafa verið á þingmálaskrá forsætisráðherra á síðasta þingi. Í þingmálaskrá yfirstandandi þings er frumvarpið ekki á dagskrá.

„Þetta frumvarp er mjög mikilvægt að ná fram að ganga,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata.

Eitt mikilvægasta ákvæðið í drögum er að þagnarskylda opinberra starfsmanna nái ekki undir lögbrot eða aðra háttsemi sem sé á mælisverð og varði hagsmunum þjóðarinnar.

Frumvarpið átti að skýra reglur um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og þann 18. nóvember árið 2013 var óskað eftir umsögnum um frumvarpsdrögin. Frumvarpið var samið af Páli Hreinsyni, fyrrverandi dómara við Hæstarétt. Að endingu varð ekkert af því að frumvarpið yrði lagt fram á þingi og ekki er stefnt að því að leggja það fram á yfirstandandi þingi.

Í íslenskum lögum eru eitt hundrað ákvæði um þagnarskyldu í íslenskum lögum. Með frumvarpinu átti að einfalda lögin og setja eitt stefnumarkandi ákvæði sem auðveldara væri að fylgja eftir. Einnig var lagt til að 35 þagnarskylduákvæðum yrði breytt í því skyni að fækka ófullkomnum og afar matskenndum þagnarskylduákvæðum sem gilda um starfsmenn stjórnsýslunnar, eins og segir í greinargerð með



STJÓRNARRÁÐIÐ Frumvarp til laga átti að einfalda þagnarskylduákvæðið. Að mati höfunda frumvarpsins eru of mörg löðin og matskennd ákvæði í núverandi lögum.



JÓHANNES ÞÓR SKÚLASON

frumvarpinu. „Það skiptir einnig miklu máli fyrir starfsmenn að hafa þessi lög á hreinu. Á meðan fólk innan stjórnsýslunnar er í vafa hvenær það eigi að þegja eða segja mun það ekki þora að segja frá slæmri stjórnsýslu eða lögbrotum ef það getur átt á hættu að brjóta lög um þagnarskyldu. Ég veit um starfsmenn innan stjórnsýslunnar sem bíða eftir þessum lögum,“ segir Birgitta Jónsdóttir.


Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, segir þetta frumvarp vera í meðferð í ráðuneytinu og stefnt sé að því að það komi til Alþingis haustið 2015. „Þetta frumvarp er í vinnslu í ráðuneytinu. Óskað var eftir umsögnum um frumvarpið á



„Á meðan fólk innan stjórnsýslunnar er í vafa hvenær það eigi að þegja eða segja mun það ekki þora að segja frá slæmri stjórnsýslu eða lögbrotum.“

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata.

sínum tíma. Ýmsar athugasemdir bárust sem þurfti að skoða og taka tillit til. Stefnt er að því að talað verði fyrir frumvarpinu næsta haust,“ segir Jóhannes Þór. sveinn@frettabladid.is



FÉLAG
RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1988

Framboð í trúnaðarstöður FRV

Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegi 27.03.2015

Reykjavík 11. febrúar 2015

Stjórn Félags Rafeindavirkja

Samtök atvinnulífsins vara enn við launapróun í takt við hækkun launa lækna:

Óverðtryggð lán geta hækkað

EFNAHAGSMÁL Vaxtakostnaður óverðtryggðs láns myndi aukast um 30 þúsund krónur á mánuði hækki almenn laun til jafns við nýsamþykktar launahækkanir lækna. Þetta kemur fram í umfjöllun og útreikningum efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins (SA) í gær.

Í greiningu efnahagssviðsins er bent á að horfa þurfi til fleiri þátta en að verðbólga geti aukist verði launahækkanir meiri en atvinnulífið fái staðið undir. Þannig hafi Seðlabankinn sýnt að hann bregðist hratt við verðbólgu með hækkun vaxta.

„Landsmenn eru ekki einungis launþegar, þeir eru einnig skuldarar, neytendur og atvinnurekendur,“ segir í umfjöllun SA og bent á að aukin ásókn heimila í óverðtryggð lán hafi gert þau viðkvæmari fyrir vaxtabreytingum og þannig aukið áhrifamátt peningastefnunnar. „Sú lækkun greiðslubyrði sem af „Leiðréttingunni“ hlaut væri til að mynda fljót að ganga til baka hjá mörgum lántakendum við miklar vaxtahækkanir.“

- óká



HJÁ SÁTTASEMJARA Frá samningafundi lækna og ríkisins hjá Ríkissáttasemjara í október. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

ÖSKUDAGURINN NÁLGAST! ekki bíða of lengi!

**TÖFRA
HETJURNAR**

AÐEINS Í
HAGKAUP!

**LAZY
TOWN**

Allt vöruvælið fæst í Krínglumi, Skeifunni, Smáralind, Garðabæ og á hagkaup.is, minna úval í öðrum verslunum.



Töfra hetjurnar
st. S-M 4.929



Töfra hetjurnar
st. S-L 4.929



Solla stíróa
st. 3-4 4.929



Íþróttaálfurinn
st. 3-5 4.929

Fylgihlutir í miklu úrvali!



Hársprey
579



Hársprey
449

Einnig til í svörtu
og vínrauðu



Vængir
2.179



Gerviblóð
979-1.179



Hulk
st. 3/4 1.969



Ballerína, Gríslí
st. 2/3 2.269

Einnig til
í rauðu



Gervineglur
449



Andlitslitir
1.179

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fundi frestað til föstudags: Veður setur strik í viðræður

KJARAMÁL Tveggja daga vonskuveður í gær og fyrradag varð til þess að fyrirhuguðum samningafundi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins hjá Ríkissáttasemjara var frestað til næstkomandi föstudags.

„Fulltrúar Starfsgreinasambandsins komust hvorki frá Akureyri né Ísafirði þar sem flug lá niðri og sama sagan er í dag,“ sagði Elísabet S. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri hjá Ríkissáttasemjara, í gær.

- óká

Katrín Jakobsdóttir krefst þess að virðing sé borin fyrir rammaáætlun:

Norðlingaalda undir nýju nafni

ORKUMÁL „Það er ljóst að tillagan um Kjalölduveitu er í raun breytt útfærsla á Norðlingaölduveitu undir nýju nafni. Norðlingaölduveita er í verndarflokki rammaáætlunar meðal annars vegna fossanna fögru í Þjórsá sem eru Dynkur, Kjálkaversfoss og Gljúfurleitarfoss,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, um nýjan virkjanakost Landsvirkjunar.

Landsvirkjun hefur þróað virkjunarkost til hliðar við Norðlingaölduveitu sunnan Hofsjökuls. Kjalölduveita er ný hugmynd og annar valkostur við Norðlingaölduveitu.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Í þeirri tillögu er lónið fært um þrjá kílómetra neðar í Þjórsá frá friðlands-mörkum

Katrín segir að Kjalölduveita muni eins og Norðlingaölduveita skaða fossana því vatn verði tekið úr Þjórsá. „Það gengur ekki að hvort sem er opinberar stofnanir eða stjórnáamenn fari með þessum hætti fram hjá samþykktu rammaáætlun þar sem Norðlingaölduveita er í verndarflokki og þar með vatnasvið Þjórsár á þessu svæði.“

- shá



BÖRN SAFNA FÖTUM

Börnin í Sunnufold safna:

Föt til Úkraínu

SAMFÉLAG Á leikskólanum Sunnufold eru nú söfnunarkassar í öllum starfsstöðvum. Börn, foreldrar og starfsfólk safna fötum fyrir fólk í Úkraínu. Þar er napur vetur og erfiðleikar. Börnin hafa fyllt nokkra kassa og skreytt með glaðlegum myndum.

- kbg



Á SJÓ 400 milljóna króna rannsókn.

FRÉTTABLAÐIÐ/JS

Matís í Evrópuverkefni:

Skoða aðlögun hjá sjómönnum

RANNSÓKNIR Matís er þátttakandi í nýju 2,7 milljóna evra (um 400 milljóna króna) verkefni sem er fjármagnað af Horizon 2020, hinni nýju rannsókn- og nýsköpunaráætlun Evrópu. Fyrsta verkefni Matís í nýju Horizon 2020 áætluninni lýtur að fiskveiðistjórnun í Evrópu. Um er að ræða samstarf átta stofnana og fyrirtækja frá sex löndum með tíu doktorsnum. Neminn hjá Matís mun rannsaka hvernig sjómenn aðlagast breytingum á stjórnun veiða og nýjum markaðskröfum.

- shá

Neita ábyrgð í sparissjóðamáli

Fyrrverandi sparissjóðsstjóri í Bolungarvík segir öll gögn hafa verið ljós fyrir samruna við Sparissjóð Norðurlands. Stjórnarformaður Tryggingarsjóðs sparissjóða segir stöðuna hafa komið á óvart. Endurskoðandi gerði fyrirvara.

FJÁRMÁL Slæm staða lánasafns Sparissjóðs Bolungarvíkur virðist hafa komið öllum á óvart, ef marka má viðbrögð við frétt Fréttablaðsins í gær. Þar kemur fram að færa þurfti eignasafnið niður um 207 milljónir, skömmu eftir að sjóðurinn hafði runnið inn í Sparissjóð Norðurlands.

Ásgeir Sólbergsson, fyrrverandi sparissjóðsstjóri Sparissjóðs Bolungarvíkur, segir niðurfærsluna hafa komið sér á óvart.

„Það eina sem ég get sagt um það mál er að endurskoðandinn sem fór yfir allar stærstu útlánaheimildirnar fimm mánuðum þar á undan fékk öll gögn sem voru til staðar. Ég afhenti þau ekki sjálfur, heldur annar starfsmaður, en það var engu haldið leyndu. Ef menn halda því fram að það séu villandi gögn, þá er lágmark að menn hafi samband og spyrji mig út í það. Enginn hefur haft samband við mig.“

Hólmgeir Karlsson, stjórnarformaður Sparissjóðs Norðurlands, sagði, í Fréttablaðinu í gær, að staða Sparissjóðs Bolungarvíkur hefði komið núverandi stjórnendum í opna skjöldu.

„Hún kom okkur verulega á óvart og er ekki í samræmi við þau gögn sem lögð voru fram við samrunaáætlun.“

Endurskoðunarfyrtækid Deloitte sá um endurskoðun ársreiknings Sparissjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2013. Hálfu ári síðar kemur það fram í árschlutaupp-

„Það er alveg augljóst, í hlutfalli við eigið fé sjóðsins þá er þetta tiltölulega stór tala.“

Vilhjálmur G. Pálsson, stjórnarformaður TS.

gjöri Sparissjóðs Norðurlands að færa hafi þurft bolvíska lánasafnið niður, en Deloitte endurskoðaði það uppgjör einnig. Talsmaður fyrirtækisins sagði í samskiptum við Fréttablaðið að gerðir hefðu verið fyrirvarar í ársreikningnum.

Sparissjóðsstjórnin fyrrverandi er þó fráleitt sáttur við endurskoðendurna; að hálfársuppgjör Sparissjóðs Norðurlands sýni svo gjörólíka stöðu á lánasafninu en er að finna í ársreikningi Sparissjóðs Bolungarvíkur.

„Mér finnst skrítið að það er sami endurskoðandi sem vinnur að þessu uppgjöri, sem klárar ársuppgjör sex mánuðum fyrr og getur þar skipt um skoðun og tekið upp nýjar vinnsluáferðir.“

Stofnfé Sparissjóðs Bolungarvíkur var aukið um 80 milljónir árið 2013. Tryggingarsjóður sparissjóðseigenda (TS) eignaðist við það 15,6 prósent stofnfjár.

Vilhjálmur G. Pálsson, stjórnarformaður TS, segir niðurfærsluna á lánasafninu hafa verið óvænta.

„Já. Það er alveg augljóst, í hlutfalli við eigið fé sjóðsins þá er þetta tiltölulega stór tala.“

kolbeinn@frettabladid.is



BOLUNGARVÍK Eignasafn Sparissjóðs Bolungarvíkur var fært niður um 207 milljónir, hálfu ári eftir að sjóðurinn gekk inn í Sparissjóð Norðurlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Athugasemdir frá Deloitte

- Í fyrsta lagi kemur fram í fréttinni að ársreikningur Sparissjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2013 beri ekki með sér neinar upplýsingar um yfirvofandi niðurfærslu og einnig kemur fram að upplýsingar sem lágu fyrir við samruna sjóðsins við Sparissjóðs Norðurlands hafi verið „mjög villandi um raunverulega stöðu sjóðsins“. Deloitte vill benda á að áritun félagsins á ársreikningi Sparissjóðs Bolungarvíkur fyrir árið 2013 innheldur bæði fyrirvara vegna færslu skattinneygna og ábendingarmálgreina óvissu um mat á eignum sparissjóðsins og áhrif þess á rekstrarhæfi sjóðsins.
- Í öðru lagi kemur fram að samruninn hafi verið samþykktur í júní í fyrra og fyrir hann var gerð úttekt á sjóðunum tveimur. Deloitte vill benda á að félagið kom ekki að þessum úttektum fyrir sjóðina.
- Þessu til viðbótar má benda á að meirihlutaiegandi beggja sjóða var fyrir samrunann Bankasýsla ríkisins og átti hún yfir 76% í báðum sjóðum og á rúm 80% í sameinuðum sjóði. Þar af leiðandi voru fulltrúar Bankasýslunnar með aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum um sparissjóðina. Þessu til viðbótar á Tryggingarsjóður sparissjóðanna tæp 15% í sameinuðum sjóði.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

**Rakarastofan
Klapparstíg**

S: 551 3010



www.volkswagen.is

Nýr Golf Variant sem þú bara verður að prófa.

Frábærir aksturseginnleikar, sportlegt útlit og hátækni öryggisbúnaður gera nýjan Golf Variant svo álitlegan kost fyrir þig og fjölskylduna. Skelltu þér í reynsluakstur og láttu fara vel um þig á götum bæjarins í nýjum Golf Variant.

Volkswagen Golf Variant frá:
3.590.000 kr.



Das Auto.

HONDA

The Power of Dreams

VÍÐÁTTA & VEGGRIP

HORFÐU Á HEILDARMYNDINA



HONDA CR-V KOSTAR FRÁ KR. 5.190.000

Hvort sem þú vilt þægindi og víðáttu innrými fyrir ferðalagið eða skynvætt veggrip fyrir krefjandi akstursaðstæður þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjéppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims áttunda árið í röð. **Keyrðu Honda CR-V, betri 4x4 þegar á allt er litið.**

Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

honda.is/cr-v



Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800, Bílver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020, Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



Ekki peningar til loðnurannsókna

Sjómenn jafnt og vísindamenn Hafrannsóknastofnunar velta fyrir sér breyttu göngumynstri loðnu við landið. Helsti loðnusérfræðingur Hafró segir það óforsvaranlegt að vera ekki á svæðinu við rannsóknir. Forstjóri Hafró tekur undir það en fjármagn sé ekki fyrir hendi.

Svarar
Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



„Þetta er svo óvenjulegt að það er óforsvaranlegt að vera ekki á svæðinu við rannsóknir, og til að fylgjast náið með þessu,“ segir Sveinn Sveinbjörnsson, sérfræðingur Hafrannsóknastofnunar, um þróun loðnuvertíðarinnar, en loðnan heldur sig norður af landinu ólíkt því sem hún hefur löngum gert á þessum tíma árs.

Milljarða tugir

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru sjómenn ekkert allt of bjartsýnir á að 400.000 tonna loðnukvóti náist allur, en völdynd veður og fyrrnefnd hegðun loðnunnar hafa sett strik í reikninginn. Um 70.000 tonn eru komin á land, eða tæp 20% samkvæmt stöðulista Fiskistofu. Hagsmunirnir eru gífurlegir – íslenski kvótinn er metinn á tugi milljarða.

Eitt spurningamerki

Sveinn segist í raun ekkert geta sagt til um hvað sé raunverulega í gangi. „Þetta er allt óþrúvísi en við erum vanir að sjá og gerbreytt, virðist vera, þetta göngumynstur á loðnunni. Við höfum verið að sjá breytingar síðustu ár, t.d. í fyrra,“ segir Sveinn og bætir við að loðnan sem núna heldur sig fyrir norðan gangi lítið sem ekkert. „Ég veit ekki hvernig þetta endar satt best

að segja.“ Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, segir, spurður um hvort ekki sé full ástæða til að halda úti hafrannsóknaskipi til rannsókna fyrir norðan, að það megi til sanns vegar færa. Rannsóknir á loðnunni séu mikilvægar í ljósi þeirra hagsmuna sem eru undir fyrir þjóðarþúð og breytingarnar á hegðun loðnunnar gefi fulla ástæðu til að þær séu rannsakaðar.

„Okkar mat á stofninum liggur fyrir, en á hinn bóginn er það rétt að mikilvægt væri að skilja ef um breytt hegðunarmynstur er að ræða. En þetta er víst sá stakkur sem okkur er sniðinn til hafrannsóknar og þess utan margt annað sem við vildum rannsaka,“ segir Jóhann.

Sneri loðnan við?

Sveinn segir að þegar Hafrannsóknastofnun lauk sínum mælingum í janúar þá hafi loðnan ekki verið komin austur fyrir Kolbeinseyjarhrygg, nema smá hreytur að Langanesi. Þá virðist sem loðnan hafi stoppað á göngu sinni og jafnvel snúið við og gengið vestur aftur. Fréttir frá flotunum sem var við veiðar bentu til þess. Nú sé veiðisvæðið vestan við Kolbeinseyjarhrygginn og Hafrannsóknastofnun hafi engar upplýsingar um gönguna til viðbótar við það sem sést af dreifingu loðnuflotans og fréttum frá skipstjórum hans.


„Ég veit ekki hvort við erum að fara inn í svipað ástand og upp

úr 1920 þegar Bjarni Sæmundsson lýsir því að loðnugöngur hafi hætt að mestu leyti suður fyrir land um árabil. Hún hafi þá hrygnt fyrir norðan, en á þeim tíma var að hlýna mjög sjórinn við landið og Bjarni taldi að hrygningargöngurnar hefðu ekki komið suður fyrir,“ segir Sveinn.

Hvort þetta sé að gerast núna vill Sveinn ekkert segja til um. „Þess vegna er alveg hrikalegt að geta ekkert fylgst með þessu og maður veit ekki hvernig þessi verði endar. Svo gæti komið vestanganga, það er alveg hugsanlegt. Loðnan var svo vestarlega, og það má vera að loðnan sem er fyrir norðan gangi til baka og vestur fyrir. Hún gæti líka gengið austur fyrir eða hrygnt fyrir norðan. Við vitum bara ekkert um það.“

Haldið í vonina

„Þetta er mesta breyting sem menn hafa séð í göngumynstri loðnunnar í seinni tíð, leyfi ég mér að segja,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda. „Æ oftast hafa menn orðið varir við að loðnan hrygnir í einhverjum mæli fyrir norðan land, en hvort það sé að verða svona stór breyting núna er ekki gott að segja til um,“ segir Vilhjálmur sem bætir við að staðan sem er uppi kalli fram óvissu hjá útgerðarmönnum og sjómönnum sem séu óruggir um hvernig best sé að beita sér við veiðarnar. „Við hljótum samt að ná þessu og ef hún fer suður fyrir, sem er ekkert útilokað að hún geri, þá getur það bent



DREIFING OG GÖNGUMYNSTUR LOÐNU 1978-2001

Rauðu flekkirnir sýna hrygningarsvæði, rauðu örvarnar sýna hrygningargöngu loðnunnar og ljósbláir flekkir sýna útbreiðslu unglöðnu. Grænu örvarnar sýna fæðugöngur að sumri eins og þær voru – hefur breyst síðustu ár og er óþekkt. Bláu örvarnar sýna göngurnar til baka (síðsumar og haust) og skyggða græna svæði sýnir fæðusvæði fullorðinnar loðnu.

MYND/HJÁLMMAR VILHJÁLMSOHN

til þess að skipin hafi lengri tíma til veiðanna en vanalega,“ segir Vilhjálmur og vísar til þess að hefðbundin loðnuvertíð er iðulega á lokametrunum í kringum miðjan mars.

Vilhjálmur segir að haldi loðnan sig fyrir norðan þurfi það ekki að vera alslæmt, en svæðið sé vissulega erfiðara til veiða vegna veðurs og veiðisvæðið gefur sitt á hvaða meiri möguleika til að ná loðnunni í grunnót eða djúpnót. „Hún er ýmist á grunnu vatni eða djúpu, og það er líka sérstakt og erfiðara við að eiga.“



„En þetta er víst sá stakkur sem okkur er sniðinn til hafrannsóknar og þess utan margt annað sem við vildum rannsaka.“

Jóhann Sigurjónsson,
forstjóri Hafrannsóknastofnunar.

ÚRVAL ÚTSÝN

Tíminn er dýrmætur

NÝTUM HANN VEL

VALENCIA 1.-5. APRÍL

Einstaklega falleg borg sem byggir á mikilli sögu. Tvíbýli með morgunverði á Hótel Sorolla Palace.

NETVERÐ FRÁ 109.900 KR.

LISSABON 16.-20. APRÍL

Íðandi stórborg en með þægilegt og hæglátt yfirbragð. Tvíbýli með morgunverði á Hótel VIP Zurique.

NETVERÐ FRÁ 99.900 KR.

**FAGRAR BORGIR,
MENNING OG MATUR**

BÓKAÐU Á UU.IS EÐA
HAFÐU SAMBAND Í SÍMA 585 4000

VELDU STUND OG STAÐ – VIÐ SJÁUM UM ALLT ANNAÐ

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.

TOPPLYKLASETT 22 STK

3/8" 6 - 22mm
Skrall
Frاملengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2202

6.900 m/vsk

Fullt verð 8.588



TOPPLYKLASETT 20 STK

1/2" toppar
Skrall 36 tanna
Stærðir 8 - 32mm
Flott sem áfylling í sett

vnr IBTGABB2001

4.900 m/vsk

Fullt verð 8.500



6.900 m/vsk

5.900 m/vsk

8.900 m/vsk



16.900 m/vsk

4.900 m/vsk

8.900 m/vsk

TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

14.900 m/vsk

Fullt verð 22.584



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.947



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

21.900 m/vsk

Fullt verð 36.732



VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 24mm,
Skrúfjárn, tangir, sexkantasett
Slaghamar, krafttöng
Nippillyklar og fl.

vnr IBTGCAI150R

39.900 m/vsk

Fullt verð 49.900



VERKFÆRATASKA STÁL 111 STK

Toppar 4 - 32 mm - Lyklar 8 - 32mm
skröll, skrúfjárn og margt fleira

39.900 m/vsk

Fullt verð 56.854



TOPPLYKLASETT 14 STK

Toppar 1" 36 - 80 mm
skrall og frاملengingar

49.900 m/vsk

Fullt verð 68.253



7 SKÜFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 177.750 m/vsk



Bus Hostel brotlegt: Héldu netfangi starfsmannsins

INNLENT Bus Hostel ehf. braut reglur um meðferð persónuupplýsinga þegar það lokaði ekki netfangi starfsmanns eftir að hann hætti hjá fyrirtækinu. Í staðinn var lykilorðinu að netfanginu breytt og póstur til starfsmannsins áfram-sendur á annað netfang.

Segir í úrskurði Persónuverndar að ekkert liggi fyrir um samþykki starfsmannsins í þessu máli og því hafi fyrirtækið brotið reglur um meðferð persónuupplýsinga. - skh

Póst- og fjarskiptastofnun hvetur fólk til að halda vöku sinni í hvers konar tölvusamskiptum: Ekki er í lagi að smella á hvaða hlekk sem er

UPPLÝSINGATÆKNI Netöryggis-sveit Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), CERT-ÍS, varar almenning og fyrirtæki við aukinni hættu á svokallaðri gagnagíslatöku.

Glæpurinn felst í því að mis-indismenn senda hlekk eða viðhengi í tölvuskeytum, skilaboðum á samfélagsmiðlum, eða sem boð í síma, sem hleypa óværu inn í viðkomandi tölvu eða snjalltæki og dulkóðar öll gögn sem þar er að finna, slyst fólk til að virkja forritið. Síðan er krafist lausnar-

gjalds til að opna fyrir gögnin. Fram kemur á vef PFS að tíðni sendinga sem þessara hafi færest mjög í vöxt.

„Slík blekkingarskeyti eru oft mjög vel gerð og líta út fyrir að vera frá einstaklingi eða fyrirtæki sem móttakandi skeytisins telur sig þekkja, er í viðskiptum við eða frá öðrum aðilum sem fólk treystir,“ segir þar. Þá geti hlekkur skeytisins eða viðhengi í fyrstu virst vera sárasaklaust, svo sem mynd, mp3-skrá, myndband á YouTube, zip-

skrár eða skilaboð frá til dæmis frá þekktum banka. „Eina leiðin til að verjast þessu er að hugsa sig ávallt vel um áður en smellt er á hlekk í tölvupósti og fá jafnvel staðfestingu frá viðkomandi sendanda um að hann hafi í raun sent viðkomandi skeyti. Hið sama á við um mikilvægi þess að sækja hugbúnað aðeins frá aðilum sem þú treystir,“ segir á vef PFS, um leið og áréttad er mikilvægi þess að eiga utan tölvukerfisins ætíð afrit af mikilvægum gögnum. - óká



NÆLT Í AÐGANGSÖRD Gagnagíslataka hefur færest í vöxt. Að sögn PFS er óvíst að fólk komist aftur í gögn sín þó svo að lausnargjald sé greitt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



ANWAR IBRAHIM Mannréttindasamtök hafa harðlega gagnrýnt réttarhöldin yfir honum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Málaferlum lokið: Anwar fimm ár í fangelsi

MALASÍA Anwar Ibrahim, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Malasíu og fyrrverandi forsætisráðherra, hlaut fimm ára fangelsisdóm fyrir að hafa haft samræði við karlmann.

Hæstiréttur Malasíu staðfesti dóminn í gær, en Anwar hefur sagt málaferlin öll vera spröttin af pólitískum rötum. Hann sagðist í gær bera höfuðið hátt, þótt hann væri að fara í fangelsi í þriðja sinn.

Alþjóðleg mannréttindasamtök hafa jafnframt harðlega gagnrýnt málaferlin. - gb



UPPREISNARMANNI HEILSAD Íbúar í Debaltseve sýna stuðning sinn. NORDICPHOTOS/AFP

5000 manns hafa látið lífið í átökunum í Úkraínu frá því þau hófust fyrir tæpu ári

Blásið í kulnaðar glæður

Litlar vonir virðast bundnar við tilraunir leiðtoga Þýskalands, Frakklands, Úkraínu og Rússlands til þess að koma nýju lífi í friðarsamkomulagið frá í september. Uppreisnarmenn og stjórnarliðar eiga enn í hörðum átökum og virðast hvorir tveggja reyna eftir megni að styrkja stöðu sína allt fram á síðustu stundu.

Fresta skipulagi í Helgúvík: Óvissa er um mengunaráhrif

STÓRIÐJA Umhverfis- og skipulagsnefnd Reykjanesbæjar hefur frestað breytingu á deiliskipulagi í Helgúvík vegna óvissu um mengunaráhrif starfseminnar sem fyrirhuguð er þar. Skipulagsstofnun hyggst láta þriðja aðila skoða samlegðaráhrif álvers og tveggja kísilvera á svæðinu eftir athugasemdir sem bárust í umhverfismati vegna verksmiðju Thorsil.

Ráðgjafar segja mikilvægt að samlegðaráhrif liggi fyrir áður en deiliskipulagsbreyting verði auglýst.

Fréttablaðið greindi frá fyrir júl að forsvarsmenn Atlantic Green Chemicals gerðu athugasemdir við frummatsskýrslu Thorsil og útreikninga um dreifingu mengunar og að sammögnunaráhrif mengunar væru ekki gerð nægilega góð skil. - sa

ÚKRAÍNA Undanfarna daga hafa embættismenn frá Rússlandi, Úkraínu, Frakklandi og Bretlandi setið á stífum fundum með úkraínskum aðskilnaðarsinum í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands.

Í dag bætast svo leiðtogar ríkjanna fjögurra í hópinn, þau Vladímír Pútín, Petró Porosjenkó, François Hollande og Angela Merkel. Fulltrúar frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu sitja einnig fundina.

Lítið hald hefur verið í friðarsamkomulaginu, sem gert var í september síðastliðnum. Bardagar hafa haldið linnulítið áfram og nú síðast segjast uppreisnarmenn loks hafa náð að umkringja borgina Debaltseve, sem hart hefur verið barist um undanfarnar vikur. Nokkur þúsund hermenn á vegum Úkraínustjórnar eru þar innikróaðir.

Átökin hafa nú kostað um fimm þúsund manns lífið frá því þau hófust fyrir tæpu ári.

Tilgangur fundarhaldanna nú er að blása nýju lífi í friðarsamkomulagið og sagði Hollande Frakk-

landsforseti þetta vera eitt síðasta tækifærið sem gefast myndi til þess að ná friði í Úkraínu. Að öðrum kosti blasi við stríð.

Áhersla verður ekki síst lögð á það að koma á vopnlausu svæði milli fylkinganna, þannig að líkur á átökum minnki.


Rússar hafa lengi haft þá kröfu að Úkraína verði gerð að sambandsríki, þar sem austurhéruðin Donetsk og Luhansk fái auknið sjálfstæði án fulls aðskilnaðar. Einungis þannig megi tryggja öryggi og velferð íbúa héraðanna.

Vesturlönd hafa hins vegar stutt kröfur Úkraínustjórnar um að aðskilnaðarsinnar leggi niður vopn og Rússar hætti sömuleiðis öllum afskiptum af innri málefnum Úkraínu.

Evrópusambandið hefur boðað hertar refsiaðgerðir gegn Rússlandi, en bíður þess hvort árangur náist á fundinum í Minsk. Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur íhugað að senda Úkraínustjórn vopn, en Angela Merkel Þýskalandskanslari og aðrir leiðtogar í Evrópu hafa verið andvígir því. gudsteinn@frettabladid.is

Samningaleiðin reynd á ný

Leiðtogar Þýskalands, Frakklands, Rússlands og Úkraínu ætla að hittast í Hvíta-Rússlandi í dag til að endurlífga friðarsamninginn frá í september, sem ekki hefur reynt mikið hald í til þessa.



Djúpvegur opinn en ófært um Steingrímsfjarðarheiði:

Veður hamlar umferð

SAMGÖNGUR Opnað var í gær fyrir umferð á Djúpvegi við Hólmavík sem var lokaður vegna vatnsskemmda.

Ræsið sem olli vatnsflaumnum í bæjarlæknum er enn stíflað en gert hefur verið við veginn til bráðabirgða og samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni bíða frekari viðgerðir betra veðurs.

Nú er það aðeins vetrarfærðin sem gerir vegfarendum erfitt fyrir en ófært var í gær á Steingrímsfjarðarheiði og um Þróskulda. - kb



TIL BRÁÐABIRGÐA Frekari viðgerðir á Djúpvegi bíða. MYND/JÓN HALLDÓRSSON

Byggðarráð Skagafjarðar undrast en samþykkir beiðni Vinnumálastofnunar:

Fær frítt húsnæði í Skagafirði

STJÓRNSÝSLA Byggðarráð Skagafjarðar furðar sig á beiðni Vinnumálastofnunar um ókeypis húsnæði á Saudárkróki. Stofnunin sagði upp leigusamningi sínum við sveitarfélagið á síðasta ári.

Í bókun byggðarráðs segir að um sé að ræða fundaraðstöðu þar sem trúnaðarsamtöl geti farið fram nokkrum sinnum í mánuði.

Þá gagnrýnir byggðarráðið að starfsstöð stofnunarinnar í Skagafirði hafi verið lögð niður. Gissur Pétursson, forstjóri

Vinnumálastofnunar, segir í samtali við Fréttablaðið: „Við erum að þjónusta atvinnuleitendur í Skagafirði hvort sem þeir eru á atvinnuleysisbótum eða vantar fjárhagsaðstoð og lítum á aðstöðuna sem sannjarnt framlag af hálfu sveitarfélagsins.“

„Þetta er sérstök beiðni, en við samþykktum hana með hagsmunum þjónustuþega að leiðarljósi,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðsins. - ie



STEFÁN VAGN STEFÁNSSON Formaður byggðarráðs Skagafjarðar segir áhyggju-efni að ríkisstofnanir segi upp starfsmönnum á landsbyggðinni.

STOFN ENDUR- GREIÐSLA

Nú er gaman að vera hjá Sjóvá, því þessa dagana fá 22.060 tónlausar og skilvísar fjölskyldur í Stofni endurgreiddan hluta af iðgjöldum síðasta árs. Við erum stolt af því að vera eina tryggingafélagið sem umbunar viðskiptavinum sínum á þennan hátt.

Þú sækir endurgreiðsluna á **Mínar síður** á sjova.is

AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER SKEMMTILEGT



ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ



Fjármálaráðherra samþykkir skattagagnakaupin: Eltum peningana

Gott og vel. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur tekið af öll tvímæli um að hann vill að skattaskjólsgögnin verði keypt. Hann hefur gert annað og meira. Hann hefur upplýst að ljóst sé að í gögnunum eru vísbendingar um skattaundanskot. Þar með er ljóst að gögnin verða keypt. Annað kemur ekki til greina og annað verður ekki samþykkt.

Óvenju mikil spenna varð í þessu máli þegar Bjarni varð ekki sjálfum sér líkur. Hann stóð í gustinum á tröppum stjórnarráðshússins við Lækjargötu og jóskómum yfir skattrannsóknarstjóra ríkisins. Bjarni var reiðari, sótti fastar að annarri manneskju en við eigum að venjast af honum. Bjarni á til að vera harðorður í þinginu, í pólitískum átökum. Nú bar nýtt við.

Bjarni segist hafa verið óþolinmóður, að sér hafi þótt Embætti skattrannsóknarstjóra hafa tekið sér of langan tíma í þessu annars viðkvæma máli. Leiðin að lokasvari ráðuneytisins var löng. En það er komið. „... að hversu miklu gagni þær geta komið við rannsókn á skattundanskotum og ákvörðun um kaup á þeim liggur hjá embætti skattrannsóknarstjóra en fjármála- og efnahagsráðuneytið er tilbúið að greiða fyrir kaupunum, verði það niðurstaða embættisins.“ Sem sagt, Bjarni, eða réttara sagt fjármálaráðuneytið, samþykkir að borga fyrir gögnin, sé það vilji skattrannsóknarstjóra að kaupa þau. Til þess að af kaupunum geti orðið þarf að vinna áfram í málinu, tæknilegar hindranir kunna að vera í veginum.

Mikill ávinningur kann að vera af kaupunum. Á sama tíma verður að viðurkennast að vandmeðfarið er fyrir ríkissjóð að eiga í viðskiptum við óþekktan seljanda sem hugsanlega falbýður illa fengin gögn. Það eru sjónarmið. Önnur og veigameiri eru þau rök að með gögnunum sé tvennt undir. Það fyrra að ríkissjóður fái það sem honum ber frá þeim sem hafa komið sér undan að taka fullan og lagalegan þátt í uppbyggingu og viðhaldi samfélagsins. Það er skylda þeirra sem hafa flúið með auðæfi í skattaskjól. Að auki er brot á lögum að skjóta tekjum og eignum undan sköttum. Það er refsivert og mikilvægt er að þeir sem hafa gerst brotlegir taki afleiðingum gerða sinna.

Svara verður hvort amnesty-ákvæði eigi við í þessu máli. Á að gefa skattsvikurum kost á að gera hreint fyrir sínum dyrum? Gera þeim kleift að jata á sig sakir gegn því að þeir sleppi við refsingar, aðrar en víðeigandi skattgreiðslur, sektir og vexti en þeir sleppi við refsisdómsmál á hendur sér? Þetta kann að verða mikið deilumál og átakamál.

Bjarni átti ekki annan kost en að koma fram og tala við fjölmiðla. Svo mikið var málið farið að þrengja að honum, skaða hann pólitískt. Bjarni átti heldur ekki annan kost en taka vel í að kaupa gögnin dularfullu. Ásakanir á hann eru og hafa verið alvarlegar. Bjarna hefur verið borið á brýn að hann hafi viljað koma í veg fyrir kaupin, að hann hafi þar með viljað torvelda rannsóknir, hugsanlega á vinum sínum og ættingjum, og til að hreinsa sig af þeim áburði verður hann að láta hug fylgja máli. Það hefur hann gert.

Nú verður ekki aftur snúið. Það á að elta peningana.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þjóðin og ríkið

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, var harðorður í garð fréttastofu Ríkisútvarpsins á dögunum. Tílefnið var frétt um kvótafrumvarpið, en þar sagði Ásmundur um þær hugmyndir að ríkið verði eigandi veiðiréttinda: „Það er í mínum huga svolítið sovéskt fyrirkomulag ...“ Ósagt skal látið hvort Ásmundur fékk bágt fyrir vegna ummæla sinna, en þegar hann mætti á Bylgjuna á mánudag sparaði hann RÚV ekki stóru orðin og sagði að viðtalinu hefði verið snúið algjörliga á rönguna. Enginn sé að tala um að kvótinn sé ekki sameign þjóðarinnar.



Það er ljótt að ljúga

Þetta er býsna athyglisverður málflutningur hjá þingmanninum. Honum finnst sovéskt fyrirkomulag að kvótinn sé í eigu ríkisins, en enginn sé að tala um að kvótinn sé ekki sameign þjóðarinnar. Annaðhvort er Ásmundur búinn að þróa með sér nýjan og óþekktan málkilning, eða hann er að segja ósatt, en það er ljótt að ljúga.

Nema von sé á ákvæði í frumvarpinu um að þjóðin verði beinn eigandi kvótans án nokkurrar aðkomu ríkisins? Það væri vissulega áhugavert fyrirkomulag með kvótaþingi á hverju heimili.



Vænisykin versta vopnið

Annars eru þessi ummæli Ásmundar dæmi um plagsið sem orðinn er útbreiddur hér á landi á, eins og skáldið kvað. Það þykir alveg sjálfsagt að vega að æru og starfsheiðri fréttamanna og væna þá um annarleg sjónarmið og þaðan af verra. Ásmundur gerði þá kröfu til fréttamanna, sérstaklega á RÚV, að þeir segðu satt, án nokkurrar dæma um að sagt væri ósatt. Hvernig væri nú að stjórn- málamaðnum þessa lands færu að standa í lappinnar og gangast við eigin ummælum? Biðjast jafnvel afsökunar á óviður- kvæmilegum orðum, frekar en að væna heila stétt um óheiðarleika? kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Aukinn stuðningur við börn

BORGARMÁL



Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar

Meirihluti Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, VG og Pírata í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar hefur ráðist í aðgerðir til að auka stuðning við börn í svokölluðum fjölbættum vanda, en undir hann flokkast alvarlegur geðrænn vandi, hegðunarvandi og vímuefnavandi. Skólastjórar hafa áætlað að í grunnskólum þúsund nemendur, glími á þriðja hundruð barna við fjölbættan vanda, sem skól- ar eiga erfitt með að leysa. Þar af hefur verið áætlað að 30-40 ungmenni séu í vímuefnavanda. Skólar og starfsfólk sérfræðipjónustu borgarinnar hafa um árabil veitt foreldrum og fagfólki í skólum ráðgjöf vegna hegðunarerfiðleika og annars fjölbættis vanda og í fyrria var fjölgað ráðgjöfum við Brúarskóla sem sérhæfir sig í þjónustu við umrædda nemendur og starfa þeir með grunnskólum í borginni við að leysa úr málum einstakra nemenda.

Aðgerðir meirihlutans nú fela í sér að sett verður á fót sérstakt viðbragðs- teymi sem mun aðstoða skóla við að leysa úr einstökum málum og velja víðeigandi úrræði. Teymið mun líka hafa víðtækt umboð til að móta og þróa ný úrræði til að mæta vanda umræddra barna og mun sú vinna fara fram í nánu samstarfi

við skólastjórnendur, foreldra og fagfólk undir stjórn ráðgjafasviðs Brúarskóla. Þeirri vinnu á að vera lokið fyrir 1. maí næstkomandi. Teymið mun leita samstarfs við Barnaverndarstofu sem hefur m.a. boðið foreldrum úrræði á borð við PMTO Foreldrafærni og svonefnda Fjölkorfameðferð (MST) en tekist hefur að draga verulega úr vímuefnanotkun, afbrotum og ofbeldishegðun þeirra 12-18 ára ungmenna sem fengið hafa þá meðferð.

Það er skylda okkar að bæta þjónustu við börn í fjölbættum vanda en jafnframt er mikilvægt að styrkja forvarnarstarf og bjóða foreldrum árangursrík úrræði sem hægt er að beita áður en vandinn verður illviðráðanlegur.

Mikill árangur hefur náðst á liðnum árum í að draga úr vímuefnaneyslu unglinga í borginni og má þakka það samstilltu átaki stjórnvalda, skóla, foreldra, forvarnaraðila, þjónustumiðstöðva í hverfum, íþróttafélaga, frístundamiðstöðva og fleiri. En nú er þörf á samskonar breiðfylkingu sem myndar stuðningsnet sem dugur fyrir börn sem eiga í alvarlegum fjölbættum vanda. Það verður mikilvægur prófsteinn á það hvort við stöndum undir nafni sem velferðarsamfélag.

Fyrsta hjálp fyrir þurrar varir

- Engir parabenar
- Engin ilmefni
- Engin litarefni

Fæst í apótekum

DECUBAL
EXPERT CARE FOR DRY SKIN

Einkavæðing í heilbrigðiskerfinu II: Hver er reynslan?

Nýlega skrifaði ég grein um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu þar sem ég rakti hinar ýmsu afleiðingar einkavæðingar fyrir skattgreiðendur, sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólk. Í stuttu máli má segja að einkavætt heilbrigðiskerfi sé dýrara, verra og ójafnara en opinbert heilbrigðiskerfi – og að einkavætt heilbrigðiskerfi hafi þann eina „kost“ að skapa gróða fyrir eigendur hinna einkavæddu stofnana. Í ljósi þess að enn þráast sumir heitir hægir menn við að reyna að réttlæta einkavæðingu heilbrigðisstofnana er ekki úr vegi að skoða aðeins betur eitt tiltekið dæmi um einkavæðingu á undanförmum árum – einkavæðinguna í Svíþjóð á undanförmum áratug eða svo, undir forystu sænska Hægriflokksins sem þar var við völd þar til nýlega.

HEILBRIGÐIS-MÁL



Svandís Svavarsdóttir þingmaður VG

→ Nú bendir margt til þess að íslenska hægristjórnin ætli sér að lauma inn aukinni einkavæðingu án þess að fram fari opin og hreinskiptin umræða í samfélaginu. Það má ekki gerast.

ara stofnana, sem fjárfest höfðu í einkavæddum heilbrigðisstofnunum í þeirri von að taka út úr rekstrinum myndarlegan arð. Allt var þetta fyrirséð því það er auðvitað tilgangur og yfirlýst markmið einkafyrirtækja að skila hagnaði til eigenda sinna.

Fljótlega kom þó í ljós dálítið sem ekki var jafn fyrirséð: Eigendur hinna nýju einkavæddu heilbrigðisstofnana létu sér ekki nægja að taka gróðann út úr rekstrinum, heldur komu þeir sér undan því að greiða skatta með því að senda hagnaðinn beint í skattaskjól. Til þessa voru notaðar aðferðir á borð við að láta fjárfestingafyrirtæki í skattaskjólum „lána“ dótturfyrirtækjum sínum í Svíþjóð á háum vöxtum til að hagnaðurinn yrði ekki skattskyldur í Svíþjóð. Með þessu móti tókst fimm stærstu einkavæddu velferðarfyrirtækjum Svíþjóðar að greiða aðeins rétt rúmlega 2% skatt af hagnaði sínum, eins og afhjúpað var í dagblaðinu Dagens Nyheter.

Sænska einkavæðingin er víti til varnaðar

Hægir menn hafa gjarnan tekið Svíþjóð sem dæmi um sérlega vel heppnaða einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Þeir vilja jafnvel að við tökum okkur sænsku einkavæðinguna til fyrirmyndar. Þetta er undarlegt í ljósi þess hve misheppnuð sænska einkavæðingin var og er í raun og veru, en líka hjákátlegt í ljósi þess að sænska þjóðin kaus þessa stefnu burt með afgerandi hætti síðastliðið haust. Segja má að ekkert mál hafi skipað jafn stóran sess í sænsku kosningabaráttunni og einmitt gróðavæðing heilbrigðiskerfisins, og að það hafi í raun orðið sænsku hægristjórninni að falli. Nú bendir margt til þess að íslenska hægristjórnin ætli sér að lauma inn aukinni einkavæðingu án þess að fram fari opin og hreinskiptin umræða í samfélaginu. Það má ekki gerast.

Tímabært að gera umbætur á fyrirkomulagi kosninga

Fyrirkomulag kosninga til Alþingis hefur verið sífellt breytingum háð allt frá fyrstu tíð. Síðustu meginbreytingar tóku gildi 1959, 1987 og 2000.

KOSNINGAR



Þorkell Helgason fv. fulltrúi í stjórnlagaráði

Búsetuflutningar á landinu hafa einkum verið tilefni þessara breytinga. Í kjölfar tilfærslu fólks frá dreifbýli til þéttbýlis hefur risið krafa um jöfnun vægis atkvæða eftir búsetu svo og krafa um hlutfallslega rétta skiptingu þingsæta á milli flokka. Jafnframt hefur einatt verið kallað eftir raunhæfu persónukjöri, þ.e.a.s. því að kjósendur fái vald til að ráða því hvaða frambjóðendur nái kjöri.

Alltaf hafa þessar breytingar verið hálfkveðin vísa: Misvægi atkvæða eftir búsetu hefur verið minnkað, en því ekki verið útrýmt, og hefur því ætíð hallað á ógæfuhliðina á ný. Nú hafa kjósendur um tvöfalt meira atkvæðavægi norðan Hvalfjarðarganganna en sunnan þeirra. Dregið hefur verið úr misvægi í skiptingu þingsæta milli flokka en sá

ójöfnuður þó aldrei kveðinn í kútinn, samanber ójafna skiptingu sæta milli flokka eftir síðustu kosningar. Og persónukjör hefur ávallt verið í skötulíki eftir að lista-kosningar urðu meginreglan.

Þjóðin kallaði eftir breytingum í þjóðar- atkvæðagreiðslunni 20. október 2012. Þannig lýstu 2/3 þeirra sem afstöðu tóku sig því fylgjandi „að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt“ og meira en 3/4 kölluðu eftir persónukjöri „í meira mæli en nú“.

Umbætur hafa látið á sér standa

Stjórnlagaráð lagði til að í nýrri stjórnskrá yrði tekið á öllum þessum atriðum og videigandi ákvæði fest í stjórnskrá þannig að Alþingi velktist ekki í vafa um útfærsluna í kosningalögum.

Umbætur hafa þó látið á sér standa. Málið er nú til umfjöllunar í enn einni stjórnskrárnefndinni og verður að vænta þess að þar verði tillögum stjórnlagaráðs

→ Nú hafa kjósendur um tvöfalt meira atkvæðavægi norðan Hvalfjarðarganganna en sunnan þeirra. Dregið hefur verið úr misvægi í skiptingu þingsæta milli flokka en sá ójöfnuður þó aldrei kveðinn í kútinn, samanber ójafna skiptingu sæta milli flokka eftir síðustu kosningar.

fylgt eftir. Innan ramma gildandi stjórnskrár má þó gera ýmsar lagfæringar á fyrirkomulagi kosninga sé vilji fyrir hendi. Nokkrar hugmyndir þar að lútandi eru reifaðar í grein höfundar í vefritinu Stjórnarmál og stjórnsýsla, 2. tbl., 2014.

„Heill lýðræðisríkja ... hvílir á lítillfjörlegu tæknilegu atriði: fyrirkomulagi kosninga. Allt annað er aukaatriði“ sagði hinn mikli spænski hugsuður José Ortega y Gasset. Því er kallað eftir umræðu um þennan grundvöll lýðræðisins.

Möguleikar -nám og starf erlendis

Námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa og aðra leiðbeinendur
Mánudaginn 16. febrúar kl. 12:30-16:30, Borgartúni 30, 6. hæð

Dagskrá:

Léttur hádegisverður

Út vil ek – góð ráð við flutning til hinna Norðurlandanna

Hvað er gott að hafa í huga, þegar sótt er um nám erlendis

Kynning á upplýsingastofu um nám erlendis og nýjum upplýsingavef um nám erlendis www.farabara.is (samstarfsverkefni Rannís og SíNE)

Bollukaffi

Möguleikar sem bjóðast með Erasmus+

Möguleikar sem bjóðast með Nordplus

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldskólakennara og Námsorlof framhaldsskólakennara

Kynning á Europass ferilskránni

Atvinnuleit í Evrópu

Ekkert námskeiðsgjald – takmarkaður fjöldi þátttakenda. **Skráning á www.erasmusplus.is**



AF NETINU

Miðborg - ekki bara fyrir ferðamenn

Borgin okkar er að breyta um svip með fjölgun ferðamanna. Það er öruggt að tala ferðamanna verður yfir milljón á þessu ári. Hótel spretta upp eins og gorkúlur, íbúðarhús eru lögð undir ferðamannagistingu.

Í þessu er náttúrlega fólgin sú hættu að ekkert verði eftir nema túristalíf. Veitingahús, flíspeysuverslanir og lundabúðir. Nú er til dæmis fatabúð Guðsteins að loka á Laugaveginum. Þetta er samt betra en var um langt skeið þegar var eiginlega ekkert mannlíf í Miðbænum.

<http://www.ejjan.is/silfuregils>

Silfur Egils

Hvað gerir Reykvíkinga hamingjusama?

Er fólk hamingjusamt yfir fækkun bílastæða, þrengingu gatna, þéttingu byggðar í ljósi þess að samkvæmt þjónustukönnun eftir hverfum borgarinnar eru íbúar miðborgarinnar óánægðastir af öllum íbúum borgarinnar með skipulagsmálin, svik á stærsta kosningaloforði VG um gjaldfrjálsa leikskóla, hækkun þjónustugjalda, tæplega 1000 manna biðlista eftir félagslegum leiguíbúðum, samráðsleysi, sameiningu skóla, ferðabjónustu fatlaðra, mótuneytismál í skólum, skúraþingingar við skólahúsnæði, viðhaldsleysi skólabygginga, holóttar götur, flugvallarmálið eða kannski að vera í síðasta sæti í þjónustukönnun 19 stærstu sveitarfélaga landsins?

<http://www.blog.pressan.is/gudfinnajohanna>

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir

MERKISATBURÐIR

- 1752** Fyrsta sjúkrahús Bandaríkjana, Pennsylvania Hospital, var opnað.
- 1809** Robert Fulton fékk einkaleyfi á gufuskipi.
- 1814** Noregur lýsti formlega yfir sjálfstæði. Þar með voru dagar Dansk-norska ríkisins taldir.
- 1973** Tíu manns fórust með Sjöstjörnunni KE 8 er skipið sökk á milli Færeyja og Íslands, fimm Íslendingar og fimm Færeyingar.
- 1973** Sjónvarpið frumsýndi kvikmyndina Brekkukotsannál sem gerð var eftir samnefndri sögu Halldórs Laxness.
- 1980** Metafli var á loðnu á einum sólarhring, 23.180 lestrir.
- 1990** Nelson Mandela var sleppt úr fangelsi í Suður-Afríku eftir að hafa verið pólitískur fangi í 27 ár.



PETTA GERÐIST: 11. FEBRÚAR 2011

Mubarak hrökklaðist frá völdum

Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, lét undan áköfum þrýstingi almennings og hrökklaðist frá völdum þennan dag árið 2011. Þar með lauk nærri þriggja áratuga setu hans á forsetastóli.

Mikill fögnuður greip um sig meðal fólksins í landinu, enda

gerðist þetta eftir þriggja vikna mótmæli almennings. Sannkölluð þjóðhátíðarstemning var á Tahrir-torgi í Kaíró og víðar í Egyptalandi en Mubarak forðaði sér frá höfuðborginni og hélt til hallar sinnar við Sharm-el-Sheikh, syðst á Sínaískaga.

Herráðið tók við völdum í landinu til að byrja með. Barack Obama Bandaríkjaforseti, leiðtogar Evrópusambandsins og þjóðhöfðingjar margra ríkja lýstu ánægju sinni með þróun mála í Egyptalandi en hvöttu jafnframt til þess að lýðræði yrði virt.



Læsi undirstaða margs

Lionshreyfingin stendur fyrir málþingi í Norræna húsinu á morgun um lestrarvanda barna og aðgerðir til að sporna við honum. Guðrún Björt Yngvadóttir veit meira.

„Þingið er þáttur í að auka fræðslu um lestrarvanda barna bæði meðal almennings og fagfólks. Þar verða stuttir fyrirlestrar frá fólki sem þekkir vandamálið frá ýmsum hliðum og þingið er opið öllum meðan húsrúm leyfir,“ segir Guðrún Björt Yngvadóttir um málþing í Norræna húsinu á morgun, fimmtudag milli klukkan 16.30 og 18.30.

Guðrún Björt situr í alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar. „Það eru þrjú ár síðan við hófum átak í að sporna við lestrarerfiðleikum barna og nokkrir af viðburðum okkar hafa verið árvissir, þar á meðal svona málþing. Svo dreifum við bókamerkjum til tíu ára barna í gegnum skólakerfið til að hvetja þau til lestrar. Fengum ljóð eftir Þórarín Eldjárn sem er vel þekktur meðal barna og er skemmtilegur og myndinn. Í ljóðinu fjallar hann um hvernig bókin getur léð fólki vængi og opnað nýja veröld. Bók í hönd og þér halda engin bönd, bók í hönd og þú berst niður á strönd, bók í hönd og þú breytist í önd, bók í hönd, beint út í lönd.“

Guðrún segir verkefni tengd læsi barna í framkvæmd víða um land. „Lionsklúbbar úti um allt land eru með fasta viðburði í sínum skólum og nokkrir klúbbar aðstoða börn af erlendum uppruna við heimanám og lestur enda er læsi undirstaða svo margs,“ segir Guðrún og bætir við að átakið nái til 210 landa heimsins.

gun@frettabladid.is



Á ALÞJÓÐLEGU ÞINGI LIONS „Það eru þrjú ár síðan við hófum átak í að sporna við lestrarerfiðleikum barna,“ segir Guðrún.

Dagskrá málþingsins

Eftir ávarp Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra á málþinginu mun Guðrún Björt kynna lestraráttak Lions. Næst mun Sigríður Ólafsdóttir doktorsnemi fjalla um áhrif tvítyngis á þróun læsis og Dröfn Vilhjálmssdóttir kynna verkefni bókasafns Seljaskóla sem miðar að því að efla lestraráttak nemenda. Ingibjörg Ingólfssdóttir segir frá námskeiði byggðu á

Davis-aðferðinni, fyrir foreldra barna sem eru í efstu deildum leikskóla og grunur leikur á að þrói með sér lestrarörðugleika. Lestina rekur Guðni Ólgeirsson sem kynnir hugmyndir vinnuhóps menntamálaráðuneytisins um aðgerðir til að bæta læsi grunnskólabarna.

Fundarstjóri er Jón Bjarni Þorsteinsson, fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður Lions.

†
Ástkær systir okkar, amma og langamma,
GUÐBJÖRG JÓNA SIGURÐARDÓTTIR
lést á hjartadeild Landspítalans 21. janúar.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Anna Magga Sigurðardóttir
Jónbjörn Már Sigurðsson
Rúnar Ingi Sigurðsson
Amanda Sif Rúnarsdóttir
Borgþór Smári Rúnarsson

Margrét Tómasdóttir

†
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
ERLA GÍSLADÓTTIR
sjúkralíði
frá Patreksfirði,
Hólabergi 84, Reykjavík,
verður jarðsungen frá Háteigskirkju
laugardaginn 14. febrúar kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu
minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Lovísa Birgisdóttir
Hanna Ingibjörg Birgisdóttir
Pétur Birgisson
Gísli Kristján Birgisson
Ágústa Hera Birgisdóttir
Hlynur Freyr Birgisson

Guðmundur Jónsson
María Aðalbjarnardóttir
Elín Eva Lúðvíksdóttir
Stefanía Arnardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†
Ástkær faðir minn og tengdafaðir,
AÐALSTEINN SIGURÐSSON
fv. menntaskólakennari,
Ásabyggð 1, Akureyri,
er látinn. Hann verður jarðsungen frá
Akureyrarkirkju, mánudaginn 23. febrúar
kl. 13.30.

Sigurður Aðalsteinsson

Helena Dejak

†
Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
GESTUR JÓNSSON
fyrirum bóndi
í Skaftholti, Gnúpverjahreppi,
er látinn. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju
föstudaginn 13. febrúar kl. 14.00.
Jarðsett verður að Stóra-Núpi.

Gestur Jón Gestsson
Soffía Rósa Gestsdóttir
Halladórá Á. Heyden Gestsdóttir
Kristjana Heyden Gestsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Grétarsdóttir
Birgir Þór Borgþórsson
Steingrímur Ingvarsson

†
Ástkær móðir mín, systir okkar,
málgona og frænka,
INGA MARÍA INGÓLFSDÓTTIR
Dalsgerði 4d,
Akureyri,
lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð
föstudaginn 30. janúar sl. Útförin fer fram
frá Akureyrarkirkju 13. febrúar kl. 13.30.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlyningu á
Akureyri.

Hörður Ingi Stefánsson
Bragi Ingólfsson
Sveinn Ingólfsson
Anna Ingólfssdóttir
systkinabörn og fjölskyldur.

Ingibjörg Jóhannesdóttir
Guðmundur Ómar Guðmundsson

†
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
ÁSGEIR ÓLAFSSON
garðyrkjufraeðingur,
Þorláksgaia 5, Reykjavík,
lést 6. febrúar sl. Útför hans fer fram
frá Guðriðarkirkju í Grafarholti
föstudaginn 13. febrúar nk. klukkan 15.00.

Svanhvit Ásta Jósefsdóttir
Ebba Ólafía Ásgeirsdóttir
Ólafur Brynjar Ásgeirsson
Heiðar Þór Ásgeirsson
Ásgeir Elvar, Iris Ósk, Elva Karen, Arnar Bjarki, Heiðís Erla,
Bjarni Haukur, Elsie, Páll Kristinn, Anton Óskar og Aron Einar.

Guðni Guðjónsson
Ása Elisabeth Emelie Ljungberg

†
Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
KJARTAN HALLDÓRSSON
sægreifi,
lést á Borgarspítalanum 8. febrúar sl. Útför
hans verður frá Dómkirkjunni föstudaginn
13. febrúar næstkomandi kl. 13.00. Blóm
og kransar eru afþakkaðir, þeim sem vilja
minnast hans er bent á Blíndravínafélagið.

Jóhann Sævar Kjartansson
Halldór Páll Kjartansson
Elis Már Kjartansson
barnabörn og barnabarnabörn
og fjölskyldur þeirra.

Jóhanna Ósk Breiðdal
Elín Birna Bjarnfinnsdóttir
Unnur Lilja Aradóttir

†
Elskuleg dóttir okkar, systir og málgona,
UNNUR HÓLMFRÍÐUR HEIMISDÓTTIR
Sóleyjarrima 19, Reykjavík,
lést þriðjudaginn 27. janúar í faðmi
fjölskyldu sinnar á líknardeildinni í Kópavogi.
Aðstandendur vilja senda sérstakar þakkir til
heimahjúkrunar Karítasar og líknardeildarinnar í Kópavogi
fyrir ómetanlegan stuðning. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Heimir Svansson
Ósk Laufey Heimisdóttir
Heimir Jón Heimisson

Jónína Ástráðsdóttir
Hafþór Pálsson
Lilja Rut Ólafsdóttir

†
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
SUMARLÍÐI JENS SUMARLÍÐASON
Eirhómrúm 2, Mosfellsbæ,
lést á líknardeild Landspítalans 5. febrúar
sl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
mánudaginn 16. febrúar kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir,
en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð FSMA á
Íslandi, 0315-26-002380, kt. 650902-2380.

Ingibjörg Bjarnadóttir
Bjarni Jensson
Arnar Jensson
Sólveig Jensdóttir
Sigrún Jensdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elinborg Guðný Theodórs
Ragna Björk Þorvaldsdóttir
Gunnlaugur Bjarnason
Birgir Ingvason
barnabörn og barnabarnabörn.

OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER II



ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. febrúar 2015 | 6. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

FYRSTA
FLOKKS
ÞJÓNUSTA



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



ICELANDAIR

VELTA 2014
147 milljarðar kr.

VELTUAUKNING
8,80%



MAREL

VELTA 2014
107 milljarðar kr.

VELTUAUKNING
7,70%



ÖSSUR

VELTA 2014
67 milljarðar kr.

VELTUAUKNING
16,70%



— UPPGJÖR ÞRIGGJA STÆRSTU 2014 —

DOLLARINN HEFUR ÁHRIF

SÍÐA 6

Telja rafmagnið dýrt

HS Veitur og Landsnet vinna nú að því að reisa spennistöð í Vestmannaeyjum svo hægt sé að auka raforkuflutning til Vestmannaeyja. Að framkvæmdum loknum er vonast til þess að hægt verði að tvöfalda þau 22 megavött sem nú er hægt að flytja til Vestmannaeyja. Fiskvinnslurnar í bæjarfélaginu segja óljóst hvort það svári kostnaði að hætta notkun olíu við bræðslu þrátt fyrir breytingarnar. → **SÍÐA 2**

Bláa lónið fyrirmynd

Danski athafnamaðurinn Morten Nygart, sem rekur fyrirtækið Global 2020 ásamt Scarlett, eigin konu sinni, telur raunhæft að byggja upp ferðamannaadstöðu í Níkaragva með Bláa lónið á Íslandi sem fyrirmynd. Scarlett er frá Níkaragva, en þau hjónin hafa verið ráðgjafar stjórnvalda í landinu á sviði endurnýjanlegrar orku. Nygart telur raunhæft að byggja upp Bláa lónið. „Já, algjörlega, það er væntanlega eitt af því sem mun byggjast upp fyrst,“ segir hann. → **SÍÐA 4**



Dohop stækkar ört

Dohop er ört stækkandi fyrirtæki. Davíð Gunnarsson, nýr framkvæmdastjóri, segir að nú starfi þar fimmtán manns en stefnt sé að því að þeir verði 25 í árslok. „Við vorum að klára ár sem var 20-25% stærra en 2013 en svo vorum við að klára janúar sem er 50% stærri en janúar í fyrra,“ segir Davíð um fyrirtækið. → **SÍÐA 8**

STJÓRNAR- MÁÐURINN

@stjornarmadur

Skoða má þóknarir sem slitastjórnarmenn taka sér gagnrýnum augum.

Svo virðist sem þeir taki sér kollega sína í Bretlandi til fyrirmyndar. → **SÍÐA 12**

TÖLVUKERFIÐ ÞITT Í ÖRUGGUM HÖNDUM

Öryggi

- Ráðgjöf
- Úttektir
- Stefnumótun

Afritun

- Hagkvæmar lausnir
- Mikil reynsla og traust vinnubrögð
- Sérfræðiráðgjöf

Kynntu þér málið:
460 3100 / sala@thecking.is

URÐARHVARF 6, 203 KÓPAVOGUR
HAFNARSTRÆTI 93-95, 600 AKUREYRI

460 3100
THECKING.IS



Orri Stefánsson
@thecking í 13 ár



Hinir útvöldu

Skjóðan

Á DÖGUNUM var loðnukvótinn ríflega tvöfaldaður, úr 260 þúsund tonnum í 580 þúsund tonn. Þetta er gleðiefni fyrir okkur Íslendinga því þjóðar-tekjur aukast um 20-25 milljarða að mati Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að þessi tekjuaukning rennur í vasa fárra útvaldra og nýtist ekki þjóðinni nema takmarkað. Sjö stærstu útgerðarfyrirtæki landsins fá ríflega 90 prósent viðbótarkvótans. Samkvæmt mati SFS fá Ísfélagið í Vestmannaeyjum og HB Grandi þannig á silfurfati tekjur sem nema 4-5 milljörðum. Samherji og Síldarvinnslan fá saman á bilinu 7-9 milljarða.

ÁBSPURÐUR segir sjávarútvegsráðherra ekki koma til greina að selja þennan viðbótarkvótan.

kvóta. Honum sé úthlutað eftir settum reglum. Hluti fari til útlendinga eftir gerðum samningum en megnið renni til íslenskra útgerða. Ljóst er að í endurgjaldslausri úthlutun ráðherra á tugmilljarða aflaverðmæti til örfárra innlendra útgerðarfyrirtækja felst stórfelldur gjafagjörningur, hvað sem líður milliríkjasamningum um hlutdeild erlendra ríkja í heildarflanum.

ÞAÐ GJAFAFYRIRKOMULAG sem komið hefur verið á í íslensku fiskveiðistjórnun er afleitt. Hér er ekki átt við kvótakerfið sem slíkt því flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að takmarka aðgengi að viðkvæmri auðlind. Það er hins vegar fráleitt útfærsla að afhenda hópi útvalinna aðgang að sameign þjóðarinnar gegn vægu eða engu gjaldi svo sem tíðkast hér á landi. Afrakstur þjóðarinnar af

hinna sameiginlegu auðlind verður best hámarkaður með því að nota markaðslausnir til að hámarka tekjur í sameiginlegan sjóð landsmanna.

NÚVERANDI fyrirkomulag hlunnfer þjóðina um milljarða og jafnvel milljarðatugi á ári hverju. Þessir fjármunir lenda í vösum hinna útvöldu. En það eru ekki aðeins beinu áhrifin af gjafakvótanum og skorti á samkeppni í sjávarútvegi, sem koma illa niður á íslensku samfélagi. Fyrirtækin útvöldu nota hagnaðinn af gjafakvótanum til að láta til sín taka á ýmsum sviðum íslensks atvinnulífs. Stærstu útgerðarfyrirtækin hafa undanfarin ár fjárfest fyrir milljarðatugi. Þrátt fyrir að nú standi yfir stórfelld endurnýjun fiskiskipaflorens og mikill fjöldi skipa sé í smíðum erlendis hafa stærstu útgerðirnar rífleg fjárráð til

að kaupa með manni og mús stærstu fyrirtæki landsins í greinum, sem eru ótengdar sjávarútvegi.

STÆRSTA matvælainnflutningsfyrirtæki landsins er nýlega komið í hendur Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. Sama útgerð er ráðandi eigandi Árvakurs með beinum og óbeinum hætti. Samherji keypti Olís auk þess að vera stór hluthafi í Árvakri í gegnum tengd fyrirtæki. Þessar fjárfestirki útgerðir brengja íslenskan fyrirtækjamarkað. Slíkt bitnar á samkeppni og samkeppnisskortur bitnar ávallt, þegar upp er staðið, á neytendum.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

4
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

10
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

0
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

NÝHERJI
25,7% frá áramótum

NÝHERJI & MAREL
5,9% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

BANK NORDIC
-3,8% frá áramótum

ICELANDAIR GR.
-7,8% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	100,0	-3,8%	-1,0%
Eimskipafélag Íslands	239,00	0,8%	0,8%
Fjaraskipti (Vodafone)	37,90	8,3%	-1,4%
Hagar	42,20	4,3%	0,5%
HB Grandi	38,15	12,9%	-4,1%
Icelandair Group	21,20	-0,9%	-7,8%
Marel	153,50	11,2%	5,9%
N1	23,85	2,8%	-0,6%
Nýherji	6,51	25,7%	5,9%
Reginn	14,20	4,8%	-1,4%
Sjóvá	11,81	-1,2%	-1,6%
Tryggingamiðstöðin	27,05	2,9%	-2,7%
Vátryggingafélag Íslands	9,22	1,9%	-0,6%
Össur	406,00	12,5%	-1,0%
Úrvalsvisitalan OMX18	1.369,72	4,5%	-1,7%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,05	10,8%	-1,8%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

Segir fáránlegt að olía sé ódýrari en rafmagn

Reisa á spennistöð í Vestmanneyjum svo hægt sé að auka raforkuflutning til eyjarinnar. Framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar segir raforkuverð svo hátt að ekki borgi sig að hætta olíubrennslu.

HS Veitur og Landsnet vinna nú að því að reisa spennistöð í Vestmanneyjum svo hægt sé að auka raforkuflutning til Vestmannaeyja. Að framkvæmdum loknum er vonast til þess að hægt verði að tvöfalda þau 22 megavött sem nú er hægt að flytja til Vestmanneyja.

Fiskvinnslurnar í bæjarfélaginu segja óljóst hvort það svari kostnaði að hætta notkun olíu við bræðslu þrátt fyrir breytingarnar.

„Það að verðleggja rafmagn með þeim hætti að það sé ódýrara að nota olíu er algjörlega fáránleg hugmynd. Bæði út frá sjónarhóli Vinnslustöðvarinnar og þjóðarbúsins,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, um verðlagningu á rafmagn til bræðslu í Vestmannaeyjum. Þegar mest lætur er um þriðjungur orkunotkunar Vinnslustöðvarinnar fengin með olíubrennslu að sögn Sigurgeirs.

Hann segir að án þess að fá tryggingu fyrir því að raforkuverð haldist hagstætt geti Vinnslustöðin ekki réttlætt fjárfestingar í að breyta búnaði til þess að auka raforkunotkun.

Stefán Friðriksson, fram-



HEIMAÆY Kostnaður við spennistöðina auk framkvæmda við Landeyjar er áætlaður á milli 700 og 800 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

kvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja, segir það afar kostnaðarsamt að hætta olíunotkun en Ísfélagið notar nánast eingöngu olíu við bræðslu. Það þurfi að vera ljóst að slíkar framkvæmdir borgi sig svo út í þær sé farið. Slíkt velti á þróun rafmagns- og olíuverðs sem afar erftit sé að spá um.

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna, segir að fiskvinnslurnar verði sjálfar að ákveða hvort það

borgi sig að hætta að nota olíu. „Það er þeirra mál en ekki okkar,“ segir Júlíus.

Kostnaður HS Veitna við verkefnið verður um 500 milljónir króna. Þá er áætlað að kostnaður Landsnets við framkvæmdir við Landeyjar verði á milli 200 og 300 milljónir króna. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist á þessu ári og verklok verði eftir rúmt ár.

ingvar@frettabladid.is

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

FIMMTUDAGUR 12. FEBRÚAR
Lánamál ríkisins – Útboð ríkisvixla Hampiðjan – Sex mánaða uppgjör

FÖSTUDAGUR 13. FEBRÚAR
Nýherji – Aðalfundur ársins 2014

MÁNUDAGUR 16. FEBRÚAR
Hagstofan – Fiskafli í janúar 2015

ÞRIÐJUDAGUR 17. FEBRÚAR
Þjóðskrá Íslands – Vísitala íbúða- verðs á höfuðborgarsvæðinu

MIÐVIKUDAGUR 18. FEBRÚAR
Tryggingamiðstöðin – Uppgjör fjórða ársfjórðungs birt Fjaraskipti – Ársuppgjör 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

Njóttu hlunninda fyrirtækjasamningsins. Þar má nefna:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
 - Neyðarnúmer er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
 - Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af öllum fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska eftir hverju sinni.
 - Hægt er að nálgast nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.
- + Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandair.is/fyrirtaeki Eins má senda fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR



Dalshraun 3

Skrifstofurými tilbúin til innréttinga

Fallegt 650 m² skrifstofurými á 2. hæð austur. Húsið er nýtt og Reitir munu innrétta rýmið í samráði við nýjan leigutaka. Næg bílastæði eru við húsið auk aðgangsstýrðs bílakjallara.



Hátún 2b

NÝTT TIL LEIGU

Vandað 648 m² skrifstofuhúsnæði til leigu á tveim hæðum auk kjallara. Á báðum hæðum eru rúmgóð og björt opin rými með stórum gluggum auk skrifstofu- og fundaraðstöðu. Húsnæðið er með gott aðgengi og næg bílastæði.



Klettagarðar 6

Stórt atvinnuhúsnæði

Til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi. Góð aðkoma er að húsinu, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Í rýminu eru tveir rúmgóðir salir með innkeyrsluhurðum, fallegt skrifstofurými á efri hæð, eldhús, snyrting og sturtuáðstaða.



Höfðabakki 9

Skrifstofuhæð með útsýni

Endurnýjuð rúmlega 900 m² skrifstofuhæð með frábæru útsýni. Á hæðinni eru skrifstofur og opin rými ásamt eldhúsum og snyrtingum. Mögulegt er að leigja hálfa hæðina. Höfðabakki 9 er rekinn með vistvænum hætti með starfandi húsverði.

TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á www.reitir.is og hjá **Halldóri Jenssýni** sölustjóra í **840 2100** eða halldor@reitir.is.

Kringlan 4–12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Viðskiptatækifæri Íbúðahótel

Til sölu 30 herbergja vel búið íbúðahótel á góðum stað í Reykjavík. Herbergin eru rúmgóð og snyrtileg með eldunaraðstöðu og öðru sem fylgja ber.

Reksturinn hefur gengið mjög vel og skilað góðum hagnaði. Bókunarhlutfall er mjög hátt yfir sumarmánuðina en íbúðirnar hafa verið leigðar í langtímaleigu yfir vetrarmánuðina. Bókanir næsta sumars líta mjög vel út og eru nú þegar tvöfalt fleiri en á sama tíma í fyrra.

Hótelid er rekið í leiguhúsnæði með góðum leigusamningi en ekki er um að ræða kaup á húsnæði heldur rekstri og innanstokksmunum.

Mjög gott viðskiptatækifæri fyrir fólk sem vill taka við góðum og þægilegum rekstri sem á mikið inni.

Áhugasamir aðilar hafi samband við Guðna Halldórsson sími 414 1200, gudni@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200



HEIMUR 01.15

Bláa lónið verður að fordæmi í Níkaragva

Danskur athafnamaður vill fá aðstoð Íslendinga svo íbúar í Níkaragva geti nýtt jarðvarma í meira mæli. Hann telur raunhæft að gera það lón fyrir ferðamenn með Bláa lónið að fyrirmynd.

Danski athafnamaðurinn Morten Nygart, sem rekur fyrirtækið Global 2020 ásamt Scarlett eiginkonu sinni, telur raunhæft að byggja upp ferðamannaástöðu í Níkaragva með Bláa lónið á Íslandi sem fyrirmynd. Scarlett er frá Níkaragva, en þau hjónin hafa verið ráðgjafar stjórnvalda í landinu á sviði endurnýjanlegrar orku. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, undirritaði í nóvember viljayfirlýsingu af hálfu Íslands um að efla samstarf við Níkaragva á sviði hagnýtingar endurnýtanlegra orkugjafa. Viljayfirlýsingin felur í sér að löndin tvö muni efla samvinnu sín á milli, m.a. hvað varðar þekkingu á sviði endurnýjanlegrar orku. Viljayfirlýsingin, sem er á milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og ráðuneytis orku- og námumála í Níkaragva, var undirrituð að viðstöddum Daniel Ortega, forseta landsins.

Morten Nygart segir í samtali við Markaðinn að mikill árangur hafi náðst í Níkaragva á sviði endurnýjanlegrar raforku. Nú sé verið að huga að því hvar í heiminum þekking á sviði jarðvarma sé

sem mest. „Og við segjum að Ísland sé eins og Houston jarðvarmans,“ segir Nygart. Hann segist strax hafa sett sig í samband við Hákon Gunnarsson, stofnanda Gekon, sem átti frumkvæði að klasasamstarfi innan jarðvarmageirans.

„Við sáum hvernig orkan var notuð á margvíslegan hátt og við sáum margar hugmyndir um notkun hennar í annars stigs framleiðslu,“ segir Nygart. Hann tekur fram að þar eigi hann meðal annars við í fiskeldi, í Bláa lóninu og á fleiri vegu. „Það var mögnuð lífsreynsla að sjá þetta,“ segir hann. Nygart segist einnig hafa hitt fólk frá Íslenska sjávarklasnum og þar væri hugsunin sú sama. Að nýta náttúrugæði til þess að framleiða margvíslega hluti.

Nygart segist vilja nýta þetta íslenska hugvit til að stofna auðlindagarði í Níkaragva sem yrði byggður eftir íslensku hugviti.

Eftir að viljayfirlýsingin var undirrituð í nóvember sé hann núna hingað kominn til þess að komast að því hverjir hafi áhuga á að taka þátt í þessu verkefni. „Við getum ekki þrýst á alla. Við getum ekki skuldbundið alla en við verðum að sjá hvaða viðbrögð við fáum og upp að hvaða marki þessi fyrirtæki vilja taka þátt. Það er svolítill ráðgáta því það er misjafnt hvað fólk vill,“ segir Nygart.

Hann segist gera sér grein fyrir að Íslendingar geti ekki farið í miklar fjárfestingar í þessum verkefnum. „Þeir hafa þekkingu og tíma og það er vilji til að taka þátt, ekki með peningum heldur öðrum hætti. Og það er það sem við viljum og vonumst eftir. En það þýðir auðvitað að við verðum að finna fjárfesta annars staðar,“ segir hann.



MORTEN NYGART Telur Ísland vera Houston jarðvarmans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjármagnsins verði síðan leitað annars staðar í Evrópu og sennilegast Bandaríkjunum líka.

Nygart sér fyrir sér að Íslendingar vinni að þessum verkefnum í Níkaragva. „Helst bara Íslendingar því hugmyndin er að flytja íslenska þekkingu til Níkaragva. Augljóslega eru Íslendingar ekki eina fólkið með flottar hugmyndir en þeir hafa sýnt það að þeir geta gert hluti á þessu sviði sem engir aðrir hafa gert. Það eina sem verður ekki hluti af þessu verkefni er íslenska krónan,“ segir Nygart í kaldhæðni.

Hann telur raunhæft að byggja upp Bláa lónið. „Já, algjörlega, það er væntanlega eitt af því sem mun byggjast upp fyrst,“ segir hann.

Nygart segist hafa verið í sambandi við Albert Albertsson, hjá HS Orku, vegna lónsins. „Hann fór með okkur til Níkaragva og hann hefur sýnt þessu verkefni mikinn áhuga,“ segir Nygart. jonhakon@frettabladid.is

Aðalfundur Marel hf. 2015

Aðalfundur Marel hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, miðvikudaginn 4. mars nk., kl. 16:00.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.13 í samþykktum félagsins.
- Breyting á samþykktum félagsins:
Grein 4.13 varðandi upplýsingar sem birta skal fyrir hluthafafundi og tímafresti þar að lútandi, í samræmi við grein 88. d. laga um hlutafélög nr. 2/1995.
- Önnur mál, löglega borin fram.

Fundarstörf munu fara fram á ensku.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 föstudaginn 27. febrúar.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 laugardaginn 22. febrúar.

Á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. frekari upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2014, upplýsingar um heildarfjöldu hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 10. febrúar 2015, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum sjö dögum fyrir fundinn á framangreindum aðalfundarvef félagsins sem og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15:30.

Stjórn Marel hf.



ALMANNATENGLAR
Pær Huguín og Hödd hafa nú fengið aðstöðu hjá Íslenska sjávarklasnum. MYND/ SVEINN SPEIGHT

Eigendur almannatenglafyrirtækisins Kviss leggja áherslu á nýmiðla:

Kvis í Sjávarklasann

Það veittu því margir athygli þegar sjónvarpskonurnar Huguín Halldórsdóttir og Hödd Vilhjálmisdóttir tilkynntu á Facebook fyrir viku að þær hefðu opnað almannatenglafyrirtækið Kviss.

Þær hafa unnið að undirbúningi að stofnun fyrirtækisins um nokkurra vikna skeið. Í gær skrifuðu þær svo undir samning við Íslenska sjávarklasann um leigu á starfsaðstöðu hjá Klasanum á Grandagarði. „Þær hafa verið vonum framar,“ segir Hödd Vilhjálmisdóttir um viðtökurnar sem nýja fyrirtækið hefur fengið. En á hádegi í gær höfðu 2.200 látið sér líka við Facebook-síðu fyrirtækisins.

Huguín segir að þær séu þegar byrjaðar að ræða við mögulega viðskiptavini, en hún hafi ekki tök á að nefna hverjir þeir eru á þess-

ari stundu. „Við erum að bjóða upp á almenna almannatenglaþjónustu. Við leggjum áherslu á samfélagsmiðla og líka kynningarmyndbönd sem eru kannski nýjung fyrir almannatengla. Til dæmis fyrir hópefli innan fyrirtækja, eða í formi stemningarmyndbands fyrir árshátíðir, viðtal við forstjóra fyrirtækja til að koma skilaboðum til starfsfólks eða viðskiptavina,“ segir Hödd og bætir því við að þetta efni megi líka nýta sem kynningarefni fyrir heimasíðu eða samfélagsmiðla.

Hödd bendir á að það sé ekki bara fjölmiðlareynslan sem nýtist þeim í starfi heldur líka menntunin. Hödd er lögfræðingur að mennt og Huguín er hagfræðingur. Þær leggja báðar áherslu á að þjónustan verði blanda af gleði og alvöru.

- jhh

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

BMW X5

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



AKTU ALVÖRU JEPPA Á HVAÐA VEGI SEM ER.

NÝR BMW X5 25d DÍSIL xDRIVE – VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

Þriðja kynslóðin af BMW X5 er með eina sparneytnustu dísilvélina í sínum flokki og fullkomið xDrive fjórhjóladrif. Verið velkomin í reynsluakstur og upplifið einstaka aksturseiginleika.

Hluti af staðalbúnaði meðal annars:

- Steptronic 8 gíra sjálfskipting
- 18" álfelgur
- Lykillaus gangsetning
- Rafdrifinn afturhleri
- Rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann
- Rafdrifið stýrishjól
- Nálgunarvarar að framan og aftan
- Bakkmyndavél
- Bluetooth fyrir síma og tónlist með raddstýringu
- 6,5" litaskjár á mælaborði

BL ehf.
Sævarhöfða 2 – 115 Reykjavík
Sími: 525 8000 – www.bmw.is





STJÓRNENDUR KYNNTU AFKOMU Hagnaður Össurar jókst um 45 prósent á milli ára. En stjórnendur telja að hagnaðurinn hefði orðið enn meiri ef gengisbreytingar hefðu ekki komið til.

FRÉTTABLAÐID/VALLI

Dollarinn setur strik í reikningana

Þrjú af stærstu félögunum í Kauphöll Íslands hafa birt ársreikninga. Öll eru félögin vaxandi. Stjórnendur eru ánægðir og horfa björtum augum á árið framundan, þótt styrking dollara geti haft neikvæð áhrif á reksturinn.

ÚTTEKT

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Þrjú stærstu félögin í Kauphöll Íslands, Össur, Icelandair og Marel, birtu ársreikninga fyrir árið 2014 í síðustu viku. Heilt yfir má segja að uppgjörin hafi verið góð en viðbrögð fjárfesta eru blendin.

Stjórnendur Marel's riðu á vaðið eftir lokun markaða á miðvikudaginn. Niðurstaða uppgjörs þeirra var sú að tekjur jukust úr 168 milljónum evra (25,2 milljörðum íslenskra króna) frá fjórða fjórðungi 2013 í 200 milljónir evra (30 milljarða króna) á fjórða fjórðungi 2014. Hagnaður fjórðungsins minnkaði hins vegar frá fyrra ári, var þrjár milljónir evra (600 milljónir króna) miðað við 3,7 milljónir (740 milljónir króna) eftir sama fjórðung árið á undan.

Tekjur ársins 2014 námu 712,6 milljónum evra (106 milljörðum króna) og hækkuðu um 7,7% frá fyrra ári þegar þær voru 661,5 milljónir evra (99,2 milljarðar króna). Vegna kostnaðar við hagræðingaradgerðir varð hagnaðurinn hins vegar um 8,9 milljónir evra (1,3 milljarðar króna) á milli ára. Árið 2013 nam hann 20,6 milljónum evra (3,1 milljarði króna) en árið 2014 nam hann 11,7 milljónum evra (1,75 milljörðum króna).

Góð viðbrögð

Það er óhætt að segja að viðbrögðin við uppgjörinu hafi verið mikil. Daginn eftir að það var birt var 3,7 milljarða velta með bréf í félaginu. Þann dag hækkaði gengi bréfa um 0,69 prósent. Gildi lífeyrissjóður keypti einna mest, eða fyrir 1,45 milljarða króna. Bréfin héldu áfram að hækka og eftir lokun markaða í gær nam hækkingin 6,6 prósentum.

Á uppgjörsfundi sem var haldinn á fimmtudaginn lagði Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel's, áherslu á að árið hefði byrjað rólega en algjör viðsnúningur hafi orðið um vorið og árið hafi endað vel. „Þetta ár var breytingum háð. Það byrjaði ekki vel en endaði mjög vel og við teljum okkur vera vel í stakk búin fyrir árið 2015,“ sagði Árni Oddur.

Stórfelldar uppsagnir

Breytingarnar hjá Marel hafa ekki verið gerðar án fórnar. Í tilkynningu til Kauphallar þann 10. júní á liðnu ári kom til dæmis fram að flutningur á starfsemi í Oss í Hollandi til Boxmeer myndi hafa í för með sér fækkun um 50-60 starfsgildi. Nú eftir áramót var svo greint frá því að 150 störf yrðu lögð niður í Bandaríkjunum og Singapúr vegna hagræðingar. „Sem betur fer er það þannig að efnahagsaðstæður eru fremur góðar. Flestir starfsmennirnir munu finna vinnu annars staðar

innan skamms tíma,“ sagði Árni Oddur.

Árni Oddur hefur sagt að umbreytingarferlið hjá fyrirtækinu, sem lagt var af stað í þegar hann tók við sem forstjóri í lok árs 2013, taki tvö ár. Kristján Markús Bragason, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, telur að það sem Marel hafi gefið upp varðandi einskíptisliði og hagræðingu geti skilað félaginu 14 milljónum evra á ársgrundvelli. Merki þessarar hagræðingar ættu fljótlega að fara að sjást í uppgjörum. „Ég held að við förum að sjá spor þessara breytinga á komandi fjórðungi,“ segir Kristján Markús, en bætir því þó við að það þurfi smá tíma fyrir breytingar af þessu tagi að hafa áhrif. Einkum þær sem snúast um meira en uppsagnir.

Hagnaður Icelandair jókst

Viðbrögð fjárfesta við ársreikningi Icelandair Group voru gerólik því sem varð í tilfalli Marel's. Ársreikningurinn var birtur seinni part fimmtudagsins. Gengi bréfa tók að lækka strax um morguninn og sveiflaðist fram eftir degi. Í lok gærdags hafði það lækkað um átta prósent frá því á fimmtudag.

Heildartekjur námu rúmum 205 milljónum dollara (27,1 milljarði króna) á fjórða fjórðungi en höfðu verið tæpar 213 milljónir dollara (28,2 milljarðar króna) á fjórða fjórðungi 2013 og lækkuðu

„Salan er sjö milljónum dollara minni ef við berum saman sölu á föstu gengi. Þetta hefur áhrif á hagnað okkar á fjórðungi og þetta hefur neikvæð áhrif á rekstur.“

Því um þrjú prósent. Tap félagsins á fjórða fjórðungi nemur tæpum 15 milljónum dollara (1.985 milljónum króna) sem er 64 prósent meira tap en á sama fjórðungi árið á undan. Sé litið til ársins í heild nam hagnaður hins vegar 66,5 milljónum dollara (8,8 milljörðum króna) eða um 18 prósentum meira en hagnaðurinn á öllu árinu á undan. Tekjur jukust um níu prósent og fóru í 1.113 milljónir dala (147 milljarða króna). Í afkomutilkynningu segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, að lækkingu eldsneytisverðs, aukin eftirspurn á Norður-Atlantshafsmarkaðinum og góð afkoma í leiguflygi hafi stuðlað að góðum rekstri. Veiking evrunnar gagnvart Bandaríkjadal hafi aftur á móti haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins auk þess sem kostnaður við skoðanir fraktvéla hafi verið mun hærri en gert hafði verið ráð fyrir.

Björgólfur segir að áfram sé gert ráð fyrir arðbærum innri vexti í félagsins á þessu ári. „Flugáætlun í millilanda-

flugum verður 14% umfangsmeiri samanborið við árið 2014 og fyrir liggur að veruleg uppbygging mun eiga sér stað í hótélstarfsemi félagsins í miðborg Reykjavíkur. Heilt á litið eru jákvæðar horfur í ferðapjónustu á Íslandi auk þess sem við teljum hagræðingarmarkaðinn og leiguflygsstarfsemi á árinu 2015,“ segir Björgólfur.

Miklar væntingar

Stefán Broddi Guðjónsson, hjá Greiningardeild Arion banka, segir að miklar væntingar hafi verið gerðar til afkomu Icelandair á verðbréfamarkaði. „Þannig að þótt niðurstaðan hafi verið í samræmi við áætlun félagsins fyrir árið 2014 var hún lakari en vænst var. Sama gildir um áætlun Icelandair fyrir árið 2015. Félagið gerir vissulega ráð fyrir góðri afkomu þó að áætlunin sé lægri en markaðurinn átti von á. Og þar sem markaðurinn er drifinn áfram af væntingum hafa hlutir í Icelandair lækkað frá uppgjöri,“ segir Stefán Broddi.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



DÝRT AÐ LEIGJA BÍL

Að leigja bíl á Keflavíkurflugvelli í sumar er fjórum sinnum dýrara en á Kaupmannahafnarflugvelli. Frá þessu greinir vefsíðan turisti.is

Situr þú í skítinum?

FYRIR **EFTIR**

Hreinsandi
fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari>

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara Amerísk gæðavara



PÉTUR INGI ARNARSON Framkvæmdastjóri Merkingar segir fyrirtækið vera framsækið og skapandi en jafnframt traust. MYNDIR/VALLI

ALLIR DAGAR ÓLÍKIR

MERKING KYNNIR Merking er rótgróið og traust fyrirtæki en einnig framsæk- ið og skapandi. Hönnun og framleiðsla á skiltum og merkingum er aðalstarf- semi fyrirtækisins. Ekkert verkefni er of stórt eða of lítið fyrir fyrirtækið.

Merking er stærsta og elsta skiltagerð landsins og hjá fyrirtækinu starfa 35 manns að jafnaði. „Viðskipta- vinir okkar eru bæði einstaklingar og fyrirtæki en fyrirtækin eru þó ráðandi. Merking hefur yfir að ráða mjög góðum tækjakosti til að takast á við hin ýmsu verkefni,“ segir Pétur Ingi Arnarson, framkvæmda- stjóri Merkingar.

Skilti og merkingar jafnt utan sem innan eru helsta viðfangsefni starfsfólks Merkingar. Ljósaskilti fyrirtækisins má sjá ansi víða og merkingar hvers konar, allt niður í einstaklingsmerkingar á skrif-

stofur. „Það má með sanni segja að ekkert verkefni þar sem eitt- hvað þarf að merkja sé of lítið eða of stórt fyrir okkur. Við prentum margra metra breið risasegl og setjum íslenska stafi á lykllaborð.“

Ýmiss konar sýningar hafa verið vaxandi þáttur í starfsemi Merkingar og hefur fyrirtækið meðal annars tekið þátt í framleiðslu á sýningu Eldheima um eldgosin í Heimaey og Surtsey. „Þetta var mjög metnaðarfullt og krefjandi verkefni sem tókst afburða vel. Áður höfðum við framleitt og sett upp stóra sýningu tengda Jóni Sig- urðssyni á Hrafnseyri, sem einnig ▶



SKILTI Skilti frá Merkingu af ýmsum stærðum og gerðum má sjá víða um land.

www.gengurvei.is

Ég og mín fjölskylda mælum með Prógastro DDS+3 góðgerlum

-Sigurbjörg Vignisdóttir-

Nýtur lífsins - Tryggir heilbrigða og sterka meltingarflóru með Prógastro

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmakaðanna

natures aid

Raspberry Ketones ADVANCE+ 400mg with Green Tea 60 CAPSULES

Karen Hauksdóttir

13 kíló farin!

„Sykurlöngunin hvarf, mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Ég þarf ekki að borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“

Jóhanna Sverrisdóttir

20 kíló farin!


„Raspberry Ketones er það eina sem hefur virkað fyrir mig!“

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmakaða og verslana

www.gengurvei.is



BÍLAMERKINGAR Hjá Merkingu er hægt að láta heilmerkja bíla eða setja á þá vörumerki og myndir.



ALLS KYNS STANDAR Pappastandar hafa verið vaxandi hluti af framleiðslu Merkingar en þar fer saman sterk vöruframsetning, gott verð og hraði í framleiðslu.



STÓR OG SMÁ VERK Ekkert verkefni er of lítið eða of stórt fyrir starfsfólk Merkingar.



GÓÐUR TÆKJAKOSTUR Fyrirtækið hefur yfir að ráða góðum tækjakosti til að takast á við fjölbreytt verkefni.

Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.

► gekk vel. Tækjabúnaður okkar er öflugur og við höfum verið leiðandi í tækninýjungum á okkar markaði. Íslenski markaðurinn er mjög fjölbreyttur og tækjakostur okkar endurspeglar þann veruleika sem við búum við. Við leggjum okkur fram við að uppfylla þarfir markaðarins bæði með því að veita faglega og góða þjónustu og geta svo afhent þá vöru sem óskað er," útskýrir Pétur Ingi.

Eins og áður segir eru viðfangsefni starfsfólks Merkingar fjölbreytt en meðal verkefna þeirra eru merkingar á bíla. „Við merkjum allar tegundir bíla, bæði heilmerkjum eða setjum vörumerki eða myndir á bílana. Pappastandar hafa verið vaxandi hluti af okkar framleiðslu en þar fer saman sterk

vöruframsetning, gott verð og hraði í framleiðslu. Með endurbættum tækjakosti höfum við náð góðum árangri í samkeppni við innfluttar lausnir á þessu sviði. Við hönnum líka og framleiðum vörustanda úr plexíglari, pvc, áli eða krossviði. Með tölvustýrðum fræsrum og laser-skurðarvélum eru okkur flestir vegir færir og getum við leyst flest mál sem koma inn á borð hjá okkur. Auk alls þessa bjóðum við frábærar

lausnir á sýningar- og kynningarbásum í tengslum við Re-Board en Re-Board er unnið úr hundrað prósent endurunninnu pappa.

Það er létt, meðfærilegt og óvenju sterkt sem gefur mikla möguleika í framleiðslu á til dæmis vörustöndum og húsgögnum.“

PLEXÍGLER Hjá Merkingu er hægt að fá ýmsar vörur eins og póstkassa og borðstanda úr plexíglari en fyrirtækið framleiðir vörurnar.



Yfirhafnir fyrir vorið komnar frá Basler!

Allar buxur á Útsölnni komnar á **50% afslátt!**

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN

Fylgist með okkur á Skipholti 29b • S.551 0770



GÓÐ ÞJÓNUSTA Starfsfólk Merkingar leggur sig fram um að uppfylla þarfir viðskiptavina

FJÖLBREYTT FRAMLEIÐSLA Merking er með efnissölu á plexíglari og er með mikið úrval af ýmsum tegundum af plasti á lager.

112

EINN EINN TVEIR



MIÐVIKUDAGUR 11. FEBRÚAR 2015

112-DAGURINN

er haldinn um land allt í dag



Þarf ekki að óttast að hringja í 112

Neyðarverðir 112 leitast við að draga fram tilteknar grunnupplýsingar í ákveðinni röð. Neyðarvörðurinn Vilhjálmur Halldórsson fer yfir ferlið.

SÍÐA 2



Hægt að bregðast strax við

Þýðingarmiklar barnaverndartilkynningar koma í gegnum 112. Þær eru að jafnaði 5-6 prósent af heildarfjölda barnaverndartilkynninga.

SÍÐA 4



Slysum ungra barna fjölgar

Slysum barna fyrstu fimm ævi-árin hefur fjölgað, samkvæmt slysskrá Íslands. Langflest slysin verða inni á eða við heimilið.

SÍÐA 4



Björgunarsveitarfólk framtíðarinnar

54 unglingsdeildir eru starfandi innan Landsbjargar. Meginmarkmið þeirra er að þjálfa upp björgunarsveitarfólk framtíðarinnar.

SÍÐA 6



Slökkviliðsmenn fræða börn í 3. bekk grunnskólanna ár hvert um eldvarnirnar heima fyrir og leyfa þeim svo gjarnan að skoða og prófa búnað slökkviliðsins. Myndin var tekin þegar börn úr Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Heiðarskóla heimsóttu Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar í haust. SÍÐA 2

MYND/GUÐNI HANNESSON

112-dagurinn – mikilvægt samstarf í almannabágu



Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra

Í dag verður 112-dagurinn haldinn víða um land líkt og undanfarin ár með það að markmiði að kynna neyðarnúmerið einn-einn-tveir og mikilvægi þess.

Hlutverk neyðarnúmersins er að efla öryggi og velferð á Íslandi og því er mikilvægt að allur almenningur, börn sem fullorðnir, geri sér grein fyrir eðli þjónustunnar og kunni að nota hana rétt. Neyðarnúmerið er hvort tveggja neyðarnúmer sem skal hringja í þegar slys ber að höndum og númer sem gegnir mikilvægu velferðarhlutverki í þágu barna. Sé grunur um að börn búi við óviðeigandi uppeldisaðstæður

ber að tilkynna um slíkt í gegnum númerið 112.

Öll viljum við búa við öryggi og velferð. Við sem eldri erum berum þá samfélagslegu ábyrgð að finna leiðir til að tryggja sem best öryggi þeirra sem yngri eru, m.a. með því að stuðla að aukinni hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Skólasamfélagið er góður vettvangur til að miðla fræðslu um mikilvægi þess að hafa sameiginlegt öryggisnet sem 112 neyðarnúmerið er og hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið átt í góðu samstarfi við forsvaraðila 112-dagsins undanfarin ár um framkvæmd dagsins. Ráðuneytið hefur nýlega

gefið út rafrænar handbækur um öryggi og velferð barna í leik- og grunnskólum þar sem m.a. er fjallað um neyðarnúmerið 112.

Í ár verður sjónum sérstaklega beint að börnum og ungmennum, öryggi þeirra og velferð. Markmiðið er að vekja athygli á því víðtæka öryggis- og velferðarkerfi sem börn og ungmenni hafa aðgang að í gegnum neyðarnúmerið 112 og að benda á mikilvægi þess að þau stuðli að eigin öryggi og annarra, meðal annars með þekkingu á neyðarnúmerinu, skyndihjálp og slysavörnum.

Ég hef hvatt skóla til að nýta þennan dag til að beina

kastljósinu að öryggis- og velferðarmálum nemenda eftir því sem tók eru á. Skólum ber að vinna að því að auka vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur, um líkamlega og andlega velferð, og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Með því að tengja námið við daglegt líf og starfsvettvang er unnt að efla læsi nemenda á umhverfi sitt og að þeir læri að bregðast við ólíkum aðstæðum.

Vinnum saman að því að kynna neyðarnúmerið 112 sem víðast og oftast til að allir viti að það á að hringja í 112 þegar upp koma áföll þar sem velferð og öryggi einhvers er í húfi.

• 112-DAGURINN – ÖRYGGI OG VELFERÐ BARNNA OG UNGMENNA

112-dagurinn hefur verið haldinn hér á landi samfleytt frá árinu 2005 og er því haldinn í ellefta sinn í dag.

Að þessu sinni er áhersla lögð á öryggi og velferð barna og ungmenna. 112-dagurinn er ævinlega haldinn 11. febrúar (11.2.) Hann er samstarfsverkefni Neyðarlínunnar og fjölda aðila sem tengjast neyðarnúmerinu með ýmsum hætti.

Þeir eru:

Barnaverndarstofa, Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslan, Landspítalinn, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Rauði krossinn,

Ríkislögreglustjóri, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðin.

112 er samræmt neyðarnúmer Evrópu og er dagurinn haldinn víða um álfuna til að minna á að aðeins þarf að kunna þetta einfalda númer til þess að fá aðstoð í neyð.

Markmiðið með 112-deginum er að kynna neyðarnúmerið 112 og starfsemi aðilanna sem tengjast því, efla vitund fólks um mikilvægi þessarar starfsemi og hvernig hún nýtist almenningi. Markmið dagsins er enn fremur að efla samstöðu og samkennd þeirra sem starfa að forvörnum, björgun og almannavörnum og undirstrika mikilvægi samstarfs þeirra og samhæfingar.

11.2

EINN EINN TVEIR
dagurinn



Að hringja í 112

Vilhjálmur
Halldórsson
neyðarvörður

Það þarf enginn að óttast það að hringja í 112 ef á þarf að halda. Neyðarvörður leiðir innhringjanda í gegnum símtalið með því að veita viðeigandi leiðbeiningar og spyrja einfaldra spurninga. Það er

gert til þess að meta hvernig viðbragð þarf að boða, hvað mikið, hversu hratt (á hvaða forgangi) og til að viðbragðsaðilar fái sem besta útkallslysingu á leið á vettvang.

Verkferill neyðarvarða er eins í upphafi allra símtala og því leitast þeir við að draga fram tilteknar grunnupplýsingar í ákveðinni röð og er ágætt fyrir innhringjendur að hafa það í huga. Fyrst er spurt um vettvang, það er hvert á að senda hjálpinu, og getur það verið sem dæmi heimilisfang, örnefni, sumarbústaðarnúmer, GPS-hnit eða gatnamót. Næst er spurt nánar um vettvanginn ef þörf er á, til dæmis íbúðarnúmer ef um fjölbýlishús er að ræða, heiti fyrirtækis, aðkomulýsingu, kennileiti eða nafn á bjöllu. Loks er innhringjandi spurður að nafni. Þetta ferli tekur alla jafna aðeins örfáar sekúndur og þá er komið að því að innhringjandi lýsi erindi sínu í stuttu og hnitmiðuðu máli. Mikilvægt er að fara ekki of mikið í smáatriði á þessu stigi símtalsins til að tefja ekki greiningu málsins og boðun viðbragðs. Nægur tími gefst til þess síðar í símtalinu.

Út frá þessum upplýsingum velur neyðarvörður viðeigandi verkferill og spyr nokkurra spurninga í viðbót sem eiga við það tilfelli og gefur í lokin leiðbeiningar um hvað skuli gera þangað til hjálpin berst. Eftir atvikum er símtalið flutt áfram á annan aðila, til dæmis lögreglu eða bakvakt barnaverndar ef erindið er barnaverndarmál sem ekki þolir bið. Í sumum tilfellum er símtali ekki slitið fyrir en hjálpin er komin á staðinn.

Útgangspunkturinn er að sá sem þarf á aðstoð að halda fái sem besta þjónustu á sem skemmstum tíma. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að um leið og neyðarvörður greinir alvarleika málsins getur hann boðað viðeigandi viðbragðsaðila með einum músarsmelli þótt hann haldi áfram að afla upplýsinga frá innhringjanda.

Oft er fólk í vafa um hvort það á að hringja eða ekki og byrjar jafnvel á að taka fram að ekki sé um neyðartilvik að ræða. Það er í raun óþarfi. Ef þig vantar aðstoð viðbragðsaðila þá hringir þú í 112. Hægt er að hringja í þjónustusíma lögreglustöðva um allt land til að fá upplýsingar og ráðleggingar ef ekki er um að ræða útkall. Í stuttu máli: Hringdu þótt þú sért í vafa.

● 112-BLAÐIÐ, 11. FEBRÚAR 2015

Útgefandi: Neyðarlínan ohf., Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, sími 570 2000.

Ábyrgðarmaður: Tómas Gíslason. Umsjón: Garðar H. Guðjónsson.

Blaðið er gefið út í tilefni af 112-deginum. Að honum standa: 112, Barnaverndarstofa, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslan, Embætti landlæknis, Landspítalinn, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Rauði krossinn, Ríkislögreglustjórnin, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Börnin eru áhugasöm um slysavarnir

Á 112 daginn, þann 11. febrúar eða þar um kring, hafa börn í fjórðu bekkjum grunnskóla landsins fengið fræðslu um slysavarnir.

Heilsuvernd skólabarna er starfrækt í öllum skólum landsins og eru það skólahjúkrunarfræðingar sem sinna henni að mestu. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Fræðsla og heilsuefling er því stór þáttur í starfinu. Fræðslan er samræmd um allt land og bjóða skólahjúkrunarfræðingar meðal annars upp á fræðslu um holla næringu, hreyfingu, hvíld, hreinlæti, geðheilbrigði og slysavarnir svo eitthvað sé nefnt.

Undanfarin ár hefur verið fræðsla um slysavarnir fyrir fjórða bekk grunnskóla á vegum heilsuverndar skólabarna en það er starfsemi heilsugæslunnar innan skólanna. „Um 3.100 börn, eða áttatíu prósent barna í fjórða bekk fengu þessa fræðslu víðs vegar um landið í fyrra,“ segir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, sviðsstjóri skólaheilsugæslu hjá þróunarsviði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

„Fræðslan snýst um það að börn þekki helstu slyshættur á skólalóðinni og í nánasta umhverfi, að þau viti hver eru fyrstu viðbrögð við slysum, læri að nota leiktæki rétt og læri að nota bílbelti rétt. Eins að þau varist öryggispúða í framsætum. Krakarnir eru mjög áhugasamir í þessari fræðslu og þau eru



Fræðslan snýst um það að börn þekki helstu slyshættur á skólalóðinni og í nánasta umhverfi. MYND/ERNIR

áköf í að deila með okkur sögum úr fjölskyldunni sem tengjast slysum og 112 númerinu og það skapast oft mjög fjörugar umræður.“

Ragnheiður segir börn yfirleitt vera vel meðvituð um 112 númerið sem slysa- eða neyðarnúmer en það sé einnig mikilvægt að halda opinni umræðunni um 112 númerið sem barnanúmerið á Íslandi. „Það þýðir að ef þau búa við eða þekkjá einhvern sem býr við vanhirðu, áreitni og/eða ofbeldi, þá geta þau hringt í 112 og fengið viðeigandi aðstoð.“

Hún bætir við að það sé álítmál hversu mikla skyndihjálpi eigi að kenna börnum. „Það er þó nauðsynlegt að kenna þeim hvernig þau eiga að bregðast við og það er að kalla á fullorðinn eða hringja í 112 til að fá hjálpi. Einnig er mikilvægt fyrir þau að þekkjá skyndihjálpi við bruna, höfuðhöggum og tannslýsum þar sem þetta eru áverkar þar sem einföld atriði geta komið í veg fyrir frekari skaða. Þetta eru allt atriði sem rík áhersla er lögð á í fræðslunni.“

Hundrað þúsund manns fengið fræðslu hjá LSS

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn halda upp á 112 daginn með því að veita 32 börnum um allt land viðurkenningu fyrir rétt svör í eldvarnagetraun.

Þetta er lokapunkturinn í árlegu eldvarnaátaki okkar,“ segir Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri LSS. „Í nóvember fara slökkviliðsmenn í alla þriðju bekk grunnskólanna og fræða börnin um eldvarnir. Þau kynnað jafnframt slökkviliðsmönnum, hlífðarfatnaði þeirra og tækjabúnaði.“

Börnin fá afhenta sögu um Loga og Glóð. „Sagan er miðuð við átta ára börn og í textanum kemur fram allt það sem börnin þurfa að vita til að geta leyst Eldvarnagetraunina sem fylgir með sögunni. Þau vinna verkefnið í samvinnu við foreldra og þannig breiðist fræðslan inn á 4.500 heimili ár hvert,“ útskýrir Valdimar.

Átakið byrjaði fyrir 22 árum, þannig að rúmlega hundrað þúsund manns á aldrinum nú til 32 ára hafa fengið þessa fræðslu hjá LSS. „Í skólaheimsóknunum kennum við jafnframt kennurunum að



Reynslan sýnir okkur að eldvarnafræðsla til barna skilar sér inn á heimili þeirra.

slökkva eld með handslökkvitæki. Reynslan sýnir okkur að eldvarnafræðsla til barna skilar sér inn á heimili þeirra.“

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn leggja áherslu á að allir til-einki sér grunnatriði eldvarna. Sem

fyrir leggja þeir megináherslu á að reykskyngjarar séu á hverju heimili enda er lífbjörgun forgangsverkefni slökkviliðanna. Í nýlegri Gallup-könnun mælast slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn með 98% traust.

Börnin eru mikilvægasta fólkið

Mikilvægasta fólkið verðskuldar mesta öryggið. Í PATRULL línunni er úrval vara sem gera heimilið öruggara fyrir yngstu fjölskyldumeðlimina, enda gerast flest slys á börnum innan veggja heimilisins. Með PATRULL KLÄMMA öryggishliðinu getur þú auðveldlega stúkað af svæði fyrir barnið með því að festa hliðið upp á milli tveggja dyrakarma og það hentar bæði fyrir hurða- og stigaop. Skoðaðu fleiri öryggisvörur fyrir börn á www.IKEA.is

8.900,-

PATRULL KLÄMMA öryggishlið
Með viðbótareiningu B6,5-13cm
B73-87, H73cm. Hvítt



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is





Langflest slys verða inni á eða við heimilið enda er mestum tíma barnanna varið þar.

Börnin geta sjálf valdið slysum

Dagbjört H. Kristinsdóttir
Slysavarnafélagið
Landsbjörg

Langflest slysin verða inni á eða við heimilin enda er mestum tíma barnanna varið þar.

Samkvæmt tölum frá Slysaskrá Íslands hefur slysum barna fyrstu fimm æviárin fjölgað og drengir slasast oftar en stúlkur. Langflest slysin verða inni á eða við heimilið enda er mestum tíma barnanna varið þar. Foreldrar og forráðamenn þurfa því að vera á tánum alla daga en það getur létt lífið að fara yfir umhverfi barnanna og gera ráðstafanir sem varna slysum.

Fall er ein af algengustu orsökum slysa á börnum. Það þarf ekki hátt fall til að barn beinbrotni eða hljóti höfuðáverka. Aldrei skal fara frá barni sem liggur á skiptiborði og hlið fyrir stiga eru nauðsynleg á heimilum ungra barna. Ekki ætti að þurfa að minnast á öryggislæsingar á gluggum. Hlífar á hvöss horn húsgagna og innréttinga hafa bjargað mörgum litlum kollinum frá áverkum og koma má í veg fyrir klemmda putta með frauðplasti á hurðum. Lyf, uppþvottaefni og þvottaefni á að geyma í læstum skápum sem eru það hátt að börn geti alls ekki komst í þau.

Gera þarf sérstakar ráðstafanir varðandi „heita bletti“ á heimilinu, þ.e. við eldaveil, strauaðstöðu og þar sem heitt vatn er til staðar. Vatnið er þó ekki bara hættulegt heitt. Sé barn

baðað eða óvarinn heitur pottur í nágrenninu þarf ávallt einhver fullorðinn að vera viðstaddur. Ung börn geta druknað í grunnu vatni og munum að drukknun er hljóðlát.

Leikföng vilja rata upp í litla munna og því þarf að ganga úr skugga um að þau henti aldri og þroska barnsins til að koma í veg fyrir köfnun. Aðrir smáhlutir eins og smátt sælgæti, hnetur og ísmolar geta auðveldlega staðið illa í börnum og plastumbúðir eru lífshættulegar.

Því miður hafa alvarleg slys orðið þar sem fatnaður barna hefur verið barninu hættulegur. Hálmál, hettur, treflar eða reimar geta fest í leiktækjum og valdið köfnun. Einnig eru nokkur dæmi um það að börn hafi nánast hengt sig í gardínusnúrum. Því þarf að hengja þær upp þar sem börn ná ekki í þær. Gætum vel að ungunum okkar, þeir eru það dýrmætasta sem við eigum.

andi sveitarfélags, annars er send skýrsla um símtalið næsta virka dag. Þegar grunur er um yfirvofandi ofbeldi er lögreglu einnig gert viðvart sem mætir á staðinn ásamt starfsfólki barnaverndarnefnda, útskýrir Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu. Hún segir líka koma fyrir að börn hringi í 112 vegna ofbeldis, hvort heldur um er að ræða heimilisofbeldi, líkamlegt ofbeldi eða kynferðislegt ofbeldi.

Steinunn segir þá stöðu geta komið upp að barn er vistað utan

Þýðingarmiklar tilkynningar til 112

112 hóf að taka við barnaverndartilkynningum í ársbyrjun 2004, eða fyrir rétt rúmum tíu árum. Tilgangurinn var að greiða fyrir því að almenningur gæti fullnægt tilkynningaskyldu sinni og að gera fólki auðveldara að koma á framfæri ábendingum og upplýsingum – tafarlaust. Samstarf 112 og barnaverndarnefnda hefur reynt afar vel og er fyrirmynd annarra þjóða í Evrópu.

Samstarfið er einkum og sér í lagi hugsað fyrir tilvik utan daglegs vinnutíma því barnaverndarnefndir starfa eins og aðrar stofnanir að degi til. Með því að hringja í 112 er hins vegar hægt að tilkynna til barnaverndar,“ útskýrir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. „Áður gat það vafist fyrir fólki hvert það átti að hringja utan hefðbundins vinnutíma. Þá var haft samband við lögreglu en málin eru ekki alltaf þess eðlis að það þyki rétt að blanda lögreglu í þau.“

Bragi segir enda mjög mikilvægt að gera skýran greinarmun á barnaverndartilkynningu og kæru til lögreglu. „Kæra er upphaf að sakamáli þegar einhver er grundaður um refsiverða háttsemi en í barnaverndartilkynningu felst aðeins beiðni um að hagir og aðstæður barns séu skoðaðar með tilliti til þess hvort tilefni sé að koma til hjálpar. Fólk ætti óhikað að geta tilkynnt til barnaverndarnefnda þegar það hefur áhyggjur af umönnun, heilsu eða velferð barns án þess að það þurfi að þýða upphaf að sakamáli.“

Bragi segir tilganginn með samstarfinu við 112 ekki síður hafa verið að koma á einu númeri yfir allt landið. „Það hafði mjög mikla þýðingu því á þeim tíma sem samstarfið hófst skipti fjöldi barnaverndarnefnda í landinu tugum og gerir enn. Það fór því eftir því hvar fólk bjó hvert það átti að hringja og það gat verið svolítið flókið að finna út úr því. Nú þarf bara að hringja í eitt númer.“

Fimm til sex prósent af heildarfjölda barnaverndartilkynninga hafa að jafnaði komið í gegnum 112 á ári hverju. Þær eru tæplega 5.200



Fimm til sex prósent af heildarfjölda barnaverndartilkynninga hafa að jafnaði komið í gegnum 112 á ári hverju frá því samstarf 112 og barnaverndarnefnda hófst fyrir rúmum tíu árum.

frá upphafi samstarfsins. 4.800 þeirra hafa greinst sem barnaverndarmál. Meirihluti tilkynninga kemur eftir sem áður frá lögreglu og þeim stofnunum þar sem börn dvelja.

„Þótt hlutfallið sé ekki hátt eru þetta engu að síður afar þýðingarmiklar tilkynningar. Sumar þeirra fengjum við jafnvel ekki inn á borð. Þessar tilkynningar berast yfirleitt þegar atburðurinn á sér stað sem gefur tilefni til að bregðast við um leið,“ segir Bragi og tekur dæmi: „Segjum að heimilisofbeldi komi upp um helgi og að börn séu á heimilinu. Þá er mikilvægt að geta brugðist við strax því eftir helgina getur allt verið fallið í ljúfa löð. Þá er ofbeldismaðurinn jafnvel búinn að beita fortölum þannig að ekkert verði úr frekari aðgerðum. Glugginn er bara opin á þessu tiltekna augnabliki og mikilvægt að koma barninu til hjálpar þá og fara á

Þó hlutfallið sé ekki hátt eru þetta engu að síður afar þýðingarmiklar tilkynningar. Sumar þeirra fengjum við jafnvel ekki inn á borð.

staðinn á meðan aðstæður eru augljósar,“ útskýrir Bragi. Hann segir einnig koma mikilvægar tilkynningar frá börnunum sjálfum í gegnum 112 og sömuleiðis frá foreldrum sem eiga börn í vanda.

Bragi er ánægður með hvernig samstarfið hefur tekist og hefur það orðið fyrirmynd annarra þjóða í Evrópu. „Við erum fyrst til að koma á fót einu sameiginlegu neyðarnúmeri fyrir barnaverndartilkynningar og er þetta fyrirkomulag án vafa komið til að vera.“

Viðbragðskehðjan virkar þegar velferð barns er í húfi

Starfsfólk barnaverndarnefnda er til staðar allan sólarhringinn til að bregðast við ef velferð barns er í húfi. Frá árinu 2004 hefur Neyðarlínan 112 tekið á móti tilkynningum til barnaverndarnefnda. Rúmlega 10 ára reynsla er því komin á þetta fyrirkomulag.

Starfsfólk 112 hefur fengið þjálfun í að greina þau erindi sem berast. „Í þeim tilfellum þar sem nauðsynlegt er að grípa strax til aðgerða vegna aðstæðna barns er erindinu þegar vísað til starfsfólks barnaverndarnefndar viðkom-

andi sveitarfélags, annars er send skýrsla um símtalið næsta virka dag. Þegar grunur er um yfirvofandi ofbeldi er lögreglu einnig gert viðvart sem mætir á staðinn ásamt starfsfólki barnaverndarnefnda, útskýrir Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu. Hún segir líka koma fyrir að börn hringi í 112 vegna ofbeldis, hvort heldur um er að ræða heimilisofbeldi, líkamlegt ofbeldi eða kynferðislegt ofbeldi.

Steinunn segir þá stöðu geta komið upp að barn er vistað utan

heimilis í kjölfar aðkomu lögreglu og starfsfólks barnaverndarnefndar. „Byrjað er á því að athuga hvort barn geti dvalið hjá ættingjum eða öðrum tengdum aðilum. Annars er leitað til heimila á vegum barnaverndarnefnda. Aðstæður barns eru kannaðar í kjölfarið á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og frekari úrræðum beitt eftir atvikum. Ef málið þarfnast einnig aðkomu lögreglu, s.s. ef grunur er um ofbeldi gagnvart barni fer jafnframt af stað lögreglurannsókn. Ef þörf er á vistun barns

utan heimilis er leitast við að takmarka þann tíma eins og kostur er og foreldrar jafnframt aðstoðaðir við að bæta aðstæður á heimili svo barn geti snúið aftur heim. Það getur þó komið upp sú staða að barn á ekki afturkvæmt á heimili sitt og er ráðstafað í fóstur til sjálfræðisaldurs.“

Svona virkar að sögn Steinunnar viðbragðskehðja sem hefur það hlutverk að tryggja öryggi barna. „112 er barnanúmerið á Íslandi og það er mikilvægt að kynna það fyrir börnum og fullorðnum.“



Starfsfólk barnaverndarnefnda er, að sögn Steinunnar, til taks allan sólarhringinn.

ÞVOTTAEFNI | HREINLÆTISVÖRUR | HÚÐVÖRUR | ANDLITSLÍNA | BARNAVÖRUR

VIÐKVÆM HÚÐ? PRÓFAÐU ALLA LÍNUNA...

...fyrir heimilið, fjölskylduna og þig.
Neutral er sérstaklega þróað fyrir viðkvæma húð og inniheldur engin ilmefni, litarefni eða paraben – þannig hjálpar Neutral þér að vernda húð allra í fjölskyldunni.

Skoðu allar Neutral vörurnar í næstu verslun eða kíktu á Neutral.is



ASTMA- OG OFNÆMISFÉLAG ÍSLANDS
MÆLIR MED VÖRUM FRÁ NEUTRAL

Neutral®



Sífelld fleiri börn koma með bangsann sinn til aðhlyningar á barnspítala Hringins.

MYND/ERNIR

Veikir bangsar fá lækningu

Einu sinni á ári er boðið upp á sérstakan bangsadag á barnspítala Hringins. Þá koma leikskólabörn með bangsann sinn til aðhlyningar en það er Lýðheilsufélag læknanna sem sér um daginn.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður félagsins, segir að sífelld fleiri börn komi með bangsann sinn. „Síðast var algjör sprenging þegar hátt í eitt þúsund börn mættu,“ segir hún.

„Markmiðið með þessum degi er fyrst og fremst að draga úr hræðslu barna við heilbrigðisstarfsfólk. Börnin eiga að upplifa spítalann á jákvæðan hátt. Þau fá tækifæri til að tjá sig við lækni og segja hvað ami að bangsanum. Það er mikilvægt að

rætt sé við börnin en ekki foreldra,“ segir Anna Kristín, en það eru læknar á fyrsta ári sem taka á móti börnunum. Um leið fá læknarnir þjálfun í samræðu með börnunum.

„Börnin fá að skoða líffæradúkk og læknirinn bendir þeim á hvað líffærin heita, einnig skoða þau röntgentæki og svo er auðvitað mikilvægt að bangsinn fái plástur,“ segir Anna Kristín.

„Það er gaman að sjá hversu vinsæll þessi dagur er. Við höfum velt því fyrir okkur hvort þörf sé á fleiri bangsadögum. Við höfum verið með bangsadag á Selfossi á vorin og höfum rætt um að vera með fleiri slíka daga á heilbrigðisstofnunum úti á landi. Auk þess langar okkur að bjóða upp á heimsóknir á leikskóla. Það er gaman að sjá hvað börnin lifa sig inn í þetta hlutverk og flest koma frá lækningum með bros á vör.“



„Þetta er mjög gefandi og skemmtilegt starf í góðum félagsskap,“ segir Katrín Lóa Sigurðardóttir, meðlimur Hafbjargar í Grindavík sem hér er önnur frá hægri.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Fjölbreytt starf og skemmtilegir félagar

Innan Landsbjargar eru starfandi 54 unglingsdeildir um allt land. Þær eru að öllu jöfnu ætlaðar unglingsum á aldrinum 13-18 ára og þar fer fram öflugt starf með það meginmarkmið að þjálfa upp björgunarsveitarfólk framtíðarinnar.

Allar unglingsdeildir innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru starfræktar sem einingar innan björgunarsveita. Björgunarsveitin Þorbjörn er staðsett í Grindavík og þar hefur unglingsdeildin Hafbjörg verið starfrækt síðan árið 1992 þegar hún var stofnuð af félagum björgunarsveitarinnar og 56 unglingsum.

Einn meðlima Hafbjargar er Katrín Lóa Sigurðardóttir en hún hefur verið meðlimur deildarinnar í rúm tvö ár. Hún segir starf deildarinnar mjög fjölbreytt og skemmtilegt og eiga erindi við flesta unglingsum. „Meðlimir Þorbjörns voru með kynningu í skólanum okkar

og þetta leit út fyrir að vera mjög spennandi starfsemi. Ég hafði líka áður kynnst starfsemi gegnum eldri vini mína og svo var þessi einnig meðlimur í sjöbjörgunarsveitinni í Grindavík áður fyrr.“

Deildin fundar yfirleitt vikulega þar sem meðlimir fá meðal annars kynningu á og kennslu í hinum ýmsu þáttum björgunarsveitarinnar, til dæmis ferðamennsku, rötun, kortalestri, fjallamennsku, sigi, fyrstu hjálp, leitartækni og ýmsu öðru. „Stundum eru æfingar í ofangreindum þáttum og við tökum þátt í æfingum björgunarsveita þar sem við leikum slasað fólk sem þarf á aðstoð að halda.“

Auk reglulegra funda fer hópurinn í ýmsar skemmtilegar ferðir, tjaldútilegur og á landsmót fyrir unglingsdeildir. „Bráðum verður til dæmis slöngubátanámsskið þar sem við megum taka þátt og síðan fáum við að mæta á fyrstu fundina með Þorbirni síðar á árinu. Við förum bæði í dags- og helgarferðir og heimsækjum viðbragðsaðila, svo sem lögreglu, slökkvilið eða Neyðarlínuna. Svo heimsækjum við líka aðrar unglingsdeildir þar sem



Auk reglulegra funda fer hópurinn í ýmsar skemmtilegar ferðir, tjaldútilegur og á landsmót fyrir unglingsdeildir.

MYND/ÚR EINKASAFNI

það er töluvert samstarf milli unglingsdeilda landsins.“

Sjálf stefnir Katrín Lóa á að starfa innan Þorbjörns þegar hún verður eldri. „Þetta er mjög gefandi og skemmtilegt starf í góðum félagsskap. Ég hef einnig mikinn áhuga á að taka þátt í starfi unglingsdeildarinnar þegar ég verð eldri og starfa þá sem umsjónarmaður. Nú þegar hef ég farið á nokkra fundi sem aðstoðarumsjónarmaður hjá yngri unglingsdeild okkar og hefur það verið mjög skemmtilegt.“



Rauði krossinn hefur boðið öllum grunnskólum landsins kennslu í skyndihjálpi. Um 35.000 nemendur hafa fengið kennslu og stendur verkefnið enn yfir.

Áhugasöm og námsfús

Rauði krossinn hefur undanfarið ár heimsótt grunnskóla landsins og kennt skyndihjálpi. Gunnhildur Sveinsdóttir heldur utan um verkefnið.

Við lögðum sérstaka áherslu á að ná til allra aldurhópa og allra landsmanna á þessu 90 ára afmælisári Rauða krossins og buðum öllum grunnskólum landsins kennslu í skyndihjálpi,“ útskýrir Gunnhildur.

Alls eru skólarnir 170 og á bilinu 42 til 43 þúsund nemendur sem sækja þá. Tvö hundruð sjálfboðaliðar buðu sig fram í verkefnið og

hafa þegar heimsótt 135 skóla. Um 35.000 grunnskólanemendur hafa því fengið kennslu í skyndihjálpi en farið var yfir endurlífsgun, losun aðskotahluta úr öndunarvegi, stöðvun á blæðingu og kælingu á bruna.

Gunnhildur segir verkefnið umfangsmikið en fræðslu í skyndihjálpi þurfi stöðugt að halda á lofti.

„Þetta er risavaxið verkefni sem stendur enn yfir en áætlað er að því ljúki fyrir lok febrúar. Skyndihjálpi er þekking sem þarf að kynna snemma til að hún verði okkur töm. Það þarf einnig að fara oft yfir þessa hluti á ævinni en á skyndihjálpi þarf fólk að halda í erfiðum og stressandi aðstæðum. Við viljum að krakkar kynnist þessu á grunn-

skólastigi, aftur á framhaldsskólastigi og svo þegar þau fara út í atvinnulífið,“ útskýrir Gunnhildur.

„Á fimm ára fresti verða breytingar sem miða við nýjustu rannsóknir á þessu sviði. En þekkingin er þó aldrei úrelt í sjálfu sér ef hægt er að nýta sér 112 og taka leiðsögn í gegnum síma. Mikilvægasta atriðið er að skipta sér af, vera tilbúinn til að aðstoða og hringja í 112.“

Gunnhildur segir verkefnið hafa mælst vel fyrir og sjálfboðaliðarnir hafi fengið góðar móttökur í skólunum. „Okkur var alls staðar vel tekið. Krakkarnir eru áhugasamir á þessum aldri og mjög fróðleiksúsir um þessi mál.“



*Nyátum
lépsins*



Börn eru hrein og bein

Börn sem hringja í 112 í neyðartilfellum standa sig iðulega afar vel, svara spurningum neyðarvarða skilmerkilega og lýsa því sem fyrir augu ber án þess að lesa meira út úr aðstæðunum sem oft er hjálplegt.

Elva Björk Björnsdóttir, varðstjóri hjá 112, segir einn stærsta kostinn við börn vera hversu einlæg þau séu. „Þau svara öllu hreint og beint. Þegar maður biður þau um að lýsa einhverju þá lýsa þau því sem þau sjá en eru ekki að reyna að túlka eða lesa í hlutina eins og fullorðnum er tamt.“

Elva Björk segir krakka einnig síður líklegri til að fyllast skelfingu. „Þau verða vissulega hrædd við aðstæðurnar og fara að gráta en þau missa ekki oft tókin. Ástæðan er líklega sú að þau gera sér oft ekki grein fyrir alvarleika mála.“

Elva Björk Björnsdóttir segir börn standa sig afar vel þegar þau hringja í 112.

MYND/VALLI



● NÝLEG DÆMI UM BÖRN SEM HAFU HRINGT Í 112

● Ung stúlka, undir tíu ára aldri, hringdi.

Hún hafði verið að rista sér brauð heima með vinkonu sinni og það fór að rjúka úr brauðristinni. Henni var leiðbeint að fara út enda húsið að fyllast af reyk. Hún var með grátstafinn í kverkunum og með áhyggjur yfir því að pabbi sinn yrði reiður. Hún svaraði hins vegar öllum spurningum okkar, lýsti litnum á reyknum og talaði við okkur þangað til slökkviliðið mætti. Hún stóð sig afar vel.

● Stelpa, um níu ára gömul, hringdi.

Frændi hennar hafði verið að passa hana og systkini hennar en fékk flogakast. Hún hringdi strax í 112, var mjög skýr og lýsti aðstæðum vel. Hún gat sagt hvar hún ætti heima og lýsti því sem hún sá skilmerkilega meðan hann var í kastinu. Þegar hann fór að vakna til meðvitundar vildum við kanna meðvitundarstig hans og létum stúlkuna spyrja hann spurninga, hvað hann hét, hvaða dagur væri og slíkt. Hún gerði það hiklaust og fannst það ekkert kjánalegt eins og mörgum fullorðnum myndi þykja. Síðan kom sjúkrabíllinn og tók við.

● Ingvar Óli 12 ára og Hafþór Ingi yngsti bróðir hans

voru nýkomnir inn eftir hafa verið að skreyta húsið fyrir Unglistahátíðina Eldur í Húnaþingi sem hófst degi síðar.

„Ég var að horfa á sjónvarpið með Hafþóri litla bróður mínum. Svo bað mamma mig um að koma og þá sá ég að hún lá á gólfinu. Ég spurði hana hvað ég ætti að gera og hún sagði mér að hringja í 112,“ rifjar Ingvar Óli upp.

Hann miðlaði þeim upplýsingum sem mamma hans vildi koma áleiðis til neyðarvarðarins og lýsti fyrir honum hvað var að gerast. „Ég sagði allt sem mamma sagði mér að segja, að hún væri að svitna og svoleiðis. Svo sagði hann mér að hringja í einhvern sem gæti komið fljótlega og að sjúkrabíllinn væri á leiðinni,“ útskýrir Ingvar Óli. Sjúkrabíllinn kom og sótti mömmu hans en eftir beið Ingvar Óli með litla bróður sínum.

Bio-Kult

Bio Kult Candéa inniheldur góðgerla, hvítlauk og grape seed extract

Styrkir meltinguna, vinnur á Candida sveppasýkingu í meltingavegi



“Mikill munur á húðinni og meltingunni”
Lilja Dröfn Kristinsdóttir

„Bio Kult Candéa hefur breytt lífi mínu“
Fjölur Kvaran

“Loksins laus við ristilkrampaköstin”
Jóhanna Þorvaldsdóttir

Vítamín fyrir konur á breytingaskeiði

Wellwoman 50+ formúlan inniheldur 26 vítamín, steinefni, andoxunarefni og næringarefni úr plöntum sem styðja við lykilkætti í heilsu kvenna sem komnar eru yfir fimmtugt. Þessir lykilkættir snúa einna helst að hjartavernd, heilastarfsemi og sjón. Sérstaklega samsett fjölvítamín til þess að viðhalda heilbrigðum og athafnasömum lífsstíl. Ætlað fyrir konur eftir tíðahvörf. Inniheldur meðal annars: grænt te, Q10, L-Carnitine og náttúrulegt karótín.

Menopace inniheldur 22 vítamín og steinefni auk Gamma Linolenic Acid (GLA) sem hjálpa við að halda jafnvægi í hormónabúskapnum. Menopace er góður valkostur fyrir konur til að viðhalda heilsu og lífsprótti á breytingaskeiðinu. Formúlan inniheldur ekki hormóna en er öflug blanda nauðsynlegra vítamína og steinefna. Konur sem nota ekki hormóna velja gjarnan Menopace til að létta á þeim einkennum sem breytingaskeiðið hefur í för með sér. Menopace ætti að taka að staðaldri svo eiginleikar þess nýtist til fullnustu.

Dagskammtur: 1 tafla á dag með aðalmáltíð.



BREYTINGASKEIÐ

KONA 50+

Menopace

wellwoman
50+

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Suzuki SX4 GLX 4WD 6/2013 ek.35þús. Beinskiptur. Ný ryðvarinn. Ný vetrardekk. Ásett verð 2.890.000.- Rnr.287141

BILASALA



Honda Jazz Elegance 6/2013 ek.43þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 2.490.000.- Rnr.311116

BILARYDVORN



Suzuki Swift GL 4WD 6/2011 ek.74þús. Beinskiptur. Álfulgur. Ásett verð 1.870.000.- Rnr.151054

BILARYDVORN



Nissan X-Trail 2/2007 ek.76þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Topplúga. Nýleg vetrardekk. Gúmmimotta í skotti. TILBOÐSVERÐ 1.590.000.- Rnr.311117

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ C 220 CDI. Árgærd 2013, ekinn 24 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.161045.



Kia cee'd EX 1.6. Árgærd 2014, ekinn 7 PKM, dísel, 6 girar. Verð 3.690.000. Rnr.991052. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



NISSAN Qashqai+2 se. Árgærd 2011, ekinn 84 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.240161.



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgærd 2006, ekinn 180 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.110635.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

KRÓKUR



KRÓKUR
Við flýtljum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

bilfang.is
S. 567 2000



EINN EIGANDI !

Toyota Landcruiser 120 GX DIESEL 10/2005 ek 181 þ.km sjálfskiptur, ný v-dekk, s-dekk fylgja, nýtt í bremsum ofl verð nú 3290 þús !!!



GOTT VERÐ !

RR-Sport Supercharged 10/2006 ek 138 þ.km Hlaðinn búnaði ný 20" v-dekk ofl Verð nú 3790 !!! (Skipti möguleg)



7 MANNA / 44" / DIESEL
MMC Pajero DID DIESEL 04/2006 ek aðeins 46 þ.km Glæsilegt eintak Ný 44" dekk (meiri uppl raðnr 126457) Verð 6.9 mil !!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

STÓRA BÍLASALAN



Hyundai Terracan GLX Árgærd 2005. Ekinn 158þ.km. Beinsk. Nýskoðaður. Tilboðsverð 1.190.000kr staðgreitt. Raðnr 156764. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Bilamarkaðurinn



TILBOÐ

MMC Pajero did. Árg 2004, ek. 256 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. tilboð 1.390.000 Rnr.106721.



TILBOÐ

OPEL Corsa enjoy. Árg 2007, ek. 98 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000tilboð 890.000 kr áhl - 708 þús afb27 . Rnr.106804.

Bílamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

100 bílar.is



Kia Ceed EX New 1,6 12/2012 ek 53 þkm sjsk, dísel, ásett verð er 3390 þús , er á staðnum, raðnr 119359.

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Toyota Landcruiser 200 VX 35" breyttur. Dísel árg 2008. Ek. 106 þús km Alltaf verið þjónustaður af Toyota. Er á nýjum nagladekkjum og sumardekk fylgja. Verð: 8.990.000.- Sími 6178836



MITSUBISHI Galant wagon. Árg ,98, ek. 189 PKM, bensín, sjálfskiptur. sko 2015 góður og heill bíll Verð 390.000. Rnr.761097. Uppl í s. 4200400 eða 7767600



500-999 þús.



SPARIBAUkur - TILBOÐ 790 ÞÚS

VW POLO 2006 ek.113 þús, tímakaðja, 5 dyra, beinskiptur, fínn bíll sem eyðir mjög litlu, ásett verð 920 þús TILBOÐ 790 ÞÚS, möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

Bílar óskast



Óska eftir Landcruiser 150, árgærd 2011-12. fyrir 6-7 milljónir staðgreitt og helst ekki mikið ekinn. Uppl. í s. 894 2460.

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en .00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappír og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Billinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com



SKODA Octavia ambiente. Árg ,04, ek. 215 PKM, bensín, 5 girar.sko 2016 nýleg tímareim og góð dekk Verð 490.000 staðgreitt. Rnr.210949. Uppl í s. 4200400 eða 7767600

Seldur.is

KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

250-499 þús.




TILBOÐ 320 ÞÚS - VÍBALÁN Í BOÐI

DAEWOO NUBIRA 1.6 SX WAGON árg'00 ek 133 þús, sjálfskiptur, ný heilsársdekk, heill og góður bíll, verð 320 þús, möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur • www.capacent.is

capacent

Jóhanna K. Pálsdóttir, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, segir að uppgjör fjórða fjórðungs hjá Icelandair Group hafi verið undir væntingum en frávikið hafi hvorki verið slíkt né vægi þess í heildarafkomu ársins svo mikið að það kalladi á viðbrögð markaðsaðila. „Flutningatölur voru gefnar út sama dag og uppgjörið kom og þær tölur voru mjög góðar bæði hvað varðar vöxt og nýtingu. Þær fréttir dugðu hins vegar ekki til, enda ætti afkomuspá félagsins að hafa tekið tillit til þess,“ segir Jóhanna. Hún segir Greiningu Íslandsbanka gera ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna til landsins á næstu árum og vöxturinn verði örugglega yfir 20% í ár. „Hlutdeild Icelandair í þeim vexti fer hins vegar minnkandi enda er samkeppni að aukast verulega,“ segir Jóhanna.

Minni sala vegna sterkari dollara
Stefán Broddi segir jafnframt að eftir röð uppgjóra, sem hafi verið yfir væntingum, hafi nýjasta uppgjör Össurar svo reynst lítið eitt undir væntingum markaðsaðila þótt það hafi verið í takti við þær áætlanir sem Össur hafði áður kynnt.

Uppgjör Össurar var birt seint á fimmtudagskvöld. Þar kemur fram að hagnaður fyrirtækisins jókst um 45% milli ára. Hagnaðurinn nam 59 milljónum Bandaríkjadala á síðasta ári eða 7,8 milljörðum króna, en var 41 milljón Bandaríkjadala árið á undan (5,4 milljarðar króna). Hagnaður Össurar á fjórða fjórðungi nam 15 milljónum dollara en var 14 milljónir dollara á sama fjórðungi árið áður og

„**Veiking evrunnar gagnvart Bandaríkjadal hafði neikvæð áhrif á rekstur félagsins auk þess sem kostnaður við skoðanir frakvéla var mun hærri en gert hafði verið ráð fyrir.**“

samsvarar munurinn rúmum 130 milljónum króna. Sala á fjórðungnum nam 129 milljónum dala samanboreið við 128 milljónir á fjórðungnum árið áður.

Á símafundi Jóns Sigurðssonar, forstjóra Össurar, og Sveins Sölvasonar fjármálastjóra á föstudag kom fram að styrking Bandaríkjadollara gagnvart öðrum viðskiptamyntum seinni hluta árs hafi haft neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins á fjórða fjórðungi.

„Salan er sjö milljónum dollara minni ef við berum saman sölu á föstu gengi. Þetta hefur áhrif á hagnað okkar á fjórðungnum og hefur neikvæð áhrif á reksturinn,“ sagði Sveinn Sölvason á fundinum.

Engu að síður sagðist Jón Sigurðsson líta framtíðina björtum augum. „Við gerum ráð fyrir að horfur á lykilmörkuðum verði stöðugar,“ sagði Jón Sigurðsson. símafundinum.



FORSTJÓRI ICELANDAIR GROUP Viðmælendur Markaðarins segja fjárfesta hafa haft óraunhæfar væntingar.

Fréttablaðið/Valli

ÁHRIF AF ALPJÓÐAVETTvangi

„Það má kannski segja að þróun á alþjóðavettvangi liti afkomu og starfsumhverfi þessara alþjóðlegu félaga meira nú en oft áður. Bendi ég þar fyrst á styrkingu dollarans en bæði Össur og Icelandair gera upp í dollara. Þegar aðrar myntir veikjast gagnvart dollaranum lækkar virði þeirra í dollara sem hefur áhrif á tekjur Icelandair og Össurar í uppgjörsmýntinni dollara,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, sérfræðingur í Greiningadeild Arion banka, um stöðu og horfur fyrirtækjanna þriggja. Hann bendir á að gagnvart Marel sé þessu ófugt farið, félagið gerir upp í evrum en stór hluti tekna

er í dollara og hluti kostnaðar einnig. „Í annan stað má nefna lækkun olíuverðs og reyndar hrávöruverðs yfirhöfuð. Þannig lækkar rekstrarkostnaður Icelandair eðlilega við lækkun eldsneytisverðs. Gagnvart Marel hefur lækkun hrávöruverðs lækkað framleiðslukostnað hjá viðskiptavinum sem virðist stuðla að hærri framlegð og fjárfestingum, sem aftur skila sér í fjölgun pantana hjá Marel. Síðan má bæta við lækkun vaxta á helstu markaðssvæðum félaganna sem eru jú aftur til komin vegna spáa um hægar vöxt á Vesturlöndum og viðsjáa í alþjóðamálum,“ segir Stefán Broddi.

ARTURO SANDOVAL

Eldborg
18. febrúar
Kl 20.00



Tífaldir Grammyverðlaunahafinn Arturo Sandoval heldur tónleika ásamt hljómsveit sinni í Eldborgarsal Hörpu næsta miðvikudag en Sandoval mun m.a. heiðra minningu góðvinar síns og lærimeistara Dizzie Gillespie's en nýjasta plata Sandoval „Dear Diz“ er óður til djassmeistarans.

Arturo Sandoval, sem fæddist á Kúbu, hefur, auk þess að spila mikið með Dizzie, spilað með mörgum þekktustu djassstónlistarmönnum heims en einnig með listamönnum á borð við Frank Sinatra, Paul Anka, Rod Stewart, Alicia Keys og Justin Timberlake.

Það verður því sannkölluð djassveisla í Eldborg 18. febrúar og enginn djassáhugamaður ætti að láta þetta fram hjá sér fara.

Miðasala harpa.is-midi.is og í síma 528 50 50



HÓTELSTJÓRINN Sigrún Þorgeirsdóttir hefur stýrt hótelinu í eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hálfrar aldar afmæli Hóltins fagnað með endurbótum á húsnæði þess:

Hótel Holt 50 ára

Eitt þekktasta hótél landsins fyllir fimmtíu árin á morgun. Hótel Holt var opnað þann 12. febrúar 1965. „Við ætlum að taka á móti okkar bestu viðskiptavinum og halda teiti fyrir þá og starfsfólkið okkar og fagna þannig,“ segir Sigrún Þorgeirsdóttir hótélstjóri í samtali við Markaðinn, spurð að því hvernig aðstandendur hótelsins muni gera sér dagamun.

„En svo er undirbúningurinn búinn að standa yfir allt árið af því að við höfum verið að leggja áherslu á að endurbæta. Við erum búin að vera að skipta út öllum pípuögnum og teppum og fleiru,“ bætir hún við.

Sigrún er búin að stýra hótelinu í eitt ár, en eigandi þess er Geirlaug Þorvaldsdóttir. Það var Þor-

valdur Guðmundsson, faðir hennar, og Ingibjörg Guðmundsdóttir, móðir hennar, sem hófu rekstur hótelsins. Þau Þorvaldur og Ingibjörg voru miklir listunnendur og allt hótelið ber vitni um það með málverkum og öðrum listaverkum.

Framboð á hótélrými hefur aukist nokkuð að undanförunu en Sigrún segir að hótelið standist fyllilega samkeppni við nýrri hótél. „Á Trip Advisor erum við á meðal fjögurra bestu hótela í Reykjavík,“ segir Sigrún, en hin hótelin eru Hilton, Marína og Þingholt.

Veitingahúsið á Hótel Holti, Gallery Restaurant, er rekið af þeim Friðgeiri Inga Eiríkssyni yfirmatreiðslumanni, Eiríki Inga Friðgeirssyni og fjölskyldum þeirra. -jhh

Síðasta útboðið samkvæmt fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands:

Hafa haldið 21 útboð

Fjárfestar hafa fært 1.049 milljónir evra inn í landið eftir fjárfestingarleiðinni, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum. Það samsvarar 206 milljörðum íslenskra króna. Fyrsta útboðið samkvæmt fjárfestingarleiðinni var haldið í febrúar 2012 og haldið hefur verið 21 útboð í tengslum við það.

Hinn 9. desember 2014 bauðst Seðlabankinn til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur samkvæmt fjárfestingaleiðinni. Jafnframt kallaði Seðlabanki Íslands eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Þegar útboðin voru auglýst var jafnframt vakin athygli á því að um síðasta útboðið, þar sem boðið yrði upp á fjárfestingaleið samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, væri að ræða.

Í útboðinu í gær bárust Seðlabankanum 130 tilboð um kaup á



SEÐLABANKASTJÓRI Bankinn hefur haldið gjaldeyrisútboð sem lið í afnámi hafta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

evrum að fjárhæð 62,4 milljónir evra. Bankinn ákvað að taka tilboðum fyrir samtals 60,7 milljónir evra.

Þá barst bankanum 81 tilboð um kaup á krónum fyrir evrur. Heildarupphæð tilboða nam 57,9 milljörðum krónum en tilboðum að fjárhæð 11,8 milljarðar var tekið. -jhh

Dohop ætlar að fjölga starfsmönnum um 10

Davíð Gunnarsson, nýr framkvæmdastjóri Dohop, er mikill áhuga- maður um rekstur. Dohop stækkaði um 25 prósent í fyrra.

Davíð Gunnarsson er tekinn við stöðu framkvæmdastjóra Dohop. Hann hefur unnið hjá fyrirtækinu frá árinu 2009.

Davíð tekur við starfinu af Kristjáni Guðna Bjarnasyni sem verður áfram hjá fyrirtækinu sem tæknistjóri. „Við höfum verið tveir að reka fyrirtækið. Hann hefur sinnt þeim málum sem er týpískt að framkvæmdastjóri sinni, að einhverju leyti fjármálum og starfsmannamálum. Ég tek þau verkefni yfir,“ segir Davíð. Hann tekur jafnframt fram að Kristján Guðni sé verkfræðingur og með miklu meiri bakgrunn og þekkingu í vörubrúun og tæknimálum og muni nú sinna því alveg á fullu.

„Ég er mikill áhugamaður um rekstur og hef verið það,“ segir Davíð Gunnarsson. Hann segir að hann muni taka yfir fjármálin og starfsmannamálin. „Við erum ekki með fjármálastjóra þannig að hefðbundin verkefni hans setjast á mig,“ segir Davíð.

Dohop er ört stækkandi fyrirtæki. Davíð segir að nú starfi þar fimmtán manns en stefnt sé á að þeir verði 25 í árslok. „Við vorum að klára ár sem var 20-25% stærra en 2013 en svo vorum við að klára janúar sem er 50% stærra en janúar í fyrra,“ segir Davíð um fyrirtækið.

„Dohop er ekki ferðaskrifstofa,“ segir Davíð þegar hann er beðinn um að lýsa fyrirtækinu. Margir haldi að það sé ferðaskrifstofa. Dohop sé ókeypis vefsíða þar sem fólk geti leitað að flugi, hótélum og bílaleigubílum. „Flugið er okkar tækni. Hótelin og bílaleigubíllarnir eru tækni sem kemur ekki frá okkur en við setjum merkið okkar á. Við erum eins og Google nema bara fyrir flug,“ segir Davíð.



FRAMKVÆMDASTJÓRI DOHOP Davíð Gunnarsson er sagður meistarakokkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Félagið fær þóknunartekjur frá flugfélögum og netferðaskrifstofum þegar notandi er sendur til þeirra í gegnum Dohop og hann gerir bókun. „Við leggjum ekkert ofan á og við fáum tekjur af flugi, hótélum, bílaleigubílum og auglýsingum af vefnum okkar,“ segir Davíð.

Davíð segir að vinnan sé mikið áhugamál og honum finnst mjög gaman að mæta í vinnuna. Þar fyrir utan sé fjölskyldan sitt aðaláhugamál, en Davíð á fjögur börn á aldrinum átta mánaða til 18 ára.

„Við vorum að klára ár sem var 20-25% stærra en 2013.“

„Ég er ríkur maður, það verður ekki annað sagt,“ segir Davíð. Hann segir að frítíminn fari annars í útivist og hann lesi mikið, einkum fræðibækur.

jonhakon@frettabladid.is

ALGJÖR SNILLDARKOKKUR



„Davíð er gifurlega kappsamur og einbeittur á þau verkefni sem fanga hug hans hverju sinni. Hann er einstaklega hjálpsamur og vil greiða götu allra þeirra sem til hans leita. Ég myndi halda að verkefnið hjá Dohop hentuðu Davíð mjög vel. Hann er hugfanginn af rekstri og hefur auk þess bakgrunn úr tölvugeiranum. Svo hefur hann þennan eldmóð sem er nauðsynlegur við uppbyggingu sprotafyrirtækis eins og Dohop. Ef ég á að nefna einhverja galla þá á hann í gifurlegum erfiðleikum með að segja nei. Fyrir vikið hef ég grun um að hann færir stundum of mikið í fang. Svo verður maðurinn að hætta að nota orðasambandið „sem sé“ í öllum setningum.“

Guðjón Ármannsson, hæstaréttarlögmaður og vinur.



Davíð er rosalega framkvæmdaglaður og fljótur að hugsa. Það stoppar ekkert hjá honum og ekkert í kringum hann, sem er líka jákvætt. Svo verð ég nú að nefna að hann er frábær kokkur, algjör snilldarkokkur og við njótum þess í nokkuð ríku mæli í vinnunni. Sérstaklega þegar við ætlum að gera okkur dagamun. Við erum mikið fyrir það að panta hjá honum góða steik.

Það er aðallega kostur en getur samt verið ókostur að hann vill alltaf hafa hlutina á hreyfingu. Það eru sjaldan rólegheit í kringum hann, en stundum þarf maður á því að halda líka.

Kristján G. Bjarnason, tæknistjóri Dohop.

Icelandair hefur hafið áætlunarflug til Birmingham á Englandi. Bókanir eru yfir væntingum stjórnenda félagsins og telja þeir að flugleiðin muni vaxa með meiri markaðssetningu:

Segir viðtökur íbúa við fluginu hafa verið frábærar

Bókanir Breta í flug Icelandair frá Birmingham fyrir næstu mánuði eru yfir væntingum, að sögn Andrésar Jónssonar, framkvæmdastjóra Icelandair á Bretlandseyjum. Áætlunarflug Icelandair til borgarinnar hófst 5. febrúar síðastliðinn.



ANDRÉS JÓNSSON

„Við erum bara rétt að byrja. Viðtökur íbúa hafa verið frábærar. Það þakka ég góðum undirbúningi starfsfólks míns í Bretlandi

og nánú samstarfi við Birmingham-flugvöll. Við höfum trú á að með áframhaldandi markaðssetningu á Íslandi og þeirri þjónustu sem Icelandair hefur upp á að bjóða þá muni þessi flugleið vaxa jafnt og þétt á komandi árum,“ segir Andrés og bendir á að Birmingham sé önnur stærsta borg Bretlands. Íbúar sem búi í klukkustundar fjarlægð frá flugvællinum séu um tíu milljónir.

Andrés getur þess að Icelandair muni stytta flugtíma frá Birmingham til nú af fjórtán áfangastöðum flugfélagsins í Bandaríkjunum og Kanada. „Þetta er því mikill ávinningur fyrir fólk í Vestur-Miðlöndum sem áður hefur kosið að keyra suður til London eða norður til Manchester til að finna hentugasta flug vestur um haf. Einnig sjá flugvallaryfirvöld og ferðamálaráð borgarinnar mikil tækifæri í að fjölga heimsóknum íbúa frá Norður-Ameríku til svæðisins.“ -ibs



Í BIRMINGHAM Paul Kehoe, framkvæmdastjóri Birmingham-flugvallar, og Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair.

„Skiljanlega mest seldi bíll heims“

- bílblaðamaður Fréttablaðsins



NÝR FORD FOCUS

- › Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseginnleika og hagkvæmni í rekstri. Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fánlegur með tveimur nýjum og spennandi vélum.

Fréttablaðið birti bíladóm um nýjan Ford Focus og niðurstaðan er einföld: „Ford Focus hefur lengi verið mjög góður bíll og góð kaup. Nú er hann bara orðinn enn þá betri og fæst samt á góðu verði“.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

FORD FOCUS

FRÁ **3.290.000** KR.



ford.is



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverzlun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um Ford Focus?

Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bilastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fánlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fánlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Dæmin sanna að fjármálafyrirtæki þurfa umgjörð og öflugt eftirlit:

Sá virðist ráða för sem borgar

Græðgi fólks virðist lítil takmörk eiga sér. Merki-legt er að horfa til þess í nýjum uppljóstrunum upp úr leknum gögnum dótturfélags breska fjárfestingarbankans HSBC í Sviss hverjir það eru sem bankinn aðstoðaði við að fela peninga og skjóta undan skatti.

Dótturfélagið í Sviss virðist nefnilega hafa verið vinsælt á meðal ríka og fræga fólksins, ekki síður en hjá vopnasölum, stríðsglæpamönnum og víðlíka pakki.

Verðugt rannsóknarefni er hvort þeim sem betur hafa það sé verr við að greiða til samfélagsins en öðrum, aukist kannski níska með bættum efnahag. Aum er samt sú hegðun að svíkja undan skatti, að ætla öðrum að greiða fyrir skólavist barna sinna og barnabarna, eða spítalavist og heilsugæslu, já eða öldrunarþjónustu.

Varðandi gögn HSBC er samt kannski vissara að slá þann varnagla að alls er óvíst að allt hafi þetta fólk verið að skjóta fé undan skatti. Þannig er áréttað í tilkynningu lögfræðinga ofurfyrirsætunnar fyrrverandi, Elle MacPherson, að hún sé ástralskur þegn og hafi vitanlega staðið við allar sínar skuldbindingar gagnvart skattayfirvöldum í Bretlandi.

Óvarlegt væri því að draga í fjótfærni þær ályktanir að hún, eða kvikmynda-leikarinn Christian Slater, eða kappaksturshetjan Fernando Alonso, eða tónlistarmaðurinn Phil Collins hafi eitthvað haft að fela, þótt þau hafi leitað þjónustu banka sem, skákandi í skjóli strangra bankaleyndarlaga í Sviss, virðist hafa



Markaðshornið

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Óneitanlega veltir maður því fyrir sér hvort verið geti að eins sé farið um endurskoðendur og lögfræðinga, að skoðun þeirra ráði hver heldur veskinu opnu.

sérhæft sig í að aðstoða fólk við að fela peninga og fara í kring um skattareglur í heimalöndum sínum.

Tregða þeirra sem best hafa það til að greiða hlut sinn til samfélagsins og standa undir samneyslu er Bretum hugleikin þessa dagana og sérstök þingnefnd að störfum sem fjallar um málið. Fyrir helgi stakk til dæmis þingmaður Verkamannaflokksins og formaður þverpólitískrar nefndar um skattamál, Margaret Hodge, upp á því að alþjóðlega endurskoðunarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers (PwC) yrði meinað að gera ábataþinga samninga um þjónustu við breska ríkið vegna framgöngu fyrirtækisins í að aðstoða stórfyrirtæki við stórfelld undanskot undan sköttum.

Dæmin að utan vekja hugrenningar um hvernig málum er háttað hér. Endurskoðunarfyrirtæki fengu reyndar ekkert of góða umsögn hér í rannsóknarskýrslu Alþingis. Þá greindi Fréttablaðið frá því í gær staða lánasafns Sparisjóðs Bolungarvíkur hafi komið endurskoðanda á óvart eftir sameiningu við Sparisjóð Norðurlands, þótt sami endurskoðandi hafi skrifað upp á reikningana fyrir og eftir sameiningu. Óneitanlega veltir maður því fyrir sér hvort verið geti að eins sé farið um endurskoðendur og lögfræðinga, að skoðun þeirra ráðist af því hver heldur veskinu opnu.

Dæmin virðast endurspegla þörfina á skýru regluverki um fjármálaþjónustu og eftirliti sem burði hefur til að veita starfseminni aðhald, jafnt bönkum sem endurskoðendum. Þessa lexíu var talað um að Íslendingar hefðu lært í hrúninu, en mögulega er eitthvað að fenna þar yfir. Síðan má velta fyrir sér hvort betra er eða ekki að vera hluti af samevrópsku regluverki um fjármálafyrirtæki og eftirlit með þeim þegar kemur að þessu aðhaldi.

Hrópað að bíl fyrrverandi framkvæmdastjóra AGS



MÓTMÆLT Í PARÍS Feminískur aðgerðasinni hrópar að bíl Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þegar hann mætti til réttarhalds í Lille í norðurhluta Frakklands í gær. Konan var handtekin ásamt tveimur öðrum sem mótmæltu. Strauss-Kahn sætir ákæru vegna viðskipta sinna við vændiskonur.

NORDICPHOTOS/AFF

Breytingatímar fram undan



Skóðun
Steindór Pálsson
bankastjóri
Landsbankans

Fáir trúðu því fyrir um það bíl 25 árum að flestir viðskiptavinir banka myndu nánast aldrei stíga fæti inn í þá. Hvern hefði órað fyrir því að bankar litu þessa þróun jákvæðum augum. Hvort tveggja er nú samt staðreynd. Með stöðugum framförum í tækni er hægt að sinna bankaerindum í síauknum mæli með einföldum og ódýrum hætti hvar sem er. Það skiptir máli. Einföld afgreiðsla kostar í raun yfir 200 sinnum meira í bankaútibúi en ef hún er framkvæmd rafrænt.

Notkun á netbanka og farsímavef Landsbankans fer stöðugt vaxandi, enda verðlaunaðir fyrir gott viðmót og þjónustu og langflestar færslur í bankanum eru nú með rafrænum hætti. Samskipti og viðskipti fara í síauknum mæli fram í gegnum netið og á samfélagsmiðlum og bankinn mun halda áfram að þróa þjónustu á því sviði. Í framtíðinni mun starfsfólk bankans sinna dýpri ráðgjöf og víðisaukandi þjónustu í vaxandi mæli en viðskiptavinir sjá sjálfir um einfaldari mál.

Heimurinn er að breytast hratt

og þau fyrirtæki sem ekki taka mið af því verða einfaldlega undir og deyja. Krafan til Landsbankans er að hann sníði sér stakk eftir vexti og haldi úti nútímalegum rekstri með skilvirkum og hagkvæmum hætti sem skilar viðskiptavinum, eigendum og samfélaginu öllu ávinningi. Að þessu vinnur bankinn markvisst en það kallar á sífellda endurskoðun á starfsemi og erfiðar ákvarðanir sem sumar hverjar munu sæta gagnrýni. Til að svara kröfum tímans verður að fjárfesta í nýjum tölvukerfum, koma í veg fyrir sóun í húsnæðismálum og sennilega fækka afgreiðslustöðum í framtíðinni. Þá er nauðsynlegt að nýta tækifæri til að draga úr kostnaði í íslenska bankakerfinu með því að bankar sameinist um kjarnakerfi og ýmsa stöðþjónustu.

Á undanförunum árum hefur mikil vinna hjá Landsbankanum farið í að aðstoða viðskiptavini í fjárhagslegum erfiðleikum og leiðrétta lán. Landsbankinn gekk lengra en önnur fjármálafyrirtæki og lengra en stjórnvöld fóru fram á varðandi fjárhagslega endurskipulagningu heimilanna. Þar má nefna einfaldari og hagfelldari 110% leið, og lánsveð þar meðtalin, og lækkun annarra skulda, þar sem hver einstaklingur gat fengið skuldir lækk-

aðar um fjórar milljónir króna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Tugir þúsunda viðskiptavina nutu þessara úrræða Landsbankans. Þá lauk bankinn nýverið leiðréttingu á útreikningi 35.000 lána með ólög- mætri gengistryggingu til viðbótar við allar fyrri leiðréttingarnar.

Þegar allt er reiknað saman kemur í ljós að Landsbankinn hefur borgað rúmum 11 milljörðum króna af mikið fyrir þau lán heimilanna sem hann tók yfir við stofnun. Sá halli, ef þannig má að orði komast, er vegna þess að Landsbankinn ákvað að ganga lengra í niðurfærslu skulda en lög eða samkomulag stjórnvalda við fjármálafyrirtæki gerðu kröfu um. Á móti þessu tapi sem nemur 7% af fjárhæð lánanna, kemur jákvæð virðisbreyting á lánum stærri fyrirtækja að fjárhæð um 24 milljarðar, eða um 5% af verðmæti þeirra.

Landsbankinn hefur sett sér það markmið að vera traustur samherji í fjármálum. Svo það náist þarf að byggja á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini, hagkvæmum rekstri og traustri fjárhagsstöðu. Um leið verður bankinn að skila viðunandi arðsemi til lengri tíma þegar jákvæðum einkisliðum sleppir en þeir hafa litað hagnað bankans mikið á undanförunum árum.

Fríverslun og samkeppnisumhverfi

Hin hliðin

Auður Jóhannesdóttir
framkvæmdastjóri Lifa ehf.



Um áramótin var aflögð sérstök skattlagning ýmissar munaðarvöru, s.s. ísskápa og eldavéla, þegar vörugjöldin voru felld úr gildi. Íslenskir neytendur höfðu þegar byrjað að njóta umtalsverðra kjarabóta á haustmánuðum í boði íslenskrar verslunar sem þjófstartaði á skattalækkunina þegar ljóst þótti að hún yrði samþykkt á Alþingi. Við kaupmenn erum almennt í skýjunum yfir þessari breytingu og jafnvel enn gladari nú þegar óskattlagðar vörur eru byrjaðar að streyma til landsins, enda voru vörugjöldin ógegnisæ með eindæmum og skekktu verulega samkeppnisstöðu okkar við erlenda verslun.

En það voru fleiri gleði-

leg tíðindi fyrir íslenska verslun og íslenska neytendur á síðasta ári því langþráður fríverslunarsamningur við Kína tók gildi og var kynntur með pompi og prakt og byggðar upp væntingar um bættá tíð hjá heimilunum og blóm í haga.

En veruleikinn er ekki alveg jafn ljúfur því stærstur hluti þeirrar kínverskt framleiddu vöru sem seld er hér á landi kemur ekki frá kínverskum fyrirtækjum heldur evrópskum/alþjóðlegum og algengast er að vörur hafi millilendingu í evrópskum vöruhúsum áður en þær rata í íslenskar verslanir. Þá gildir fríverslunarsamningurinn einfaldlega ekki þar sem hann á einungis við ef vörur fara beina leið á milli samningslandanna

og með þeim fylgi rétta sérprentaða eyðublaðið með rétta stimplinum.

Nú má halda því fram að vel sé hægt að komast hjá millilendingu í Evrópu, og vissulega leyfa sumir framleiðendur slíkt þótt algengast sé að miðstýra allri vörudreifingu innan álfunnar, en þá kemur annað til, nefnilega smæð íslenska markaðarins því framleiðslulotur í Kína miðast iðulega við annan raunveruleika en flest verslunarfyrirtæki á örmarkaðinum Íslandi búa við og því verður beinn innflutningur seint fýsilegur nema hjá stærstu verslunarkeðjunum.

Svo vörur sem koma til Íslands frá landi innan evrópska efnahagssvæðisins, sem við eigum í fríverslunarsambandi við, framleiddar í Kína, sem

við eigum í fríverslunarsambandi við, bera enn tvöfaldan toll, fyrst inn í EES og svo aftur við komuna hingað. Lógískt ekki satt?

En hver er þá lausnin? Einfaldast væri að leyfa séráritun framleiðanda á reikningi þar sem evrópskur seljandi ábyrgist uppruna vöru í Kína, líkt og gert er með vörur sem framleiddar eru á EES-svæðinu.

Afnám þessarar tvítollheimtu er hagsmunamál fyrir íslenska verslun sem á í síaukinni samkeppni við útlönd og er á sama tíma að glíma við hressilega hækkun húsnæðiskostnaðar vegna endurskoðunar á fasteignamati og kröfu um almennar launahækkningar – og væri á sama tíma veruleg búðót fyrir íslenska neytendur.

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

Knoll

CHADWICK STÓLLINN
SAMEINAR FALLEG FORM
OG HÁMARKSPÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkuvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Verð áður: 196.100.-

Tilboðsverð:

137.000.-



HÖNNUÐUR: DON CHADWICK

39% VILJA EVRU

Andstæðingum fjölgar

Breytingar hafa orðið á afstöðu aðildarfyrirtækja Félags atvinnurekenda til evrunnar. Í fyrra sögðust 57% telja að taka ætti hana upp á Íslandi við aðild að ESB, en nú segjast aðeins 39% á þeirri skoðun. Um 40% eru á móti, en voru 28% í fyrra. Óákveðnum fjölgar einnig. Einungis 19% félagsmanna telja krónuna vera framtíðargjaldmiðil fyrir Ísland.

05.02.2015 „Það sem ég hef sagt er að stofnunin getur ekki skuldbundið ríkissjóð til greiðslu á einhverjum fjármunum án þess að það komi vilyrði fyrir fjárheimild. Stofnunin getur ekki gert samning við einhvern mann úti í heimi um greiðslu á hundruðum milljóna króna án þess að fyrir liggi samþykki fjármálaráðuneytisins. Það er útilokað,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skatt-rannsóknarstjóri í samtali við fréttastofu.



Bryndís Kristjánsdóttir skatt-rannsóknarstjóri.

20% FÆKKUN

850 samningar í janúar

Þjóðskrá Íslands hefur tekið saman upplýsingar um fjölda þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum í janúar 2015. Heildarfjöldi samninga á landinu var 850 í janúar 2015 og fjölgar þeim um 37,5% frá desember 2014 en fækkar um 20,4% frá janúar 2014.

91 UMSÓKN

8 milljónum úthlutað

Tæplega 8 milljónum var úthlutað til 8 grunnskóla á fyrsta aðalfundi sjóðs Forritara framtíðarinnar sem fór fram í gær. Megin hlutverk sjóðsins er að efla forritunar- og tæknimenntun í framhalds- og grunnskólum landsins. Á fundinum kom einnig fram að nær öll ríki ESB væru byrjuð eða ætluðu að setja forritun á námsskrá. Það hefði Ísland hinsvegar ekki gert.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Póknanir á heimsmælikvarða

Stjórnarmaðurinn las af athygli frétt Viðskiptablaðsins í síðustu viku um póknanir slitastjórna bankanna. Þar sagði að slitastjórnir, skilaneindir og æðstu stjórnendur hefðu frá 2009 greitt sér ríflega fimm milljarða króna í póknanir, en heildarkostnaður við skiptin hefði numið um 95 milljörðum króna.

STJÓRNARMAÐURINN hnaut í framhaldi um staðhæfingu blaðamanns að „ekki væri um sérstaklega háar fjárhæðir að ræða“, enda næmi rekstrarkostnaður búanna einungis um 3% af heildarvirði eigna þeirra.

Vert er að staldra við þessa fullyrðingu.

GJALDPROT Lehman Brothers er það stærsta í sögunni, og varla einfaldara í sniðum en uppgjör íslensku bankanna. Samt lauk formlegum skiptum í mars 2012, þótt enn séu einhverjir lausir endar eins og gengur. Talið er að kostnaður við uppgjör bús Lehman Brothers sé um 2% af heildareignum félagsins.

ENRON er annað stórt gjaldprot á heimsmælikvarða. Þar var skiptakostnaður áætlaður ríflega 1% af heildareignum.

Því er ekki rétt hjá blaðamanni eða slitastjórnnum að rekstrarkostnaður íslensku búanna sé hóflegur. Þvert á móti er hann gríðarlega hár.

Skoða má póknanir sem slitastjórnirnar taka sér gagnrýnum augum. Svo virðist sem þeir einstaklingar sem að baki standa taki erlenda kollega sína í London og New York sér til fyrirmyndar þegar kemur að gjaldskránni.

OFANGREINDAR borgir eru hins vegar viðskiptamiðstöðvar á heimsvísu, og laða að hæfileikafólk, hvort sem er í uppgjöri gjaldprotta fyrirtækja eða öðru. Verðlag er eftir því, og menn geta ímyndað sér þann rekstrarkostnað sem fellst í leigu og rekstri á stórrí fasteign á besta stað í London. Sá kostnaður er gríðarlegur, og því nauðsynlegt að tekjur standi undir því og gott betur.

Síðan getur fólk auðvitað bætt premíu ofan á fyrir það eitt að vera í fremstu röð.

ÞAD ÁGÆTA FÓLK sem stendur að skiptum bankanna, verður hins vegar seint talið í þeim klassa, enda oft einstaklingar sem fyrir tilviljun fengu eilífðargullgæs í kjöltuna. Síðan hafa þau komist upp með að taka sér stórborgarlaun á litla Íslandi, og greiða háar póknanir til eigin félaga í formi ráðgjafagreiðslna.

Er nema eðlilegt að fólk reyni að tefja verkefnið, eins og sú staðreynd að Kaupþing hefur ekki selt eign úr stóru eignasafni sínu í Bretlandi í þrjú ár, ber með sér?

Hver drepur annars gullkálfinn?

JOHNNY CASH

TRIBUTE CONCERT

7. MARS
HÁSKÓLABÍÓ

UPPSELT
KL. 21:00

Aukatónleikar kl. 17:00

Tryggðu þér miða!

John Carter Cash

Páll Rósinkranz

Sérstakir gestir

Dave Deager • Ana Cristina • Valgerður Guðnadóttir • Margrét Eir • Arnar Ingi



BÍLL DAGSINS

Hyundai Santa Fe

Nýskráður 6/2001, ekinn 210 þús.km., bensín, sjálfskiptur. **Verð kr. 550.000**

Tilboð kr. **299.000**



NISSAN

Qashqai+2

Nýskráður 2/2012, ekinn 79 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.150.000



MITSUBISHI

Pajero GLX 2.5TDi

Nýskráður 1/2004, ekinn 121 þús.km., dísel, 5 girar.

Verð kr. 1.390.000



HYUNDAI

i30 Classic dísil

Nýskráður 12/2012, ekinn 60 þús.km., dísel, 6 girar.

Verð kr. 2.690.000



HONDA

CR-V Executive dísil

Nýskráður 1/2013, ekinn 6 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 6.890.000



SUBARU

XV 2.0

Nýskráður 9/2013, ekinn 17 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.390.000



KIA

Ceed EX CRDi

Nýskráður 6/2012, ekinn 35 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.390.000



HONDA

Civic Sport 1.6 diesel

Nýskráður 10/2013, ekinn 18 þús.km., dísel, 6 girar.

Verð kr. 3.390.000



HONDA

Accord Executive 2.4i

Nýskráður 8/2008, ekinn 82 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 3.250.000

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00



NOTAÐIR BÍLAR

Bilakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Fjór hjól



Hágæða reimar fyrir vélsleða og fjór hjól á góðu verði.

Stál og Stansar ehf.

VAGNHÖFUR 7 • SÍMI 517 5000

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðuðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Hjólbarðar



HJÓLBARÐA
GRAFARVOGS
VERKSTÆÐI
Gylfufjör 3 • 112 Reykjavík
Sími 567 4468

Varahlutir



FELGUR

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

Viðgerðir

BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR

Getum bætt við okkur nokkrum kúnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Bókhald

Betriskil.is tekur að sér alla almenna bókhaldsþjónustu fyrir fyrirtæki. Nánari upplýsingar inná www.betriskil.is eða í síma 821-6301

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikla S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, pianóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Fjarðaverk ehf

Getum bætt við okkur verkefnum í allri almennri trésmíði. Vanir menn, vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 897 2459 fjardaverk@simnet.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flötun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

ALHLIÐA VERKTAKAR

Smíða, málninga og múrvinna. Nýsmíði og viðgerðir. Stór sem smá verkefni koma til greina. Uppl. í s. 846 7622

til sölu

VERSLUNARTÆKNI



HILLUKERFI

fyrir vöruhúsið, smávörlagerinn og starfsmannaaðstöðuna




Brettahillukerfi

Miklir stækkunarmöguleikar.




M7 hillukerfi

Minna kerfi en uppbyggt á svipaðan hátt og stærra brettahillukerfið.




smávöruhíllur

Smærri hillukerfi sem henta vel á smávörlagerinn eða í bílskúrinn.



Starfsmannaskápar

Nokkrar stærðir og val um hurðafjölda



Brettahillukerfi

Brettahillukerfi fyrir stór sem smá vöruhúsið eða lagana, miklir stækkunarmöguleikar.

VERSLUNARTÆKNI
Dröghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Þöntunarsími: 535 1300



fasteignir



TRAUSTI
fasteignasala

Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumíðari

ÁLAKVÍSL 36



OPÍÐ HÚS

OPÍÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 11. FEBRÚAR KL 17:30 - 18:00
Sérinngangur, íbúðin er á tveimur hæðum með sér stæði í bílskýli.
Stærð: 106.5 fm. Verð: 31.900.000

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is,
s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

atvinna

ATVINNA

AP-ÞRIF leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20-40 ára. Gerðar eru kröfur um bílpróf og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á

bjarki@ath-thrif.is merkt „Atvinna“



Skeiðarási 12
210 Garðabæ

tilkynningar

Hörgá í Hörgársveit
EfnistakaMat á umhverfisáhrifum
Frummatsskýrsla í kynningu

Hörgá sf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um efnistöku í Hörgá í Hörgársveit.

Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **12. febrúar til 26. mars 2015** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu UMIS: http://umis.is/Files/Skra_0070131.pdf

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **26. mars 2015** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík. Þar fást enn fremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun

Húsviðhald

VIÐHÁLD
fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, hústíð og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pipulagnir
- físalagnir
- jarðvinnu
- hellulagnir
- álkæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Erum með nýja og glæsilega nuddastöðu í 101 með Íslenskum nuddurum. Opíð frá 10-22. S. 787 7481

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Trésmíði

SMÍÐIR

Geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 783 6006

Önnur þjónusta

Tek að mér ýmis smærri verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is

Opíð mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penófin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NÝBÝLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)

150 - 300 fm / innkeyrsludrym, 150 - 300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

TIL LEIGU 2HERB. 65 F. ÍBÚÐ Í BLIKAHÓLUM.

FOR RENT 65 M2 2 ROOM APARTMENT IN BLIKAHÓLAR, REYKJAVÍK.

Langtímaleiga, lágmark 3 ár. Aðeins skilvísir og reglusamir leigendur koma til greina. Leiga 155. Mán. Dýrahald ekki leyft. Laus strax. 2 mánuðir í tryggingu í peningum sem endurgreiðist í leigulok.

Uppl. í s. 896 2964 / hrafn@ferroehf.is

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. í kjallara. V. 88þ. Eldri en 30 ára, barnlaus. f. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

Íbúð til leigu fyrir +60 ára á Vesturgötu 7 Sími 893 2217

Húsnæði óskast

B L A N D

OKKUR VANTAR EIGNIR TIL LEIGU

Yfir 145.000 heimsóknir í hverri viku og mikil eftirspurn eftir íbúðum til leigu. Skráðu eignina þína frítt á Bland.is í febrúar.

Atvinnuhúsnæði

HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFA -

VINNUSTOFA - GEYMSLA

Skrifstofuherbergi - 20 m2 vinnustofa/skrifstofa á 1. hæð.

Skrifstofuherbergi - 20m2 vinnustofa/skrifstofa á 2. hæð

Skrifstofuherbergi - 16 m2 vinnustofa/skrifstofa á 1. hæð

Geymsluherbergi 11m2 með hillum.

Góð skjalageymsla.

Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLÓDAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslu frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ávintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Heilar kynslóður

905-2002 • 535-9930

Símadómur • Live spjall

908-6000 • 535-9999

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR!

ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR



69.990

~~VERÐ 89.990~~

29.990

~~VERÐ 49.990~~

49.990

~~VERÐ 69.990~~

EPSON

WorkForce Pro

LOSADU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson WorkForce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA



21:40

TOGETHERNESS

Glænýir og vandaðir gamanþættir frá HBO sem fjalla um tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákómum.

FJÖLBREYTT MIÐVIKUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:05

Á UPPLIÐ

Næsti viðmælandi Sindra Sindrasonar er lögmaðurinn og tveggja barna móðirin, Hildur Björnsdóttir sem lifir og starfar í London.



21:00

GREY'S ANATOMY

Vinsælir dramapættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



21:45

FOREVER

Stórgóð þáttaröð um Dr. Henry Morgan, réttarmeinafræðing sem á sér afar litríka og langa fortíð, hann getur nefnilega ekki dáðið.



22:00

RUNNER, RUNNER

Spennymynd frá 2013 með Ben Affleck og Justin Timberlake.



20:45

ARROW

Ungur milljónamæringur og glaumgosi snýr aftur eftir að hafa verið strándaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af.



19:00

ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN

Stórskemmtileg kvikmynd fyrir alla fjölskylduna um félagana Sveppa, Villa og Góa.



SUDOKU

LÉTT

7	1	9	4				3	
3		6			9	2		1
				8			6	7
	5			3				
			6		8	3		
1			5					4
	2	1	7	9	5			
5	3			6			1	
6		3					5	

LÉTT

MIDLUNGS

			8	3		9		
	8		1	5	2		3	
	4		6			5	8	
8				1				
			9				6	
4	5						7	
		4				3	9	
	7	1				8	4	
3	2				7			5

MIDLUNGS

PUNG

		5	7		4		2	
7				6				
3	4							1
								9
			6		7		5	
		4				6		
4	2							
	8			9		7		
6		3	8	5	1			

PUNG

6	3	2	5	7	4	1	8	9
1	9	7	2	6	8	3	4	5
4	8	5	9	3	1	2	6	7
7	1	8	6	5	2	4	9	3
5	4	3	7	8	9	6	2	1
9	2	6	4	1	3	5	7	8
3	5	4	8	2	7	9	1	6
8	6	9	1	4	5	7	3	2
2	7	1	3	9	6	8	5	4

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

„Við erum sammála því að Ronaldo er frábær fótbolta- maður sem skorar mörg mörk fyrir liðið sitt.“

„En við áttum okkur líka á því að hann getur verið mjög áberandi og fyrirferðar- mikill í háþ. Hann þarf pláss fyrir sitt gróðarstóra egó.“

Segir í opinberri fréttatilkynningu leiðtoga Norður- Káreu, Kim Jong-Un.

Við skulum bara vona að Ronaldo komist aldrei til valda í Portúgal. Þá myndi nú einspilið halda áfram.

Og núna, mótar- sport.

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

... um leið og hann tassar upp bolinn þá gengur yfir- maðurinn inn.

Ég er að skemmta mér mjög vel, Palli.

Ég líka.

Af hverju ertu svona myndinn og hress í dag?

Það er enginn að fylgjast með.

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Hvernig var pabbatíminn?

Alveg frábær.

Eftir klukkutíma af barnalögum og æfingum þá er ég orðinn mjög tengdur Räggu.

Ég get samt bætt því við varðandi hann Bigga að mig langar helst til að sparka í hann beint í ra.

LÁRUS!

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Heimurinn breytist mjög hratt. Þeir stóru munu ekki lengur vinna þá smáu heldur munu hinir fljótu vinna hina hægfa.“

Rupert Murdoch.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. plat, 6. rún, 8. spor, 9. veiðarfæri, 11. bókstafur, 12. hald, 14. rabb, 16. tveir eins, 17. fiskur, 18. for, 20. samtök, 21. könnun.

LÓÐRÉTT

1. áfengisblanda, 3. frá, 4. baknaga, 5. yfirbragð, 7. starfræksla, 10. hald, 13. af, 15. rekald, 16. ósigur, 19. kyrrð.

LAUSN

15. flak, 16. tap, 19. ró. 5. brá, 7. rektur, 10. tak, 13. frá, LÓÐRÉTT: 1. púns, 3. af, 4. bakatala, 17. áll, 18. aur, 20. aa, 21. próf. 11. ká, 12. skáft, 14. skráf, 16. tt, LÁRÉTT: 2. gabb, 6. úr, 8. far, 9. net,

SKÁK

Gunnar Björnsson

Símon Þórhallsón (1.961), Skákfélagi Akureyrar, hafði hvítt gegn Helga Harðarsyni (1.508), Skákdeild Hauka, á Íslandsmóti skákfélaga. Hvítur á leik



13. Rxb5! axb5 14. Bxb5 Bd7 (14... Bb7 15. Hfc1 Dd7 16. De4) 15. De4 0-0 16. Bxc6 Bxc6 17. Dxc6 og hvítur vann skömmu síðar. Magnus Carlsen sigraði á GRENKE-skákmótinu í Baden Baden. www.skak.is Skákkeppni vinnustaða í kvöld.

sonar[®]
2015

Reykjavík




**Music, Creativity
& Technology**

www.sonarreykjavik.com

Reykjavík

12.13.14 febrúar

náðu í sonar festival appið á



skrillex, paul kalkbrenner, sbtrkt, jamie xx, todd terje, kindness, nina kraviz, jimmy edgar, elliphant, ryan hemsworth, sophie, randomer, nisennenmondai, daniel miller, yung lean & sad boys, aizz, dj margeir, samaris, prins póló, mugison, ghostigital, sin fang, dj yamaha, exos, fufano, bjarki, young karin, emmsjé gauti, kött grá pje, jón ólafsson & futuregrapher, uni stefson, sean danke, páll ivan frá eiðum, amfj, gervisykur, thor, valgeir sigurðsson, dj. flugvél og geimskip, m-band, ozy, tonik ensemble, ewok, housekell, lily the kid, mankan, súrefni, hekla magnúsdóttir, lord pusshwhip, russian.girls, símon fknhdsm, steindór, kanilsnældur, ben & croax, missy melody, balsamic boys, hlýnun jarðar, b-ruff, ívar pétur, cocoon, lafontaine, arnljótur, darkfeatures... www.sonarreykjavik.com

ICELANDAIR

Síminn

Carlsberg

RUV

Reykjavíkurborg

MENNING

Óður til líkamans

DANS ★★★★★

Taugar

Íslenski dansflokkurinn á Reykjavík
Dansfestival

LJÓSAHÖNNUÐUR: BJÖRN BERGSTEINN
GUÐMUNDSSON

DANSARAR: ÁSGEIR HELGI MAGNÚSSON,
CAMERON CORBETT, EINAR NIKKERUD,
HALLA ÞÓRÐARDÓTTIR, HANNES ÞÓR
EGILSSON, HJÖRDÍS LILJA ÖRNÓLFS-
DÓTTIR, KAROL TYMINSKI, PYRÍ HULD
ÁRNADÓTTIR

Blykufli

eftir Sögu Sigurðardóttur

TÓNLIST: HALLVARÐUR ÁSGEIRSSON

BÚNINGAHÖNNUN: ELSA MARÍA BLÖN-
DAL

Liminal

eftir Karol Tyminski

TÓNLIST: VALDIMAR JÓHANNESSON

BÚNINGAHÖNNUN: AGNIESKA
BARANOWSKA



HÖFUNDUR OG DANSARAR „Saga Sigurðardóttir leitaði að hreyfiefni fyrir verkið sitt, Blykufli í smíðju súfista,“ segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

gert á mjög áhugaverðan hátt og dansköpunin var heilsteypt og vel frágengin ekki síst hjá Sögu. Stígandin var ágæt í báðum tilfellum. Í Blykufli vantaði þó einhvern neista til að virkilega hrífa áhorfandann með, þó að það væri mjög auðvelt að flæða inn í stemminguna sem var framkölluð. Liminal bjó aftur á móti yfir óbeisluðum krafti sem vakti athygli áhorfandans. Þar voru aftur á móti kaflar sem voru áhuga- verðir í sjálfu sér en voru kannski ekki nauðsynlegir fyrir heildina eins og textinn í lokin, hann bætti litlu sem engu við verkið.

Eins og í flestum verkum nú til dags unnu danshöfundarnir með frumsamda tónlist og í nánu samstarfi við tónskáldin. Í báðum tilfellum kom það mjög vel út. Samspil Valdimars og dansaranna var mjög áhugavert. Tónlist Hallvarðs var líka mikilvægur þáttur í Blykufli og jók á upplifunina á verkinu. Aðeins teknókaflinn var til óþurftar bæði hvað varðar tónlistina og dansinn. Söngur dansaranna kom einstaklega vel út og gaf tóninn fyrir anda verksins. Það er áhugavert að sjá hvernig röðin er orðin hluti af tækni dansaranna því fyrir nokkrum árum, fyrst þegar farið var að láta dansara tala og syngja á sviðinu, fór vankunnátta þeirra í þeirri list ekki á milli mála.

Lýsing og búningar virkuðu ágætlega. Umbreytingin úr kufunum yfir í glimmergallana í Blykufli komu skemmtilega út, þótt undirritaðri hafi fundist kufarnir hálf druslulegir þá sköpuðu þeir góða andstæðu við það sem á eftir kom. Útfærslan á búningum í Liminal kom vel út, ekki síst hvernig senan þar sem þau voru mörg saman byrjaði í hvítu ró en færðist yfir í kaótíska litadýrð. Hreindýramaðurinn hefði aftur á móti að meinalausu mátt vera í öðru en nærþuxunum.

Sesselja G. Magnúsdóttir

NIÐURSTAÐA: Taugar er ögrandi og áhugaverð sýning sem yfir við hugmyndum áhorfandans um hvaða hreyfiefni er boðlegt á sviði.

Skemmtileg vegferð

Annað atriðið af tveimur á tónleikum djassklúbbsins Múlans í Hörpu í kvöld er frumflutningur Ómars Guðjónssonar og Tómasar R. á glænýju efni.

„Við Tómas höfum unnið stíft saman frá áramótum,“ segir Ómar Guðjónsson gítarleikari, sem einmitt er í bröns hjá Tómasi R. Einarssyni kontrabassaleikara þegar hann svarar í símann. Þeir félagar ætla að troða upp í kvöld með nýtt og frumsamið efni í bland við eldri lög í Björtu loftum á 5. hæð í Hörpunni á tónleikum djassklúbbsins Múlans sem hefjast klukkan 21.

„Við Tómas höfum síðustu tíu ár unnið mikið saman og átt okkur þann draum að semja ofan í hvor annan. Vorum lengi að finna formið en síðasta sumar ákváðum við að taka verkefnið föstum tókum árið 2015 og byrja bara 1. janúar að vinna,“ segir Ómar og heldur áfram: „Þetta er gott ritúal. Ég kem tvisvar í viku til Tomma í tíukaffi, síðan förum við út í skúr og djömmum og síðan endar þetta í afgangaveislu í hádeginu.“

Þeir félagar ætla að leyfa gestum á tónleikum Múlans að heyrja afrakstur undanfarinna vikna í kvöld, Ómar segir það fyrsta skrefið í átt að nýrri plötu. „Þegar maður skemmtir sér félagslega þá smitar það út í tónlistina,“ segir Ómar. „Þá verður vegferðin skemmtileg.“

Ómar tekur fram að þeir félagar séu bara með hluta tónleikanna því Trío Kjarr, sem í eru Birkir Freyr Matthías-son trompetleikari, Jakob Hagedorn Olsen gítarleikari og Guðjón Steinar Þorláksson bassaleikari, muni flytja fjölbreytta dagskrá eftir höfunda á borð við Monk, Hancock, Jarrett og Swallow ásamt frumsömdu efni. gun@frettabladid.is



ÓMAR OG TÓMAS „Þegar maður skemmtir sér félagslega þá smitar það út í tónlistina.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tungumál sem allir skilja

Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer frumflytja íslenskt verk í hádeginu í dag.

Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer mynda fiöluúettinn Duo Landon sem spilar á Háskólatónleikum í Kapellu Háskóla Íslands kl. 12.30 í dag. Martin Frewer hefur skipst á við Hjörleif Valsson með að leika í dúóinu en öll þrjú eiga þau það sameiginlegt að leika á fiölu frá Christophe Landon. Á tónleikumunum munu Hlíf og Martin frumflytja verk eftir Báru Grímsdóttur og verk eftir Sergei Prokofiev og Hildigunni Rúnarsdóttur.

„Þegar við Hjörleifur byrjuðum að vinna saman í Duo Landon komumst við að því að það voru aðeins til þrjú verk fyrir tvær fiölu-ur í íslensku flórinni og fannst að það þyrfti að bæta úr því. Í framhaldinu frumfluttum við verk eftir Atla Heimi, Hildigunni Rúnarsdóttur og Jónas Tómasson. Þar með var aukningin á íslenskum fiöluúettum orðin 100%. Í dag frumflytjum við svo eitt verk til

en það er eftir Báru Grímsdóttur.

Stór hluti af því sem við erum að gera er að frumflytja ný íslenskt verk og að baki slíkum flutningi liggur oft mikil vinna. Það er ánægjulegt að þessi vinna ber oft hróður landsins víða enda er tónlistin tungumál sem allir skilja og fólk tengist henni strax. Það er mikilvægt fyrir okkur að muna þetta og gæta vel að íslenskri tónlist og tónlistararfi. Það er nefnilega ekki nóg að byggja hús ef þar er svo ekki spilað og tónlistin gerð aðgengileg sem flestum.

Þannig er frumflutningurinn á verki Báru að sumu leyti til kominn vegna þess að við fengum tækifæri til þess að koma fram á Háskólatónleikum í dag og við vonum auðvitað að það komi sem flestir. Að auki ætlum við að spila Sergei Prokofiev og tvo kafla úr verki Hildigunnar Rúnarsdóttur. Tónleikarnir eru aðeins hálf tíma



DUO LANDON Pau Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer flytja í dag nýtt verk eftir Báru Grímsdóttur. AÐSEND MYND

langir þannig að við verðum að takmarka okkur, en fyrir vikið er þetta tilvalið fyrir alla tónlistar-unnendur í dagsins önn enda kostar ekkert inn.“ - mg

- SNITTUBRAUÐ
- ÞORRAGRÁÐAOSTUR
- EPLA- OG RÓFU REMÚLAÐI (=RIFIN EPLI & RÓFUR, SÝRÐUR RJÓMI)
- RÓSMARÍN- OG EPLAHLAUP (BÚRIÐ)
- SALT & PÍPAR

Sterkastur

...á blótinu!

Þorragráðaosturinn er fánlegur tímabundið og hefur þá sérstöðu að hann er þroskaðri en annar gráðaostur. Hann hentar einstaklega vel sem eftirréttur á þorrahlaðborðum, ásamt því að koma skemmtilega óvart í snittum.

- FLATKAKA, ÞRÚJ LÖG
- ÞORRAGRÁÐAOSTUR STAPPAÐUR MEÐ RJÓMAOSTI
- SAXAÐAR GRÁFÍKJUR, DÖÐLUR OG PEKANHNETUR


- ÍSLENSKT SOÐBRAUÐ
- ÞORRAGRÁÐAOSTUR
- FERSK BLÁBER MEÐ HUNANGI

Fæst í Lyfjum & heilsu

Voltaren Gel

Nú í enn STÆRRI pakka og á betra verði!

150g
50% meira magn!



* miðað við verð pr. gramm

Fæst án lyfseðils

Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á amtt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækni ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðberingum. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

LAUGARÁSBIÓ 




LAUGARÁSBIÓ	Sýningartímar
SEVENTH SON	8, 10:10
SVAMPUR SVEINSSON 2D	6
MORTDECAI	8
PADDINGTON ISL TAL	6
BLACKHAT	10:15
HOBBIT 3 3D (48R)	6, 9

Ekki enn búin að finna kjól

Leikkonan Felicity Jones sem fer með hlutverk Jane Hawking, eiginkonu stjarnæðlisfræðingsins Stephen Hawking, í The Theory of Everything er ekki búin að velja kjól fyrir Óskarsverðlaunahátíðina sem fer fram síðar í mánuðunum.

Jones er tilnefnd sem besta leikkonan fyrir hlutverkið og hefur þegar sópað að sér verðlaunum fyrir frammistöðu sína. Hún hefur því mætt á margar verðlaunahátíðir á síðastliðnum mánuðum og ítrekað vermt lista yfir best klæddu stjórnurnar.

Leikkonan segist vera orðin talsvert stressuð en mun leggja aðaláherslu á að sér líði vel í þeim kjól sem hún kemur til með að klæðast.



- gló

Fatnaður forseta

BAKPANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Ég gerði mér strax grein fyrir því að ef ég ætlaði að láta taka mark á mér yrði ég að vera vel búin. Þetta sagði Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, á sunnudaginn var. Hún var mætt til leiðsagnar á sýningu í Hönnunarsafni Íslands en þar stendur yfir yfirlitssýning á fatnaði Vigdísar frá þeim tíma sem hún var forseti Íslands. Vigdís sagði sögur og rifjaði upp veislur og embættisheimsóknir á ferlinum og svaraði undir lokin spurningum úr sal.



FJÖLDI MANNS hafði gert sér ferð á safnið. Ég stóð því aftarlega þegar Vigdís tók til máls og varð að láta mér nægja að sjá öðru hvoru glitta í forsetann fyrrverandi milli hausa. Það kom þó ekki endilega að sök. Ég heyrði vel til hennar og það var það sem skipti máli.

ÉG HAFÐI reyndar velt því fyrir mér af hverju sett væri upp sérstök sýning á fatnaði Vigdísar, skarti og skóm. Af hverju væri verið að stilla upp útliti frekar en innihaldi einmitt

þegar kona gegndi loksins þessu embætti? En þessi orð Vigdísar, um að strax hafi hún vitað að til þess að hlustað yrði á hana yrði hún að vera vel búin, sögðu mér að þetta tvennt hlaut að fara saman og kannski einmitt og sérstaklega þegar kona gegndi loksins þessu embætti.

ALDREI í sögunni hafði kona verið lýðræðislega kosin sem forseti þjóðar. Því hafði enginn átt von á. Augu heimsbyggðarinnar beindust að Íslandi og þessari ljóshærðu konu, sem á sunnudaginn sagðist hafa átt tveir buxnaðragtir og einn síðkjól í fataskápnum þegar hún sigraði í kosningunum. Sú ímynd af forseta að sverja embættiseið í öðru en kjólfötum var ekki til. Hana þurfti að búa til, frá grunni. Sýning á fatnaði fyrsta þjóðkjörna kvenforseta sögunnar gefur í raun merkilega sýn á hversu mikill viðburður kosningin var og allur ferill Vigdísar í embætti.

„EF ÉG ætlaði að láta taka mark á mér yrði ég að vera vel búin,“ sagði hún. Einnhvern veginn er ég viss um að Vigdís hefði ekki látið hanka sig í ósamstæðum skóm.

Skrillex kom sérstaklega til Íslands til að hlusta á Diktu

Tónlistarmaðurinn Skrillex kemur fram á Sónarhátíðinni á laugardag. Hann kom síðast til Íslands fyrir átta árum til að hlusta á Diktu. Bandaríkjamaðurinn hyggst verja hér eins miklum tíma og hann kemst upp með.

Bandaríski tónlistarmaðurinn Skrillex er á leið til landsins. Hann er einn af fjölmörgum listamönnum sem koma til með að leika á hátíðinni Sónar Reykjavík sem hefst á morgun.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Skrillex heimsækir landið. Árið 2007 kom hann hingað gagnert í þeim tilgangi að hlusta á hljómsveitina Diktu.

„Dikta, kannstu við þá hljómsveit?“ er svar Skrillex þegar blaðamaður spyr hvort hann hafi heimsótt Ísland áður. Því var að sjálfsögðu játað enda Dikta sæmilega stórt nafn í íslensku tónlistarlífi.

„Ég vann með manni sem var að velja þeim fyrir sér og við fórum að hlusta á þá spila,“ segir Skrillex. „Ég man ágætlega eftir þeim, þeir voru finir.“

Dvöl hans á Íslandi hafi ekki verið löng en hann hafi þó náð að dýfa sér í Bláa lónið. Skrillex lendir hér á landi seint á laugardag og ætlar að verja hér eins miklum tíma og hann getur. „Ég vona að ég nái þremur dögum. Ég ætla aftur í Bláa lónið og heilsa upp á íslenska vini mína.“ Meðal þeirra sem þar eru nefndir til sögunnar eru Björk, Sigtryggur Baldursson og meðlimir Diktu.

Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu, man vel eftir heimsókn Skrillex hingað til lands.

„Já, við fengum skilaboð frá upptökustjóra sem heitir Ross Robinson. Hann var maðurinn á bak við Korn, Limp Bizkit og Slipknot, svo einhverjar hljómsveitir séu nefndar. Hann hafði áhuga á að vinna með okkur og kom hingað til lands gagnert til þess að sjá okkur spila,“ rifjar Haukur upp og bætir við: „Og hann var með aðstoðarmann með sér að nafni Sonny Johnny More, sem kallar sig Skrillex í dag.“

Hann segir þá Skrillex og Ross



HAUKUR HEIÐAR HAUKSSON

Robinson hafa lagt á sig mikið ferðalag til að sjá og hlusta á Diktu. „Þeir ferðu úðust í sjöttu og eitthvað klukkustundir bara til þess að vera með okkur í einhverjar sjö klukkustundir. Þeir komu með okkur í æfingahúsnæðið okkar og við fórum út að borða með þeim,“ útskýrir Haukur.

Hann segir að ekkert hafi orðið af samstarfinu með Ross Robinson því þegar gengi krónunnar hrundi hafi sveitin ekki haft efni á Robinson, þrátt fyrir að hann gæfi þeim ríflegan afslátt. Haukur segir jafnframt að þeir hafi verið í sambandi við og við síðan Skrillex heimsótti strákana í Diktu.



ÍSLANDSVINUR Skrillex ætlar að verja eins miklum tíma á Íslandi og hann kemst upp með.

„Ég vann með manni sem var að velja þeim fyrir sér og við fórum að hlusta á þá spila.“

Skrillex

„Við ætlum að hittast á laugardaginn þegar hann er búinn að spila og ég er búinn að taka þátt í undankeppni Eurovision,“ útskýrir Haukur en hann er kominn í lokakeppni Eurovision með lagið Milljón augnablik.

johannoli@frettabladid.is
kjartanatli@frettabladid.is

visir.is

Nánar er rætt við Skrillex á Vísi.is

Ferill Sonny Moore

- 2008 Byrjar að koma fram undir listamannsnafninu Skrillex
- 2010 EP-platan *Scary Monsters And Nice Sprites* kemur honum á kortið
- 2011 Stofnar sitt eigið útgáufyrirtæki, OWSLA
- 2012 Vinnur þrenn Grammy-verðlaun og hlýtur jafn mörg árið eftir
- 2014 Fyrsta breiðskífan kemur út. EP-plötturnar eru orðnar alls fjórtán.

SAMBÍÓIN



MÓGNÚÐ ÆVINTÝRAMYND MEÐ CHANNING TATUM OG MILA KUNIS Í AÐALHLUTVERKUM

SVAMPUR SVEINSSON SÝND MEÐ ÍSL. OG ENSKU TAL 12D OG 3D

6 ÓSKARSTILNEFNINGAR **AMERICAN SNIPER**

8 ÓSKARSTILNEFNINGAR **THE IMITATION GAME**

SMÁRBIÓ	ALFABAKKA
JUPITER ASCENDING 3D	kl. 6:20 - 8 - 10:40
JUPITER ASCENDING 2D VIP	kl. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 2D	kl. 6:20
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 3D	kl. 5:50
THE SPONGEBOB MOVIE EINS TAL 2D	kl. 5:50 - 8
WILD CARD	kl. 5:50 - 8:30 - 10:40
THE IMITATION GAME	kl. 9
SEARCH PARTY	kl. 10:10
AMERICAN SNIPER	kl. 8 - 10:45
SMÁRBIÓ	EGILSHÖLL
JUPITER ASCENDING 3D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 2D	kl. 5:30
THE SPONGEBOB MOVIE EINS TAL 2D	kl. 6
WILD CARD	kl. 8 - 10:40
THE IMITATION GAME	kl. 8 - 10:30
AMERICAN SNIPER	kl. 5:20 - 8 - 10:10
SMÁRBIÓ	KRINGLUNNI NÚMÉRÚÐ SÆTI
JUPITER ASCENDING 2D	kl. 5:20 - 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 2D	kl. 5:50
THE IMITATION GAME	kl. 6:30 - 8 - 10:30
AMERICAN SNIPER	kl. 9
SMÁRBIÓ	KEFLAVÍK
JUPITER ASCENDING 3D	kl. 8 - 10:40
WILD CARD	kl. 8 - 10:10
SMÁRBIÓ	AKUREYRI
JUPITER ASCENDING 3D	kl. 8 - 10:40
SVAMPUR SVEINSSON ISL TAL 3D	kl. 5:50
THE SPONGEBOB MOVIE EINS TAL 2D	kl. 5:50
THE IMITATION GAME	kl. 8
AMERICAN SNIPER	kl. 10:40


SAMBÍÓIS







SMÁRBIÓ 




SMÁRBIÓ	5%
SEVENTH SON	KL. 8 - 10:20
BIRDMAN	KL. 10:40
BIRDMAN LÚXUS	KL. 8 - 10:40
ÓLI PRIK	KL. 5:45
SVAMPUR SVEINSSON 2D	KL. 3:30 - 5:45 - ISL TAL
SVAMPUR SVEINSSON 3D	KL. 3:30 - ISL TAL
THE WEDDING RINGER	KL. 8
THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R	KL. 4
PADDINGTON ISL TAL 2D	KL. 3:30 - 5:45
TAKEN 3	KL. 10:20

HÁSHÓLA	5%
SEVENTH SON	KL. 8 - 10:20
BIRDMAN	KL. 5:30 - 8 - 10:10
ÓLI PRIK	KL. 5:45 - 8
PADDINGTON ISL TAL	KL. 5:30
ÓMURLEG BRÚDKAUP	KL. 5:30 - 8 - 10:20 ISLTEXTI
TAKEN 3	KL. 10:40

BÍÓ PARADÍS  HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Leviathan	18.00	Ida	20.00
Whiplash	18.00	A most wanted man	22.00
Mr. Turner	18.00, 20.30	Jimmy's hall	22.15

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



CHARLES BRADLEY Sálarsöngvarinn á tónleikum í París. Hann er á leiðinni til Íslands og spilar á Secret Solstice í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

Sálarkempa á Solstice-hátíð

Hinn síngi Charles Bradley á leið til landsins.

Bandaríski sálarsöngvarinn Charles Bradley er einn þeirra listamanna sem koma fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice, sem verður haldin í annað sinn í Laugardalnum í sumar. Á meðal annarra sem koma fram á hátíðinni eru The Wailers Band, Foreign Beggars, Mö og Nightmare on Vax, sem bættust í hópinn á mánudaginn.

Bradley átti erfiða æsku og eftir að hann strauk að heiman bjó hann á götunni. Hann gerðist kokkur og starfaði sem slíkur í ríkinu Maine í tíu ár. Eftir það settist hann að í Kaliforníu og fyrir tæpum tuttugu árum byrjaði hann að koma fram opinberlega sem eftirherma goðsagnarinnar James Brown.

Árið 2011 kom svo út fyrsta sólóplatan hans,



JAMES BROWN

20 ár tæp eru liðin frá því Bradley hóf að koma fram sem eftirherma goðsagnarinnar James Brown.

No Time for Dreaming, en það var ekki fyrr en leikstjórninn Poull Brien ákvað að gera heimildarmynd um ævi Bradley, Soul Of America, að ferill hans náði flugi. Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni SXSW í Texas og vakti mikla athygli. Önnur sólóplata Bradleys, Victim of Love, kom út 2013 og hlaut hún mjög góða dóma víðast hvar. Síðan þá hefur söngvarinn verið duglegur að spila víða um heim og nú er sem sagt röðin komin að Íslandi. Fyrst spilar kappinn þó m.a. á Coac'hella-hátíðinni í Bandaríkjunum í apríl. - fb

Ný bók um heilbrigði

Pamela Anderson gefur lesendum sínum góð ráð.

Pamela Anderson gefur á næstunni út bók sem nefnist Connect and Transform. Þar gefur hún lesendum sínum góð ráð varðandi heilbrigðan lífsstíl.

Baywatch-leikkonan fyrrverandi setti á Facebook-síðu sína tilkynningu um að bókin væri væntanleg, ásamt svart-hvítri mynd af sjálfri sér. Ellöfu ár eru liðin síðan Anderson gaf út bókina Star. Hún fjallaði um leið hennar upp á stjörnuhimininn.

Árið eftir gaf hún út Star Struck, sem fjallaði um líf hennar og fyrrverandi eiginmanns, Tommy Lee, og erfiðleikana sem fylgja stjörnulífverinu.

Hin 47 ára Anderson er núna gift atvinnuþókerspilaranum Rick Salomon og hefur lengi barist fyrir réttindum dýra.



PAMELA ANDERSON Baywatch-leikkonan fyrrverandi er gift Rick Salomon. NORDICPHOTOS/GETTY

Drykkir sem vinna gegn vökvatapi



Resorb™ Sport
Íþróttadrykkur sem bætir upp vökvatap

Íþróttadrykkur með kolvetna- og saltablöndu sem bætir upp vökvatap við líkamlegt álag. Magnesium söltin hjálpa til við að viðhalda eðlilegri vökvastarfsemi og minnka líkur á magnleysi.



Resorb™
Freyðitöflur sem koma jafnvægi á salt- og vökvabirgðir líkamans

Bragðgóður drykkur með fjórum bragðtegundum sem einkum er notaður vegna niðurgangs, uppkasta og annars vökvataps.



Veit á vandaða lausn

Velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900

HJÁLMAÐAGAR

30% afsl.

frá miðvikudegi 11. feb. til
og með laugardegi 14. feb.

Tryggjum öryggi á skíðasvæðum

POC
salomon S
ATOMIC

Íslensku
ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

www.alparnir.is

✓ Góð gæði
✓ Betra verð

Faxafeni 8 // 108 Reykjavík
Sími 534 2727 // www.alparnir.is



Ambiente mósaikflísar ①
30 x 30 cm. Svartar, brúnar eða ljósbrúnar.
Stykkjaverð.....**2.195,-**

Ambiente hvítar veggflísar ②
30 x 60 cm. Hvítar, glansandi eða mattar.
Verð á m².....**3.695,-**
30 x 90 cm,
verð á m².....**4.995,-**

Ambiente gólfhlísar ③
30 x 60 cm. Glerjað postulín, slitþolsstig 5,
frostþolnar. Svartar, brúnar eða ljósbrúnar.
Verð á m².....**4.995,-**

Ambiente gólfhlísar ④
60 x 60 cm.
Verð á m².....**5.495,-**
45 x 90 cm.
Verð á m².....**6.995,-**

Ambiente náttúrusteinn ⑤
10 x 40 cm. Svartur, hvítur eða í
ljósbrúnum tönnum, frostþolinn.
Verð á m².....**14.995,- 7.995,-**

Snowwhite Mosaik Odd ⑥
Fást mattar og glansandi.
Verð á m².....**13.195,-**

Snowwhite Mosaik Moderno ⑦
Fást mattar og glansandi.
Verð á m².....**13.195,-**



Byrjaðu framkvæmdirnar hjá okkur

– við erum reiðubúin að aðstoða þig



Line gólfhlísar
30 x 60 cm. Óglerjað postulín,
frostþolnar og með skriðvörn R10.
Ljósbrúnar eða kolgráar. Verð á m².

2.995,-

3.695,-



House Lux handlaugartæki
Krómað, með PEX-slöngum og
keramikstút. 5 ára ábyrgð gegn leka.

6.995,-

8.395,-



Feel handlaugartæki
Krómað, með lyftitappa. 3/8"
sveigjanlegar slöngur og keramik-
stútur fylgja. 5 ára ábyrgð gegn
leka.

16.995,-

18.990,-



Tenedos sturtuset
Krómað sturtuset með 200
mm sturthaus, handsturtu og
sturtubarka. Blöndunartæki með
hitastilli fylgja.

19.995,-

28.995,-

New Waterfall sturtustangaset
Krómað sturtuset með 22 cm sturthaus
og handsturtu með 5 stillingum. Hægt að
setja upp í fyrirbyggjandi göt. Blöndunartæki
fylgja ekki.

24.995,-

29.995,-



Delos sturtuklefi
90 x 90 x 210 cm. Krómaður með glæru, hertu öryggisglæri.
Hornhilla, segullisti, vatnslás, sturtustangasett með
handsturtu og niðurfall fylgja. Blöndunartæki fylgja ekki.

49.995,-

69.995,-

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 12. febrúar til og með laugardeginum 14. febrúar 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.



STÖÐ 2 KL. 20.05

Á uppleið

Nýr vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur í umsjón Sindra Sindrasonar. Í hverjum þætti kynnumst við íslenskum konum, vel menntuðum, metnaðargörnum og frábærum fyrirmyndum sem lifa drauminn í London.



Í KVÖLD



Grey's Anatomy

STÖÐ 2 KL. 20.30 Ellefta röð þessa vinsæla dramabáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungr og bráðefni-legir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



Hart of Dixie

STÖÐ 3 KL. 19.00 Önnur þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.



Modern Family

GULLSTÖÐIN KL. 19.35 Fjórða þáttaröðin af þessum sprenglæglegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.

BYLGJAN KL. 19.15

Erna Hrönn

Erna Hrönn með góða tónlist á Bylgjunni.



KÖL

KITCHEN • BAR

NÝR SPENNANDI MATSEÐILL

Brot af því besta:

NAUTA TATAKI
Nautatataki, chili, kóriander, kex

TÚNA
Kolaður túnfiskur, bonito-gljai beikon, sítrónugrassmajó, kex

NÆTURSALTADUR ÞORSKHNAKKI
Grillað toppkál, blaðlaukur, quinoa, beurre blanc

HVÍTSÚKKULAÐI OSTAKAKA
Ástaraldin, bakað hvítt súkkulaði, kókosís

Borðarantánir í síma 517 7474
eða info@kolrestaurant.is

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 The Wonder Years
- 08.30 I Hate My Teenage Daughter
- 08.55 Mindy Project
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Spurningabomban
- 10.25 Doctors
- 11.05 Touch
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Dallas
- 13.50 Fairly Legal
- 14.45 Veistu hver ég var?
- 15.30 Victorious
- 15.55 Grallararnir
- 16.20 Raising Hope
- 16.45 The Goldbergs
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag.
- 19.06 Víkingalottó
- 19.11 Veður
- 19.20 Anger Management
- 19.40 The Middle Fjórða röðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttafólksins.
- 20.05 Á uppleið
- 20.30 Grey's Anatomy
- 21.15 Togetherness
- 21.45 Forever
- 22.30 Bones
- 23.15 Getting On
- 23.45 The Mentalist
- 00.30 The Blacklist
- 01.15 Major Crimes
- 02.00 Dylan Dog
- 03.45 Thunderstruck
- 05.15 Togetherness
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 11.10 Atletico Madrid - Real Madrid
- 12.50 Spænsku mörkin
- 13.20 Bolton - Liverpool
- 15.00 Athletic Bilbao - Barcelona
- 16.40 Haukar - Stjarnan
- 18.10 Brooklyn
- 19.10 Melsungen - Kiel BEINT
- 20.40 Fjórangur
- 00.05 Melsungen - Kiel

SPORT 2

- 07.25 Premier League Review
- 08.20 Liverpool - Tottenham
- 10.00 Hull - Aston Villa
- 11.40 Sunderland - QPR
- 13.20 Messan
- 14.35 West Ham - Man. Utd.
- 16.15 Tottenham - Arsenal
- 17.55 Liverpool - Tottenham
- 19.35 Chelsea - Everton BEINT
- 21.50 Man. Utd. - Burnley
- 23.30 Southampton - West Ham

INN

- 20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölvur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi 21.30 Frá Haga í maga

STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Hot in Cleveland
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
- 20.35 Baby Daddy
- 21.00 Flash
- 21.45 Arrow
- 22.25 Sleepy Hollow
- 23.10 Supernatural
- 23.50 Hart of Dixie
- 00.35 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
- 01.25 Baby Daddy
- 01.45 Flash
- 02.30 Arrow
- 03.10 Sleepy Hollow
- 03.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveinsson 07.45 Hvellur keppnisbill 07.55 UKI
- 08.00 Ofurhundurinn Krypto 08.22 Lína lang-sokkur 08.47 Ævintýraferðin 09.00 Strumparnir
- 09.25 Ljótí andarunginn og ég 09.47 Tommi og Jenni 09.53 Mamma Mu 10.00 Könnuðurinn Dóra 10.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 10.45 Doddi litli og Eyrnastór 10.55 Rasmus Klumpur og félagar 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveinsson 11.45 Hvellur keppnisbill 11.55 UKI
- 12.00 Ofurhundurinn Krypto 12.22 Lína lang-sokkur 12.47 Ævintýraferðin 13.00 Strumparnir 13.25 Ljótí andarunginn og ég 13.47 Tommi og Jenni 13.53 Mamma Mu 14.00 Könnuðurinn Dóra 14.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 14.45 Doddi litli og Eyrnastór 14.55 Rasmus Klumpur og félagar 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveinsson 15.45 Hvellur keppnisbill 15.55 UKI
- 16.00 Ofurhundurinn Krypto 16.22 Lína lang-sokkur 16.47 Ævintýraferðin 17.00 Strumparnir 17.25 Ljótí andarunginn og ég 17.47 Tommi og Jenni 17.53 Mamma Mu 18.00 Könnuðurinn Dóra 18.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 18.45 Doddi litli og Eyrnastór 18.55 Rasmus Klumpur og félagar 19.00 Algjör Sveppi og töfraskápurinn 20.30 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.45 Friends
- 19.10 New Girl
- 19.35 Modern Family
- 19.55 Two and a Half Men
- 20.20 Heimsókn
- 20.40 Sælkeráferðin
- 21.00 The Following
- 21.45 Cold Case
- 22.30 Chuck
- 23.15 Ally McBeal
- 23.55 Vice
- 00.25 Heimsókn
- 00.45 Sælkeráferðin
- 01.05 The Following
- 01.45 Cold Case
- 02.30 Chuck
- 03.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

BÍÓSTÖÐIN

- 11.00 Story of Us
- 12.35 Pitch Perfect
- 12.50 Wall Street
- 16.30 Story of Us
- 18.05 Pitch Perfect
- 19.55 Wall Street
- 22.00 Runner, Runner
- 23.35 Conviction
- 01.25 Zero Dark Thirty
- 04.00 Runner, Runner

RÚV

- 16.30 Mánudagsmorgnar
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Gló magnaða
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Finnir kostur
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Ekki gera þetta heima Norsk fræðsluþáttaröð um hressandi tilraunir. Peir Rune Nilson og Per Olav Alvestad láta sér detta ýmislegt misgáfulegt í hug og hrinda því yfirleitt í framkvæmd.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Söngvakeppnin 2015 – lögin í úrslitum
- 20.05 Gettu betur Kvinnó og MR keppa í átta liða úrslitum spurningakeppni framhaldsskólanna sem einkennist af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra sem að koma.
- 21.15 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Á spretti
- 22.40 Umbótamenn: Manngæska og kapitalismi
- 23.35 Scott og Bailey
- 00.20 Kastljós
- 00.40 Fréttir
- 00.55 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.10 Cheers
- 14.35 Jane the Virgin
- 15.15 Parenthood
- 15.55 Minute to Win It
- 16.40 The Biggest Loser - Ísland
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 The Millers
- 20.10 Svali & Svavar
- 20.45 Benched
- 21.05 Madam Secretary Téa Leoni leikur Elizabeth McCord, fyrrum starfsmann leynilöggreglunnar og háskólaprófessor, sem verður óvænt og fyrirvaralaust skipuð utanríkisráðherra Bandaríkjanna.
- 21.50 Blue Bloods
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 Scandal
- 00.00 How to Get Away with Murder
- 00.45 Madam Secretary
- 01.30 Blue Bloods
- 02.15 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 Golfing World 2015
- 08.50 Inside the PGA Tour 2015
- 09.15 PGA Tour 2015
- 14.15 Golfing World 2015
- 15.05 PGA Tour 2015 - Highlights
- 16.00 PGA Tour 2015
- 18.00 Golfing World 2015
- 18.50 PGA Tour 2015

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

FM 90,1

- Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

FM 95,7

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7

- X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5

- K100
- FM 102,9 Lindin

BRUNALIÐIÐ Á LEIÐinni í ELDBORG

OFURGRÚPPA ÍSLANDS SNÝR AFTUR 18. APRÍL

19:30 – UPPSELT

22:30 – AUKATÓNLEIKAR KOMNIR Í SÖLU

MÍÐASALA Á HARPA.IS OG MIDI.IS

Það er sannarlega stórviðburður þegar sjálft Brunaliðið kemur saman aftur eftir 35 ára hlé. Það er við hæfi að Maggi Kjartans, Diddú, Pálmi, Maggi Eiríks, Laddi og öll hin rísi úr öskunni í Eldborg og kveiki ærlega í mannskapnum. Ég er á leiðinni, Einskonar ást, Sandalar og allir hinir smellirnir fá að óma. Tryggðu þér miða strax. Það er ÚTKALL!



HARPA

DÆGURFLUGAN

MORGUNMATURINN



Á mínu heimili köllum við það töfradrykk en það er í rauninni sama og „boozt“. Það eru bara svona alls konar ávextir sem eru til í ísskápnum með jógúrti eða skyri.

Gróa Ólöf Þorgeirsdóttir húsgagnahönnuður

Tíska, tattú og tónlist

Nýrri herratískusíðu stýrt af sex ungum mönnum.

Alex Michael Green er einn af stofnendum tískuvefsíðunnar Herranet.is sem fór í loftið í gær. Síðan sker sig úr öðrum tískusíðum, því henni er stýrt af ungum mönnum og eru efnistökin herratíska.

„Ég hef mikinn áhuga á tísku og var alltaf að bíða eftir að einhver hérna heima myndi stofna svona síðu fyrir stráka. Ég fór svo að læra grafíska hönnun í Tækniskólanum og hugsaði þá með mér af hverju í ósköpunum ég gerði þetta ekki bara sjálfur,“ segir Alex.

Hann safnaði saman sex öðrum sem deila sama áhugasviði og hann, en með honum eru þeir Sindri Már Hannesson, Daniel Arnar Finnsson, Ísak Maximillían Eiríksson, Snorri Magnússon, Stefán Már Högnason og Einar Logi Þorvaldsson. „Hver og einn okkar hefur sitt eigið blogg og höfum við allir okkar sérstöðu og stíl, hvort sem það er tattú, tíska, eða tónlist, það er skemmtilegt hvað við erum ólíkir,“ útskýrir Alex.



TÖFF Í TAUINU Strákarnir ætla sér stóra hluti með bloggíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Yfirfylla lagerinn af kynlífshjálpartækjum

Erótískar verslanir eru í viðbragðsstöðu vegna frumsýningar 50 Shades of Grey. Fólk fer í byggingavöru- og gæludýraverslanir til að kaupa í kynlífstækjasafnið.

Mikill viðbúnaður er í kynlífsverslunum hérlendis í ljósi þess að kvikmyndin Fifty Shades of Gray verður frumsýnd á föstudag.

Stefán Lúðvíksson, annar eigandi erótísku verslunarinnar Amors í Kópavogi, hefur vaðið fyrir neðan sig og er vel útilátin sending væntanleg, því Stefán reiknar með mikilli aðsókn í hjálpartækini eftir að myndin verður frumsýnd.

Mikið ris hefur orðið í verslun á BDSM-tengdum vörum í verslun Stefáns sem hann telur eiga rætur sínar að rekja til bókkanna sem myndin er byggð á.

„Við sjáum allavega helmingi meiri aðsókn í þess konar leikföng eftir að bækurnar komu til skjalanna og erum vel búin undir frumsýninguna í næstu viku,“ segir Stefán.

Ljóst er að fólk hugsar út fyrir rammann en Magnús Hákonarson, formaður BDSM á Íslandi, bendir á að fólk sækir í auknum mæli í byggingavöruverslanir á borð við Bauhaus og BYKO eftir hjálpartækjum innblásnum af bókinni. Ber þá helst að nefna reipi, teip, dragbönd og fleira í þeim dúr.

„Bauhaus hefur til dæmis verið vinsæll áfangastaður þeirra sem vilja bæta í safnið. Það er einfaldlega mun ódýrara en að versla í erótískum verslunum. Þú færð oft ódýrari og endingarbetri vöru þar.“

Magnús bætir við að gæludýraverslanir fái einnig sinn skerf af viðskiptavinum í kjölfar aukinnar upplýsingar um BDSM, þar sem bestu hundaólarnar megi oftast en ekki nálgast þar og á hagstæðu verði. Hvorki starfsmenn Bauhaus né BYKO könnuðust við að hafa heyrt um að verið væri að versla við þá með BDSM sérstaklega í huga, en töldu það svo sem ekki ólíklegt.

Breski byggingavöruverslunarinn B&Q hefur til að mynda gert kröfu til starfsfólks síns um að það lesi bækurnar. Þá sé það mjög vel undir það búð að aðstoða fólk við val á reipum og teipi.



Í VIÐBRAGÐSSTÖÐU Stefán Lúðvíksson, eigandi Amors, segir að sala á kynlífshjálpartækjum hafi aukist um helming eftir að bækurnar um Grey og Anastasiu komu út.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Bauhaus hefur til dæmis verið vinsæll áfangastaður þeirra sem vilja bæta í safnið. Það er einfaldlega mun ódýrara en að versla í erótískum verslunum. Þú færð oft ódýrari og endingarbetri vöru þar.“

Skrifstofuhúsnæði til leigu



Suðurlandsbraut 4

108 Reykjavík

Einstaklega vel staðsett skrifstofuhúsnæði nálægt helstu stofnleiðum. Öll helsta þjónusta í göngufæri. Frábært útsýni yfir höfuðborgarsvæðið, Esjuna og Viðey.

Um er að ræða rými frá um 200 m² á efstu hæðum hússins.



Hlíðarsmári 1

201 Kópavogur

Einstaklega glæsilegt og vel búið 384 m² rými á fjórðu hæð til leigu á frábærum stað í Kópavoginum. Fjöldi bílastæða er við húsið og aðkoma góð. Flottar skrifstofur og fundarherbergi ásamt góðri kaffi- og mataraðstöðu.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

sími: 512 8900



reginn@reginn.is

Júlí Heiðar snýr sér að leiklist

Tónlistarmaðurinn Júlí Heiðar Halldórsson fer með hlutverk í Webcam.

„Þetta er önnur myndin sem ég leik í í fullri lengd, en hún kemur út næsta haust,“ segir Júlí Heiðar Halldórsson tónlistarmaður, sem fer með hlutverk í íslensku kvikmyndinni Webcam. Hann hefur nú snúið sér næstum alfarið að leiklistinni og var einn af átta sem hlutu inngöngu í leiklistardeild Listaháskóla Íslands.

Hann segir að það hafi alltaf verið draumurinn að snúa sér að leiklistinni. „Ég held að það hafi byrjað þegar ég fékk að leika í Syngjandi í rigningunni í Þjóðleikhúsinu þegar ég var 11 eða 12 ára. Þá bjó ég í Þorlákshöfn og það var nú ekki mikið um leikhús þar. Svo

fékk ég tækifæri til að vera með í Mary Poppins í Borgarleikhúsinu og þá varð ekki aftur snúið,“ segir hann.

Í Webcam, sem fjallar um unga stúlku sem fer að háttá sig fyrir framan vefmyndavél, fer Júlí með hlutverk kærasta hennar, Breka. „Þetta var mjög skemmtilegt hlutverk, mjög sérstakur en skemmtilegur karakter,“ segir hann. Í haust hefur hann svo nám í leiklist í LHÍ en hann komst inn ásamt kærastunni sinni. „Ég hlakka bara mikið til og get ekki beðið eftir að byrja. Þetta verður skemmtileg lífsreynsla sem ég held að eigi bara eftir að styrkja sambandið.“



SNÝR BAKI VIÐ SÖNGNUM Júlí Heiðar ætlar sér stóra hluti í leiklistinni.



Beltone **First**[™]



Ókeypis
heyrnarmæling
síðan 2004

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First**[™] heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**.
Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



FRÉTTIR AF FÓLKI

Samningur við ASOS

Skartgripamerkið Eyland Jewellery sem hönnuðurinn **Katrín Alda Rafnsdóttir** á og rekur í samstarfi við breska vinkonu hennar, hefur gert samning við tískuvefsíðuna ASOS um sölu á nýjustu skartgripalínu þeirra. „Þetta er fyrsta sumarlinan okkar svo við poppuðum litina vel upp og bættum við perlum,“ segir Katrín. Hún bætir við að það hafi alltaf verið takmarkið að komast með Eyland á ASOS áður en fyrirtækið varð eins árs. „Það gerðist gleðilega,“ segir Katrín. Eyland verður hægt að fá á ASOS í apríl en þær selja skartið einnig beint á vefsíðu fyrirtækisins eyland-jewellery.com. -fbj



Rihanna í merki Sólveigar Kára

Söngkonan Rihanna klæddist dökkbláum samfestingi úr vor- og sumarlinu breska tískumerkisins Galvan þegar hún fór í eftirpartí eftir Grammy-verðlaunahátíðina sem fram fór í Los Angeles síðastliðinn sunnudag.

Listrænn stjórnandi og einn af fjórum stofnendum Galvan er hin íslenska **Sólveig Káradóttir** en merkið var stofnað vorið 2014. Það þykir mikil kynning fyrir tískumerki þegar stjórnur af stærðargráðu

Rihönnu klæðast hönnun þeirra á rauða dreglinum en ekki er langt síðan leikkonan

Gwyneth Paltrow klæddist öðrum samfestingi frá merkinu í sjónvarpsviðtali á Bravo TV.

- gló



Mest lesið

- 1 Útskriftarferð MR-inga óvenju dýr
- 2 Aldraðir með heilabilun: Búndnir í stóla og gefið róandi vegna manneklu
- 3 Ók yfir heiðina með mat fyrir krakkana
- 4 Tillaga um ESB-slit á leiðinni
- 5 Ráðherra fékk sting í hjartað vegna aðstæðna aldraðra
- 6 Telur sig ekki þurfa að víkja fyrir konu

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

MÁ BJÓÐA ÞÉR...

AMERÍKU Á WOW VERÐI?

BOSTON frá
18.999 kr.

Tímabil: mars - maí 2015

WASHINGTON, D.C. frá
18.999 kr.

Tímabil: maí 2015

LÆGSTA HÓTELVERÐIÐ

186 gistirými í Boston

191 gistirými í Washington D.C.

BÓKAÐU ALLT Á WOWAIR.IS

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bóku- og töskugjald ekki innifalið.

WOW
air